KATRÍN ÓLÍNA PÉTURSDÓTTIR

Komst yfir rómantíska og sportlega slá í París

• tíska • heilsa • heimili

ALLT Í MIÐJU HEIMILISINS

RIFF ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ

Kung Fu, tónlist og kornungir gamlingjar

Sérblað um kvikmyndahátíðina RIFF

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VÍSINDAVAKA 2008

Tækni og vísindi færð nær almenningi

Sérblað um Vísindavöku 2008

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. september 2008 — 261. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Á forsíðu Time

Hin 13 ára Bryndís Gústafsson sat fyrir í fréttaritinu Time.

FÓLK 40

Styrkir munaðarleysingja

Sigurður Högni Pétursson sýnir í Galleríi Sævars Karls. Hluti af andvirði hverrar seldrar myndar rennur í sjóð SPES barnahjálpar.

TÍMAMÓT 28

Skrifar aðra ævisögu

Bryndís Schram skrifar bók um árin eftir fimmtugt.

FÓLK 50

Tittlingaskítur

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir umkvörtunarefni Grétars Rafns tittlingaskít.

ÍÞRÓTTIR 45

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULÍTIÐ Í dag verða suðvestan 5-10 m/s vestan til, annars hægari. Þurrt að mestu austan til og víða bjartviðri en stöku skúrir vestanlands. Hiti á bilinu 6-12 stig.

VEÐUR 4

BORÐLAMPAR

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Sakar ráðherra um einelti

Staðgengill lögreglustjórans á Suðurnesjum segir óviðunandi að horfa upp á embættið og lögreglustjórann verða fyrir stöðugu einelti af hálfu dómsmálaráðherra. Þrír lykilmenn embættisins sögðu upp í gær.

LÖGGÆSLUMÁL „Það er óviðunandi að horfa upp á embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og lögreglustjórann persónulega verða fyrir stöðugu einelti af hálfu dómsmálaráðherra og helstu ráðgjafa hans. Í því einelti hefur málefnalegum forsendum og faglegum vinnubrögðum verið kastað fyrir róða."

Þetta sagði Eyjólfur Kristjánsson, staðgengill lögreglustjórans á Suðurnesjum, við Fréttablaðið í gærkvöld, spurður um ástæður þess að hann hefur sagt starfi sínu lausu frá og með næstu mánaðamótum. Eyjólfur fylgir þar Jóhanni R. Benediktssyni lögreglustjóra sem hættir störfum 1. október. Auk þeirra tveggja hætta tveir lykilmenn embættisins á sama tíma.

Eyjólfur kveðst hafa sagt upp starfi sínu með þungum hug eftir rúmlega sex ára starfstíma. Það hafi verið forréttindi að fá að njóta leiðsagnar Jóhanns og taka þátt í því öfluga og giftusamlega starfi sem hjá embættinu hafi verið unnið.

„Sú ánægja af því að fá að taka þátt í því mikla uppbyggingarstarfi sem unnið hefur verið hjá embættinu síðastliðinn áratug er nú að engu orðin þar sem skelfilegt hefur verið að fylgjast með hvernig það hefur verið skaðað alvarlega með ótrúlegum aðgerðum okkar eigin fagráðherra og ráðgjafa hans," útskýrir Eyjólfur. Hann segir þær aðgerðir hafa „einkennst af rangfærslum og ófaglegum vinnubrögðum sem ekki eiga að ráða í framkvæmd alvöru stjórnsýslu".

„Sú óvissa sem ríkt hefur um embættið undanfarin misseri og stöðugt neikvætt áreiti er ekki sá starfsvettvangur og það umhverfi sem hið opinbera á að búa starfsmönnum sínum," segir Eyjólfur. Hann segir það von sína að málefni embættisins og löggæslunnar allrar í landinu fái þá athygli sem hún þarfnast.

„Ég á þá ósk að ótímabært brotthvarf Jóhanns úr starfi verði til þess að opna augu heilindamanna í valdastólum fyrir því að brotthvarf annarra leikenda í þessum farsa sé orðið löngu tímabært. Verði það raunin eykst trú mín á að úr vanda embættisins og löggæslunnar í landinu rætist fyrr en síðar."

„Þetta er ekki gott fyrir lögregluna, það er ljóst," er það eina sem Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, vill láta hafa eftir sér um málið.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kveðst hafa fært skýr efnisleg rök fyrir þeirri ákvörðun sinni að auglýsa lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum. „Að lögreglustjóri bregðist við á þann veg, sem fyrir liggur, kom mér á óvart," segir dómsmálaráðherra.

- jss / Sjá síðu 10 og 11

FÉLAGARNIR KVADDIR „Mér líður svolítið undarlega. Eins og presti að bíða eftir sóknarbörnunum," sagði Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, við ljósmyndara Fréttablaðsins í gær. Jóhann hélt fund með samstarfsfólki sínu í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju þar sem hann tilkynnti að hann hygðist láta af störfum frá og með 1. október. FRÉTTAABLAÐIÐ/VALLI

Rás 2 blæs til sóknar:

Bubbi í útvarp

FJÖLMIÐLAR Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens fetar enn nýjar brautir og hefur brátt feril sinn sem útvarpsmaður. Nýr þáttur hans, Færibandið, er í burðarliðnum og verður á dagskrá Rásar 2 á mánudagskvöldum milli klukkan 20.00 og 22.00. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri á RÚV, segir þetta mikinn feng fyrir Rás 2 enda hafi Bubbi svo miklu að miðla. Vissulega séu konungar dýrir, svarar hún spurningu um hvort ekki sé dýrt að fá Bubba til liðs við Rás 2, en Sigrún telur hann hverrar krónu virði. Meðal þess sem Bubbi hyggst taka fyrir eru eineltismál, fíkniefni og tölvumisnotkun auk þess sem opnað verður fyrir símann og hlustendur ræða við Bubba.

BUBBI MORTHENS

- jbg / Sjá síðu 50

Hafskipsmenn standa að baki tveggja bóka um Hafskipsmálið:

Önnur bók um Hafskipsmálið

DÓMSMÁL Ný bók um Hafskipsmálið kemur út upp úr næstu mánaðamótum. Höfundurinn er Björn Jón Bragason sagnfræðingur. Heimildir Fréttablaðsins herma að Hafskipsmenn standi bak við útgáfu bókarinnar.

Í síðustu viku kom út hjá JPV bókin Afdrif Hafskips – Í boði hins opinbera, eftir Stefán Gunnar Sveinsson sagnfræðing. Hafskipsmenn, með Björgólf Guðmundsson í broddi fylkingar, stóðu fyrir útgáfu þeirrar bókar. Munu sömu menn einnig hafa veitt Birni Jóni fjárhagslegan stuðning vegna útgáfu og vinnslu nýju bókarinnar sem hann gefur út á eigin vegum. Þá mun Gunnar Steinn Pálsson, einn þekktasti almannatengslaráðgjafi landsins, hafa verið ráðinn til að annast kynningu bókarinnar, en hann gegndi sama hlutverki við útgáfu bókar Stefáns.



HAFSKIPSMENN Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson standa að baki nýrrar bókar um Hafskipsmálið sem mun beina sjónum að aðdraganda málsins.

Heimildir herma að höfundur dragi fram í bókinni nýjar upplýsingar um bakgrunn og uppruna Hafskipsmálsins.

Björn Jón Bragason skrifaði MA-ritgerð í sagnfræði um Hafskipsmálið árið 2006. Hann hefur einnig ritað greinar um aðdraganda og pólitískar afleiðingar málsins í tímaritið Þjóðmál. Hann nemur nú lögfræði við Háskóla Íslands og hefur skilað BA-ritgerð í faginu um rannsóknarnefnd Jóns Þorsteinssonar sem fjallaði um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans.

Björn Jón staðfestir að hann hafi unnið að gerð bókarinnar í rúmlega tvö ár. Hvorki hann né Gunnar Steinn Pálsson vildu tjá sig um útgáfu bókarinnar að öðru leyti.

- kg

MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

SPURNING DAGSINS



Diddú, ert þú nýja Rússagrýlan?

„Ég ætla rétt að vona ekki. Ég vona að ég boði fagnaðarerindi frá Rússlandi.“

Söngkonan Diddú er nýkomin heim frá Rússlandi þar sem hún hljóðritaði efni fyrir væntanlega hljómplötu og söng á tónleikum. Hún segist hafa tekið ástfóstri við land og þjóð.

Innlend sem erlend fyrirtæki sýna Hitaveitu Suðurnesja áhuga:

Orkuveitan selur í Hitaveitunni

ORKA „Við megum ekki eiga nema tíu prósent í framleiðslunni en eigum 16 prósent. Við verðum því að selja sex prósent í það minnsta, og kannski viljum við losa okkur við meira,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR).

Fyrirtækið á ríflega 16 prósent í Hitaveitu Suðurnesja (HS) og var búið að semja við Hafnarfjarðarbæ um kaup á fjórtán prósentum til viðbótar. Samkeppniseftirlitið hefur svo úrskurðað að OR megi ekki eiga nema tíu prósent í HS. Hafnarfjörður og OR deila nú um hvernig þessu verði háttað.

HJÖRLEIFUR B. KVARAN Forstjóri Orkuveitunnar segir fyrirtækið ætla að selja í það minnsta sex prósent í Hitaveitu Suðurnesja

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu vilja Geysir Green Energy og Reykjanesbær kaupa hlut OR í HS. Einnig mun Norðurál-Century Aluminium hafa sóst eftir hlutnum en Hjörleifur vill ekki tjá sig um það.

„Ég get ekki neitað því að fleiri aðilar hafa verið að fylgjast með málinu,“ segir hann. Þau fyrirtæki séu innlend sem erlend. Þeirra á meðal séu erlendir fjárfestingarsjóðir.

Hjörleifur segir þetta þó ekki skýrast fyrr en búið verði að skipta HS upp eftir nýjum lögum.

„En ein hugmyndin er sú að auglýsa þetta einfaldlega til sölu og óska eftir tilboðum og sjá hvað gerist,“ segir Hjörleifur.

- kóþ

Auðkýfingur sér tækifæri:

Buffett kaupir í Goldman Sachs

VIÐSKIPTI Fjárfestingarfélagið Berkshire Hathaway, sem bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett hefur stýrt í rúm fjörutíu ár, flaggaði í fyrradag hlut í bandaríska bankanum Goldman Sachs. Kaupverð nam fimm milljörðum dala, jafnvirði 480 milljarða íslenskra króna.

Kunnugt er að Buffett opnar ekki veskið nema hann komi auga á fyrirtæki sem hafa lækkað í verði.

Bankinn, sem fékk viðskiptabankaleyfi á sunnudag, hefur auk þess selt ný hlutabréf fyrir fimm milljarða til viðbótar í almennu útboði.

- jab

Starfsmenn Sævars Karls:

Moka út dýrum hátískufatnaði

FÓLK „Það er engin kreppa hér. Því dýrari sem fötin eru því hraðar seljast þau. Við lifum því góðu lífi,“ segir Axel Gómez, einn eigenda Sævars Karls, sem hefur ekki undan að selja Íslendingum dýran merkjafatnað.

AXEL GÓMEZ

Sérsaumuð föt frá Armani eru meðal þess sem selst vel í versluninni, en þau kosta frá 150.000 krónum og upp úr. „Hafi menn prófað þetta vilja þeir ekki annað, enda passa fötin fullkomlega, burtséð frá vaxtarlagi,“ segir Axel, sem telur að kreppan aftri mönnum ekki frá því að kaupa hágæða fatnað.

- tlg/sjá Allt í miðju blaðsins

Reykjavík segi sem minnst um Kópavog

Bæjarstjóri Kópavogs segir Reykjavíkurborg ekki vana að biðja um leyfi fyrir sínum framkvæmdum og að borgarfulltrúar ættu að „anda djúpt“ áður en þeir gagnrýni Kársnesslandfyllinguna. Fulltrúarnir hafa „verulegar áhyggjur“.

SKIPULAGSMÁL „Ég held að þeir ættu að segja sem minnst um þetta. Þeir eru ekki einir í heiminum,“ segir Gunnar I. Birgisson um gagnrýni umhverfis- og skipulagsyfirvalda í Reykjavík vegna framkvæmda við landfyllingu í Kársnesi.

Kópavogsbær hefur kynnt tillögu um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, í því skyni að stækka Kársnesið töluvert með landfyllingu.



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

GUNNAR INGI BIRGISSON

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur ítrekað „verulegar áhyggjur“ af umhverfisáhrifum landfyllingarinnar og harmar að framkvæmdir séu hafnar „þó að lögformlegt ferli sé vart hafið“.

Í bréfi frá skipulagssviði Reykjavíkur til skipulags- og umhverfissviðs Kópavogsbæjar segir jafnframt að það sé „ekki ásættanlegt að eitt sveitarfélaganna við Skerfjafjörð fari með landfyllingu svo langt í sjó fram, nánast að sveitarfélagamörkum sínum“.

Er og vísað til þess að ríkið hafi þá stefnu að vernda Skerjafjörðinn, en strandlína höfuðborgarsvæðisins, frá Seltjarnarnesi og suður fyrir Álftanes, er á náttúruverndaráætlun.



FYRIRHUGUÐ LANDFYLLING Fjaran og grunnsævið er á náttúruverndaráætlun Umhverfisstofnunar, að tillögu stofnunarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs, segir að neikvæð umsögn borgarinnar sé nú í höndum skipulagsráðs en endurspegli vel þverpólitískar skoðanir umhverfisráðsins. Hún vill ekki tjá sig hvað verði úr ef yfirvöld í Kópavogi koma ekki til móts við sjónarmið borgarinnar.

Gunnar rifjar upp framkvæmdir Reykjavíkur við Örfirisey og í Sundahöfn. „Þar fór borgin fram án þess að spyrja kóng né prest og menn ætlu því að anda djúpt og vinna að þessu verkefni saman,“ segir hann. Kópavogur vilji framkvæma í sátt við alla.

Yfirstandandi fyllingar séu unnar eftir skipulagssamþykktum frá árinu 2000. Frekari framkvæmdum fylgi svo umhverfismat.

klemens@frettabladid.is

Utanríkisráðherra í New York:

Ingibjörg með góðkynja æxli

STJÓRNMÁL Góðkynja æxli hefur fundist í höfði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Kom það í ljós við rannsókn á sjúkrahúsi í New York, en Ingibjörg er þar stödd á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hún fundaði með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, í gærkvöldi.

INGIBJÖRG SÓLRÚN

Ingibjörg fékk aðsvif í pallborðsumræðum á allsherjarþinginu á mánudag og var í kjölfarið flutt í skoðun á sjúkrahús. Búist er við að hún fljúgi til Íslands á föstudag og undirgangist þá meðferð við meinum sínum. Ekki er gert ráð fyrir langri fjarveru ráðherrans frá störfum.

Á tvíhliða fundi með utanríkisráðherra Rússa í gærkvöldi var ætlunin að ræða samskipti ríkjanna tveggja og almenn heimsmál.

- kg

Gjaldeyrisskiptasamningar:

Ísland ekki með

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands er ekki aðili að 40 milljarða dala gjaldeyrisskiptasamningi sem seðlabankar Norðurlandanna og Ástralíu hafa gert við Seðlabanka Bandaríkjanna. Samningurinn er liður í aðgerðum Seðlabanka Bandaríkjanna til að styrkja fjármálakerfi heimsins og létta á lausafjárkreppu þeirri sem nú ógnar mörgum bankastofnunum.

Seðlabanki Íslands tjáir sig ekki um þennan samning, en forstöðumenn greiningardeilda bankanna segja að það væri mjög jákvætt ef Íslendingar næðu sambærilegum samningi.

- msh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ökumaður undir áhrifum

Lögreglan í Borgarnesi hafði í gær afskipti af ökumanni sem er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Meintur ofbeldisfaðir:

Málið brátt til ákæruvaldsins

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á máli karlmanns sem grunaður er um að hafa beitt þrjú börn sín harðvítugu ofbeldi er á lokastigi. Niðurstöður verða sendar ákæruvaldinu síðar í þessari viku.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, á dreng og tvær stúlkur á aldrinum átta til fjórtán ára. Börnin bjuggu hjá föður sínum.

Málið kom inn á borð rannsóknardeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins frá barnaverndarnefnd í sveitarfélaginu þar sem brotin komust upp.

- jss

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Flugfrakt
Sækjum og sendum – hratt og örugglega á hagstæðu verði.
Til/frá Reykjavík
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag
Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

Lögregla og fjölmiðlar í Dóminíska lýðveldinu um morðið á Hrafnhildi:

Hugsanlega ástríðumorð

LÖGREGLUMÁL „Það hafa nokkrir verið yfirheyrðir en eins og er erum við með þrjá í haldi,“ segir Cristian Ferreira, yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Puerto Plata í Dóminíska lýðveldinu. Hann fer með rannsókn morðsins á Hrafnhildi Lilju Georgsdóttur.

Í veffréttamiðlinum Listín Diario segir að lögreglan telji að um ástríðuglæp sé að ræða og í fyrradag hafði veffréttamiðillinn El Nacional það eftir lögreglunni að miklar líkur væru á því að það væri tilfellið.

Cristian Ferreira segist ekki vilja tjá sig um það. „Niðurstöður krufningar liggja ekki fyrir og þangað til getum við ekkert sagt um dánarorsök,“ segir hann.

„Hins vegar vil ég að Íslendingar viti að við vinnum að rannsókn málsins af fullum þunga og viljum leysa það. Bæði til þess að réttvísin hafi sinn framgang og svo til að stuðla að frekara öryggi.“

Hrafnhildur var stungin í brjóst, hendi og öxl auk þess sem hún hafði fengið höfuðáverka og önnur sár. Hún fannst látin á mánudaginn var á hótelinu þar sem hún dvaldi og starfaði í Þorpinu Cabarete.

- jse

HRAFNHILDUR LILJA GEORGSDÓTTIR Þrír eru í haldi vegna morðsins en haft hefur verið eftir lögreglu að hugsanlega sé um ástríðumorð að ræða.

Haust-markaður

Síðustu dagar
ALLT Á AÐ SELJAST!

Mesta úrvalið í:
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Reykjanesbæ, Egilsstöðum og Akureyri

55% AFSLÁTTUR

6.999 ~~15.595~~

Toppa- og lyklasett
Cosmos, 58 stk, málm taska
5052475

70% AFSLÁTTUR **AF VÖLDUM** BÚSÁHÖLDUM

Takmarkað magn
ekki sama úrval í öllum búðum

70% AFSLÁTTUR **AF VÖLDUM** LJÓSUM

1.200

Blómakassi
40 x 40 sm
604024

17.999 ~~27.639~~

Borhamar
Worx, SDS WU330.2, 710W, 2,7 Joule, borar og meitlar, venjuleg patróna fylgir, taska
5244827

Á meðan birgðir endast

50% AFSLÁTTUR **AF ÖLLUM** SUMAR-HÚSGÖGNUM

STÓRLÆKKAÐ VERÐ **Á ÖLLUM SKJÓLVEGGJUM**

3.900

Skjólveggur
Skandik, 180 X 110/90 SM
603175

Góð tilboð í timbursölum Húsasmiðjunnar um land allt

Vermireitur
140 x 70 sm
604205

4.500

Upphækkun
604206

1.900

12% AFSLÁTTUR AF HYDROPOOL **POTTUM**

HYDROPOOL
HOT TUBS · SWIM-IN-PLACE POOLS
Recognized for Quality Worldwide

Rafkynntir nuddpottar
með framúrskarandi hreinsikerfi

22.999 ~~29.955~~

Hleðslusett
Power Workshop, 18V, margir möguleikar, borvél, standborvél, hjólsög, borðsög, stingsög, tifsög, ljós o.fl.
5245016

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 24.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	95,06	95,52
Sterlingspund	176,50	177,36
Evra	139,32	140,10
Dönsk króna	18,673	18,783
Norsk króna	16,93	17,03
Sænsk króna	14,443	14,527
Japanskt jen	0,8958	0,9010
SDR	149,56	150,46

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 182,15

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórn kjördæmafélags Frjálslyndra í Reykjavík norður vill Sigurjón sem formann:

Sigurjóni att gegn formanninum

STJÓRNMÁL Stjórn kjördæmafélags Frjálslynda flokksins í Reykjavík-urkjördæmi norður skoraði á þriðjudaginn á Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi alþingismann, að gefa kost á sér til formennsku í flokknum á landsþingi flokksins í janúar.

Í tilkynningu frá félaginu segir að mikilvægt sé að kalla til forystu alla þá sem líklegastir eru til að taka með röggsemi á vandamálum flokksins og sameina krafta til sóknar.

„Við treystum engum betur til þess en Sigurjóni Þórðarsyni sem hefur reynslu og er í góðu sambandi við grasrót flokksins sem og forystu“.

ÁSTHILDUR CECIL ÞÓRÐARDÓTTIR

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Sigurjón hefur áður fengið áskorun um formannsframboð frá stjórn Frjálslynda flokksins í Eyjafirði.

„Ég tel að með þessum aðgerðum sé Sigurjón að einangra sig frá okkur hinum,“ segir Ásthildur Cecil Þórðardóttir, varamaður í miðstjórn Frjálslynda flokksins. Hún telur fyrrverandi meðlimi Nýs afls standa að áskoruninni og að ófriði í flokknum.

„Við fengum nú margar viðvaranir á sínum tíma þegar þeir voru að sækja um inngöngu í flokkinn. Allir rituðu þeir undir málefnasamning flokksins en nú finnst manni eins og þeir vilji sveigja stefnuna að áherslum hjá sjálfum sér og nota til þess meðul sem mér líka ekki.“

Hún telur áskorun til Sigurjóns vera hluta þeirra meðala.

- ovd

Eldisfiskur í Færeyjum:

Lax verðmætasti fiskurinn

FÆREYJAR Eldislax er verðmætasta útflutningsvara Færeyinga eftir mikla aukningu á framleiðslu á eldisfiski.

Lax var fluttur út fyrir 7,6 milljarða króna fyrstu sjö mánuði þessa árs, en fyrir 4,5 milljarða á sama tímabili 2007. Þetta er 69 prósenta aukning. Samdráttur er í öðrum tegundum en í fyrra var þorskur verðmætasta útflutningsvaran.

Flutt voru út rúm 18 þúsund tonn af eldisfiski í janúar til júní í ár, en rúm 10 þúsund á sama tíma í fyrra. Það er aukning um 81 prósent.

- shá

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA Kjartan Kjartansson, prentsmiðjustjóri Ísafoldarprentsmiðju sem meðal annars prentar Fréttablaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ísafoldarprentsmiðja stækkar:

Aukin þjónusta við viðskiptavini

IÐNAÐUR **„Þetta var tækifæri sem við sáum til að komast inn á þennan smáverkamarkað,“ segir Kjartan Kjartansson, prentsmiðjustjóri Ísafoldarprentsmiðju sem á föstudag keypti allan rekstur prentsmiðjunnar Think. Hann segir tilgang kaupanna vera að bjóða aukna þjónustu til viðskiptavina prentsmiðjunnar.**

Ísafoldarprentsmiðja hefur sérhæft sig í stærri verkefnum en með kaupunum á Think verður hún eina prentsmiðjan á Íslandi sem prentað getur dagblaðaprentun, rúlluprentun, arkarprentun og stafræna prentun. Prentsmiðjan er nú sú næststærsta á landinu, með áttatíu starfsmenn. Öll starfsemi mun á næstu dögum flytjast í Suðurhraun 1.

- ovd

Lög ESB banna upptöku evru án aðildar

Það stríðir gegn lögum Evrópusambandsins að semja við ríki utan þess um upptöku evru, að sögn framkvæmdastjóra hjá ESB. Illugi Gunnarsson segir lögin túlkuð þröngt en Ágúst Ólafur Ágústsson segir óþarfi að ræða málið frekar.

STJÓRNMÁL Evra verður ekki gerð að gjaldmiðli Íslands nema ríkið gangi í Evrópusambandið. Joaquín Almunia, framkvæmdastjóri efnahags- og peningamála Evrópusambandsins, gerði Evrópunefnd stjórnvalda það ljóst á fundi í Brussel í gær. Hann sagði það stríða gegn lögum sambandsins að semja við ríki utan þess um aðild að Myntbandalagi Evrópu og upptöku evru.

Amelia Torres, talsmaður Almunia, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið. „Til að taka upp evru þarf ríki að vera aðili að Evrópusambandinu,“ sagði Torres. Spurð hvort þar með væri sagt að ekki væri pólitískur vilji til að ganga til samninga um evruupptöku við ríki utan sambandsins sagði hún málið ekki snúast um það. „Þetta er ekki spurning um pólitískan vilja. Ef það væri það þá væri þetta auðveldara. Lög Evrópusambandsins eru skýr, það þarf aðild að sambandinu til að taka upp evru.“

Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og annar tveggja formanna Evrópunefndarinnar, segir Almunia hafa verið skýran í máli. „Hann sagði að það væri enginn pólitískur vilji til að nálgast þetta með öðrum hætti en að segja að þetta sé ekki hægt,“ sagði Illugi eftir fundinn í gær. „En hvað varðar lagalegu hliðina þá er til lagagrein sem hefur verið notuð til að fara í myntsamstarf við nokkur smáríki í Evrópu en hún er túlkuð þröngt. Það má segja að það sé heimild til að ganga til samstarfs og svo geta menn velt fyrir sér hvort hægt sé með pólitískum vilja að fá menn til að horfa á þetta víðar. En sá pólitíski vilji er ekki til staðar hjá embættismönnunum,“ segir Illugi. Hann telur augljóst að mikinn pólitískan vilja þurfi til að hnykkja þessari afstöðu.

JOAQUÍN ALMUNIA Framkvæmdastjóri efnahags- og peningamála ESB segir evru ekki verða gjaldmiðil á Íslandi nema ríkið gangi í sambandið. NORDICPHOTOS/AFP

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

ILLUGI GUNNARSSON

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og formaður nefndarinnar, segir svör Almunia, líkt og annarra, skýr og hann telur botn hafa fengist í málið. Það þurfi því ekki að ræða frekar. „Það getur vel verið að menn vilji reyna að finna eitthvert hálmstrá og senda forsætisráðherra út af örkinni til að tala við pólitíska leiðtoga Evrópusambandsins en ég á ekki von á að hann fái önnur svör.“

bjorn@frettabladid.is

Breytingar á eldsneytisverði:

Hækkun hjá N1 og Skeljungi

ELDSNEYTISVERÐ **Verð á bensínlítranum og lítranum af dísilolíu hækkaði hjá N1 og Skeljungi í gær. Bensínlítrinn hækkaði um þrjár krónur hjá N1 og dísilolían um fimm krónur lítrinn. Bensínið kostaði því 168,70 krónur og olían 186,60 eftir hækkunina.**

Bensínlítrinn hækkaði um fjórar krónur og dísilolía hækkaði um sex krónur lítrinn hjá Skeljungi. Bensínlítrinn kostaði 169,70 krónur í gær og olíulítrinn 185,60 krónur eftir hækkunina.

Már Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá Skeljungi, segir að hækkun á dollara hafi gert útslagið. „Gengið var aðaláhrifavaldurinn,“ segir hann.

- ghs

VARMASTÖÐ Verður tekin til notkunar á næsta ári.

Heitavatnsgjald hækkar:

Hækkun upp á 9,7 prósent

ORKUMÁL Heitavatnsgjald á svæði Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hækkar um 9,7 prósent um næstu mánaðamót. Samkvæmt talsmanni OR eru hækkun kostnaðar og fjárfesting í nýrri hitaveitu frá Hellisheiði ástæður hækkunarinnar.

Í tilkynningu segir að íbúar á veitusvæði OR megi reikna með að hitareikningur meðalíbúðar, sem er um 110 fermatrar að stærð, hækki um 300 krónur á mánuði frá 1. október.

Ný varmastöð Hellisheiðarvirkjunar verður tekin í notkun á næsta ári.

- kg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í heimahúsi

Lögreglan á Vestfjörðum var kölluð út aðfaranótt miðvikudags eftir að eldur kom upp í heimahúsi í Hnífsdal. Eldsupptök eru ókunn.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

HAUSTVEÐUR
Í dag verður víða bjartviðri og úrkomulítið en hitinn dalar hjá okkur. Á morgun verður ekta haustveður með rigningu í flestum landshlutum og dálítið vindasamt sunnan til. Horfur eru á hinu skaplegasta veðri um helgina og úrkomulitlu.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	18°
Ósló	18°
Stokkhólmur	17°
Gautaborg	17°
London	19°
París	18°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	14°
Berlín	18°
Alicante	22°
Mallorca	26°
Basel	14°
Eindhoven	18°
Las Palmas	24°
New York	17°
Orlando	30°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NÓATÚN

TILBOÐ

Ótrúlegt tilboð!

49% afsláttur

Úr kjötborði
Lambasúpukjöt af nýslátruðu
398 kr./kg
Nóatún mælir með

Bestir í kjöti!

45% afsláttur

50% afsláttur

Móa kjúklingur 1/1 ferskur
499 kr./kg
Nóatún mælir með

Úr kjötborði
Ungnautahakk
698 kr./kg
Verð áður 1398

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

noatun.is Léttir fér lífið!

NÓATÚN

KJÖRKASSINN



Hafa innbyrðis erjur áhrif á tiltrú almennings á lögreglu-yfirvöldum?

Já	82,2%
Nei	17,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú heimsótt grafreit Bobbys Fischer?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Nærri fimmtungur bandarískra kjósenda óákveðinn eða leiðitamur:

Efnahagsmálin ráða úrslitum

BANDARÍKIN, AP Á föstudagskvöld verða fyrstu sjónvarpskappræður forsetaframbjóðendanna Baracks Obama og Johns McCain í Bandaríkjunum. Alls verða kappræður forsetaefnanna þrennar fram að kosningum, auk þess sem varaforsetaefnin Joe Biden og Sarah Palin mætast einu sinni.

Frammistaða frambjóðendanna í þessum kappræðum gæti sem hægast ráðið úrslitum um

BARACK OBAMA Forsetaefni demókrata mætir repúblikananum McCain í fyrstu sjónvarpskappræðum þeirra annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

það hvernig atkvæði falla 4. nóvember. Eins og staðan er í efnahagsmálum núna má búast við að það sem þeir segja um efnahagsmálin ráði kannski mestu um afstöðu kjósenda, ekki síst þeirra sem enn eru óákveðnir.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá AP og Yahoo eru 18 prósent kjósenda enn óákveðin eða líkleg til að láta málflutning frambjóðendanna hafa áhrif á sig, nú þegar aðeins fimm vikur eru til kosninga.

Flestir þessara kjósenda segja efnahagsmálin skipta sig mestu máli, og þeir segjast jafnframt hafa orðið fyrir persónulegum skaða af völdum efnahagsvanda þjóðarinnar. - gb

Fimm andarnefjur í Eyjafirði:

Eyri á milli vina

DÝRALÍF „Þær eru reyndar ekki í Pollinum eins og hinar þrjár en það eru komnar tvær í viðbót hér innarlega í Eyjafjörðinn," segir Hlynur Ármannsson, útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Akureyri.

Þar með eru andarnefjurnar orðnar fimm sem blasa við Akureyringum sem horfa til hafs um þessar mundir. Ekki er langt á milli hópanna tveggja en þrjár eru á Pollinum en nýliðarnir tveir eru hinum megin við Oddeyrina. „Við verðum bara meira og meira hissa á öllu saman," segir Hlynur sem segir enga haldbæra skýringu hafa fundist á þessari hegðun þeirra. - jse

KORNAKUR Miklir vindar á Mánárbökkum skertu kornuppskeru.

Tjörneshreppur:

Tjón á ökrum vegna roks

LANDBÚNAÐUR Talsvert foktjón varð á kornökrum bæjarins Mánárbakka í Tjörneshreppi. Þetta kemur fram á nýrri vefsíðu sveitarinnar, tjorneshreppur.is.

Bjarni Aðalgeirsson, bóndi á Mánárbökkum, áætlar að uppskeran af sex hektara landi hafi verið um það bil 35 tonn af blautu korni sem hann áætlar að séu um 17 tonn af þurrkuðu korni. Hins vegar setti mikið sunnanrok strik í reikninginn en Bjarni segir veðrið það versta sem hafi gert á svæðinu í fjölmörg ár. Telur hann að alls hafi hátt í átta til níu tonn af blautu korni horfið út í veður og vind, auk hálmsins af því sem búið var að slá eftir því sem fram kemur á nýju vefsíðunni. - kdk

ORKUMÁL

Reisa búðir við Búðarháls

Landsvirkjun hefur fengið stöðuleyfi fyrir vinnubúðir vegna fyrirhugaðrar Búðarhálsvirkjunar við Þjórsá. Í vinnubúðunum verða skrifstofa, mötuneyti og svefnálma sem áætlað er að standi til ársins 2012.

UMHVERFISMÁL

Dyrhólaeyjarfundum frestað

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps segir það vonbrigði að Umhverfisstofnun fresti hvað eftir annað fundum um Dyrhólaey og skorar á stofnunina að halda þá fundi sem hafa verið boðaðir.

Ráðherra líst vel á útleigu á virkjunum

Fjármálaráðherra er áhugasamur um hugmyndir formanns umhverfisnefndar um að leigja einkafyrirtækjum virkjanir í eigu hins opinbera. Hann tjáir sig ekki um auðlindasjóð. Talsmaður Norðuráls segir hugmyndina „athyglisverða".

IÐNAÐUR Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra líst vel á þær hugmyndir Helga Hjörvars, þingmanns Samfylkingar og formanns umhverfisnefndar Alþingis, sem Helgi lýsti í Morgunblaðinu í gær.

Þar kom fram að við núverandi aðstæður í efnahagsmálum þyrfti að skapa fjárfestingarkosti í landinu. Einn þeirra gæti verið að selja einkafyrirtækjum rekstur Kárahnjúkavirkjunar eða annarra virkjana. Þetta yrði gert í ákveðinn tíma, allt að fjörutíu ár, en ríkið sjálft ætti virkjanirnar, enn sem fyrr. Nefndi Helgi álfyrirtækið Alcoa sem hugsanlegan leigutaka.

HELGI HJÖRVAR

ÁRNI MATTHÍAS MATHIESEN

„Mér líst vel á þessa hugmynd um að leigja reksturinn og hún er þess virði að við skoðum hana vel," segir Árni, en Landsvirkjun er undir hans ráðuneyti.

Árni segir að leiði þessi skoðun í ljós að leigan þyki fýsilegur kostur þurfi að finna heppilega tímasetningu til að framkvæma hugmyndina.

Ekkert finnst um útleigu virkjana í stjórnarsáttmálanum en Árni telur ekki að það skipti miklu máli. „Ef menn koma sér saman um eitthvað annað en er þar, þá er ekkert sem bannar það," segir hann.

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN Helgi Hjörvar segir koma til greina að selja Alcoa rekstur virkjunarinnar til 40 ára. Engin rök séu fyrir því að ríkið reki slíka þjónustu. Landsvirkjun myndi framleiða áfram fyrir almenning og önnur fyrirtæki en stóriðju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Mér líst vel á þessa hugmynd um að leigja reksturinn og hún er þess virði að skoðum hana vel.
>
> **ÁRNI MATHIESEN**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Helgi stakk einnig upp á því að stofnaður yrði sérstakur auðlindasjóður um meðal annars olíurétt, vatns- og hitaréttindi og réttinn til nýtingar fiskistofna við landið.

Þessar auðlindir yrðu gerðar að „ævarandi eign þjóðarinnar". Með þessu verði búið svo um hnútana að „eftir hálfa öld verði fiskurinn í sjónum ekki einkaeign arabískra olíufursta eða annarra framandi fjárfesta", sagði Helgi. Fjármálaráðherra segist ekki hafa metið þessa hugmynd Helga nægilega vel til að ræða hana.

Ekki náðist í talsmann Alcoa en Ágúst F. Hafberg hjá Norðurál-Century Aluminium, sem rekur álver á Grundartanga og reisir álver í Helguvík, segir hugmyndina athyglisverða, en hún hafi ekki verið rædd innan fyrirtækisins.

Iðnaðarráðherra veitti ekki viðtal vegna þessa en úr ráðuneyti hans heyrðist að þar hefði grein Helga verið lesin af mikilli athygli og með ánægju. klemens@frettabladid.is

Íbúar á Norðurlandi:

Stofna hóp um friðlýsingu Skjálfandafljóts

UMHVERFISMÁL Stofnaður hefur verið hópur um friðlýsingu Skjálfandafljóts og höfðu um 260 skráð sig á stuðningslista í gær á www.skjalfandafljot.is.

Heimamenn áttu frumkvæði að stofnun hópsins, segir talsmaður hans, Sigurlína Tryggvadóttir.

„Þetta er fallegt svæði sem hægt er að njóta á betri hátt en með virkjun. Fossarnir í því myndu ekki lifa hana af og svo er talsverð ferðamennska á svæðinu sem yrði fyrir slæmum áhrifum," segir Sigurlína. „Við erum ekki á móti virkjunum sem slíkum en það eru fáar jökulár eftir óspilltar." - kóþ

Lögreglan í Noregi:

Vantar menn á helgarvaktir

NOREGUR Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs, telur það á misskilningi byggt að skortur sé á lögreglumönnum í Noregi. Komið hefur fram í norskum fjölmiðlum að lögreglumenn sárvantar þar í landi og að þeir telja kjörunum um að kenna að nýir lögreglumenn fáist ekki til starfa.

KNUT STORBERGET

Lögreglumannaskorturinn var til umræðu á stórþinginu í gær, að sögn VG. Erna Solberg, leiðtogi hægrimanna, lét þá í ljós áhyggjur sínar yfir því að ekki takist að manna helgarvaktir lögreglumanna þar sem lögreglumenn vilji ekki lengur vinna yfirvinnu í jafnmiklum mæli og áður. - ghs

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. sept. 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 25.-28. september afnemum við virðisaukaskatt af öllum snyrtivörum.

Fríhafnardagar um helgina

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. september 2008.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ný samsteypustjórn Jafnaðarmanna, Sambandsflokks og Fólkaflokks í Færeyjum:

Johannesen verður lögmaður

FÆREYJAR Samkomulag um stjórnarmyndun tókst í Færeyjum í gær, rúmri viku eftir að Johannes Eidesgaard lögmaður sleit stjórnarsamstarfi við Þjóðveldisflokkinn.

Kaj Leo Johannesen, leiðtogi Sambandsflokksins, tekur því við lögmannsembættinu af Eidesgaard, leiðtoga Jafnaðarflokksins, en þessir tveir flokkar mynda nýju stjórnina ásamt Fólkaflokkinum.

Óvíst var í gær hvort Eidesgaard yrði ráðherra í nýju stjórninni eða láti sér nægja að vera óbreyttur þingmaður. Taki hann sæti í stjórninni verður hann væntanlega fjármálaráðherra.

Á vefsíðum færeyska útvarpið er haft eftir Høgna Hoydal, leiðtoga Þjóðveldisflokksins, að nýja stjórnin muni vafalaust láta eiga sig að fást við stærri málefnin í færeyskum stjórnmálum, á borð við sambandið við Danmörku.

Þjóðveldisflokkurinn hefur, undir forystu Høgna Hoydal, lagt mikla áherslu á að þoka málum í átt að sjálfstæði Færeyja, en Sambandsflokkurinn vill halda tengslunum við Danmörku óbreyttum.

- gb

KAJ LEO JOHANNESEN Leiðtogi Sambandsflokksins verður nýr lögmaður Færeyja.

Byssumennirnir í Finnlandi þekktust

Þjóðarsorg var í Finnlandi í gær. Íslendingur búsettur í Finnlandi óttast fleiri skotárásir. Hlutur lögreglu verður rannsakaður. Byssumaðurinn í Kauhajoki þekkti byssumanninn sem gerði svipaða árás í bænum Jokela í fyrra.

FINNLAND Þjóðarsorg var í Finnlandi í gær og flaggað í hálfa stöng við allar opinberar byggingar.

Nú er komið í ljós að af þeim tíu sem létust í skotárásinni í framhaldsskólanum í Kauhajoki í Vestur-Finnlandi, voru átta konur, skólafélagar morðingjans, og tveir karlmenn, hann sjálfur og einn starfsmaður skólans. Einn nemandi telst enn alvarlega slasaður. Nemendur og fjölskyldur hinna látnu söfnuðust saman á minningarstund í Kauhajoki í gær. Matti Vanhanen forsætisráðherra sótti minningarstundina.

Ússa Vilhjálmsdóttir er heimavistarstjóri í tveimur framhaldsskólum í Finnlandi. Hún mætti til vinnu klukkan átta í fyrrakvöld og segir að allir hafi verið í áfalli. „Þetta er mjög óhugnanlegt. Maður var rétt búinn að átta sig á morðunum í Jokela í fyrra og þá gerðist þetta. Þetta er svo skelfilegt að ég á ekki til orð.“

Ússa segir að margir kennarar hafi frétt seint af árásinni í fyrradag og því hafi hún verið með þeim fyrstu til að tala við krakkana eftir árásina.

„Ég var með opið hús og hitti þau eiginlega öll á sama tíma. Krökkunum fannst þetta hræðilegt en þau tóku þessu samt vel, voru ekki hrædd heldur frekar hneyksluð og leið, uppgefin á einhvern hátt yfir því að svona skyldi gerast aftur. Að baki var hugsunin: Er þetta að verða árlegur viðburður? Er þetta að breiðast út hér? Umræðan snerist um það hver geri svona, hvers vegna og hvaða áhrif það hafi á skólana. Við horfðum saman á fréttir og í gær tóku námsráðgjafarnir við og ræddu við krakkana í hverjum bekk.“

KVEIKT Á KERTUM Þjóðarsorg var í Finnlandi í gær. Nemendur og fjölskyldur hinna látnu söfnuðust saman á minningarstund í Kauhajoki. NORDICPHOTOS/AFP

RANNSAKAR HLUT LÖGREGLU

Lögreglan í Finnlandi rannsakar skotárásina í iðnskólanum í Kauhajoki sem tíu aðskilin morð. Erfiðlega hefur gengið að bera kennsl á fórnarlömbin þar sem árásarmaðurinn kveikti í líkunum. Því er ekki ljóst hverjir létust af skotsárum og hverjir vegna íkveikju.

Þá verður aðkoma lögreglunnar einnig rannsökuð en hún hafði tekið árásarmanninn til yfirheyrslu og sleppt honum daginn áður en árásin var gerð. Lögreglumaðurinn sem yfirheyrði hann og sleppti honum var sá sami og veitti honum byssuleyfi í ágúst.

Árásarmaðurinn skildi eftir sig hatursskilaboð og sagðist hafa skipulagt árásina frá 2002.

Komið hefur í ljós að árásarmaðurinn þekkti Pekka-Eric Auvinen sem gerði sams konar árás í Jokela í fyrra. Hann hafði keypt skammbyssuna í Jokela.

Ússa segir að skólafólk sé almennt í uppnámi. Í framhaldinu hljóti að hefjast umræða um það hvernig brugðist verði við í finnsku skólakerfi og samfélagi. Félags- og námsráðgjöfum hljóti að fjölga þannig að ungt fólk hafi einhverja að ræða við þegar því líður illa.

Á þessu sviði hafi verið sparað og ekki sé nóg til af sérfræðingum. „Þeir sem gera svona hljóta að gera það til að fá athygli og þar hlýtur eitthvað að hafa klikkað.“

Ússa og maður hennar eiga tvær unglingsstelpur og segir Ússa að þeim hafi þótt í lagi að fara í skólann í gærmorgun. Eftir Jokelamorðin í fyrra hafi fjölskyldan verið í áfalli en nú sé beygur í þeim að skotárásir séu komnar til að vera í finnskum skólum. „Ég er mest hrædd við það,“ segir hún.

ghs@frettabladid.is

Formaður Landssamtaka Þroskahjálpar segir Ferðaþjónustu fatlaðra slæma:

Fötluð börn dvelja of lengi í bílum

FÉLAGSMÁL Sveitarfélögin sem kaupa þjónustu af Ferðaþjónustu fatlaðra gera of litlar faglegar kröfur til þeirrar þjónustu sem þar er veitt til að mynda um öryggisbúnað og hve lengi börn þurfi að dvelja í bílum á ferðum. Þetta segir Gerður Aagot Árnadóttir, læknir og formaður Landssamtaka Þroskahjálpar.

GERÐUR AAGOT ÁRNADÓTTIR

Fréttablaðið greindi frá því í gær að ítrekað hefur komið fyrir að fjögurra ára þroskahamlaður og einhverfur drengur sé skilinn eftir einsamall á röngum áfangastað. Martin Viderö, faðir litla drengsins, segir að sér finnist sem komið sé fram við son sinn eins og dauðan hlut en ekki lítið barn.

Þá gagnrýnir Martin einnig hve seinir bílstjórar séu oft og að oft hafi gleymst að sækja son hans. Fjölskylda litla drengsins býr í Mosfellsbæ en að sögn fjölskyldunnar hafa kvartanir þeirra vegna þjónustunnar engum árangri skilað.

Gerður telur óskiljanlegt að einhver skilji lítið barn aleitt eftir. Dagskrá fólks með fötlun og fjölskyldna barna með fötlun þurfi sífellt að aðlaga hentugleika Ferðaþjónustunnar en ekki öfugt. Hún segist hafa kallað eftir upplýsingum um hvaða faglegu kröfur Samtök sveitarfélaga, sem kaupa þjónustuna af Ferðaþjónustunni geri, en ekki fengið enn. Gerður ítrekar þó að hún sé ekki að skella allri skuld á starfsmenn Ferðaþjónustunnar. Þjónustan sé ætluð til að einfalda líf fólks en til þess að svo megi verða þurfi að laga hana að notendum hennar.

ÓSÁTTUR Martin Viderö segir kvartanir fjölskyldunnar vegna þjónustunnar hafa engum árangri skilað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- kdk

FIMMTUDAG, FöSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í VERSLUNINNI

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

Sýslumaðurinn á Selfossi:

Breytingarnar eru tækifæri

LÖGGÆSLUMÁL „Það hefur alltaf áhrif þegar skipt er um fólk í æðstu stöðum en það má ekki gleyma því að breytingar eru tækifæri," segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, um brotthvarf Jóhanns Benediktssonar.

ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

„Auðvitað er leitt að málið skyldi enda með þessum hætti en forsagan virðist svolítið gleymd. Fyrst og fremst vona ég að þeir sem starfa fyrir embættið eigi góða tíð fram undan, hvernig svo sem embættinu verður ætlaður staður. Ég vona líka að Jóhann Benediktsson eigi eitthvað gott í vændum," segir Ólafur. - gar

Lögreglufélag Suðurnesja:

Mjög svekktir

LÖGGÆSLUMÁL Lögreglumenn á Suðurnesjum eru ósáttir við að staða sitjandi lögreglustjóra sé auglýst til umsóknar.

„Teljum við mikilvægt að hagsmunafélög lögreglumanna, og aðrir sem láta sig málið varða, taki þessa ákvörðun til ítarlegrar skoðunar og kanni réttmæti hennar," segir í ályktun félagsfundar Lögreglufélags Suðurnesja. „Um jafn mikilvæga starfsemi lögreglu og tollgæslu þarf að ríkja sátt og eining. Nauðsynlegt er að slík starfsemi sé óháð duttlungum einstakra stjórnmálamanna."

Hjálmar Hallgrímsson, formaður félagsins, segir einn besta lögreglustjóra landsins hafa lotið í gras fyrir dómsmálaráðuneytinu: „Við erum mjög svekktir." - jss

Þungbær ákvörðun

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir það þungbæra ákvörðun að láta af starfi nú. Algjör trúnaðarbrestur sé milli embættisins og dómsmálaráðherra. Því muni ganga greiðar að leysa úr málum hverfi hann frá.

LÖGGÆSLUMÁL „Sú ákvörðun að láta af störfum nú er mjög þungbær," sagði Jóhann R. Benediktsson, lögreglu- og tollstjóri á Suðurnesjum, við Fréttablaðið í gærkvöld. Hann óskaði í gær eftir því við dómsmálaráðuneytið að fá að láta af störfum 1. október næstkomandi. Ráðuneytið hefur fallist á beiðnina. Jóhann tilkynnti jafnframt samstarfsfólki sínu þetta.

Þrír lykilstarfsmenn hjá embættinu óskuðu einnig eftir að láta af störfum frá sama tíma. Það eru Eyjólfur Kristjánsson, staðgengill lögreglustjóra, Guðni Geir Jónsson fjármálastjóri og Ásgeir J. Ásgeirsson starfsmannastjóri.

Jóhann hafði áður tilkynnt að hann myndi hætta störfum ef Björn Bjarnason dómsmálaráðherra myndi skipta embættinu á Suðurnesjum upp, en þá ákvörðun boðaði ráðherra í mars. Jóhann sagði samskipti ráðuneytisins og embættisins hafa frá þeim tíma verið afar stirð. Embættið hafi þó á undanförnum mánuðum lagt sig fram við að vinna markvisst að lausn deilunnar. Sú vinna hafi ekki fengið hljómgrunn innan ráðuneytisins. Sé nú svo komið að algjör trúnaðarbrestur sé til staðar að mati embættisins.

„Ég tel að vandinn sé brýnn og alvarlegur," sagði Jóhann, „og ég tel einfaldlega að því fyrr sem ég vík þeim mun greiðar muni ganga að leysa úr málum."

Jóhann sagði embættið ekki hafa fengið málefnalega meðferð né notið sannmælis hjá dómsmálaráðuneytinu.

„Strax og einhver annar sest í minn stól tel ég að hann fái sanngjarnari meðferð en ég hef fengið," útskýrði hann.

LÖGREGLUSTJÓRINN KVADDUR Jóhanni R. Benediktssyni hafði borist tilkynning frá dómsmálaráðherra um að toll- og lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum yrði auglýst þegar skipunartími hans rynni út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Strax og einhver annar sest í minn stól tel ég að hann fái sanngjarnari meðferð en ég hef fengið.
>
> **JÓHANN R. BENEDIKTSSON**
> LÖGREGLUSTJÓRI

„Yfirmannsstaða í lögreglunni er með allra erfiðustu störfum sem menn gegna. Gífurlega mikilvægt er að lögreglustjórar í landinu njóti öflugs stuðnings sinna yfirmanna og ráðamanna. Sú staðreynd, sem við öllum blasir, að ég geri það ekki, gerir erfitt starf nánast óbærilegt. Það er þungbært þegar forstöðumaður er með óleyst vandamál og hefur áhyggjur af framtíð og starfsöryggi starfsmanna sinna."

Jóhann sagði það hafa hjálpað sér við ákvörðun sína um að hætta störfum, að hann vissi að hún væri í þágu starfsmanna embættisins.

„Ég tel mig vera að þjóna hagsmunum embættisins best með þessum hætti og þá um leið hagsmunum íbúa umdæmisins." jss@frettabladid.is

Dómsmálaráðherra:

Kemur á óvart

LÖGGÆSLUMÁL „Þegar ég ákvað að auglýsa lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum færði ég fyrir því skýr efnisleg rök. Að lögreglustjóri bregðist við á þann veg, sem fyrir liggur, kom mér á óvart," segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

„Ég óska honum og samstarfsmönnum hans, sem nú kveðja embættið, velfarnaðar og þakka þeim samfylgdina síðan 1. janúar 2007, þegar embættið færðist frá utanríkisráðuneyti undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti," bætir Björn við.

Hann segir nú blasa við að fylla skörð þeirra, sem kveðja, og tryggja framtíð hins mikilvæga starfs, sem unnið sé af lögreglu, tollvörðum og öryggisvörðum við embættið. Í því efni þurfi í senn að taka á stjórnsýslulegum og fjárhagslegum þáttum með skýr framtíðarmarkmið í huga í samræmi við eðlilega verkaskiptingu innan stjórnarráðsins.

Björn skrifar jafnframt um málið á heimasíðu sinni í gær. Þar vísar ráðherrann því á bug að það sé fyrirsláttur að segja ákvörðun um auglýsingu lögreglustjóraembættisins vera byggða á því að embættið sé breytt. „Ef Jóhann veit meira um það en ég, hvers vegna ég tók þessa ákvörðun, væri gott að hann upplýsti mig og aðra um það." - jss

BJÖRN BJARNASON Dómsmálaráðherra segir nú blasa við að fylla skörð þeirra sem kveðja.

FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA.

Skoda Octavia 1,9 TDI® – 4,9 lítrar á hundraðið
Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin, skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseiginleikum (einnig fáanlegur með bensínvél).
Skoðaðu Skoda Octavia - bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskyldu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.



SKELFILEGT MÁL

„Það var skelfilegt að heyra nánar um samskipti embættisins við ráðuneytið," segir Davíð Þorgilsson, lögregluþjónn á Suðurnesjum.

DAVÍÐ ÞORGILSSON

„Stirðleikinn var orðinn svo mikill að það er að vissu leyti embættinu til heilla að hann stígi út, eins og hann hefur sjálfur sagt."

Davíð á síður von á því að fleiri fylgi í kjölfar fjórmenninganna sem sögðu af sér í gær. „Ekki í því ástandi sem er í þjóðfélaginu í dag. Sú væri eflaust raunin ef það væri góðæri í landinu."

- kóp

JÓHANN VINSÆLL

„Jóhann er afskaplega virtur innan lögreglunnar og er mikil samstaða með honum um allt land. Margir, þar á meðal ég, fluttu hingað til að vinna með honum í embættinu," segir Vilhjálmur Árnason, lögregluþjónn á Suðurnesjum.

VILHJÁLMUR ÁRNASON

Hann segir að sér lítist illa á stöðuna þótt hann búist ekki við að fleiri segi upp.

„Það getur haft áhrif á lögregluna þegar sterkasti hlekkurinn í keðjunni hverfur á braut. Jóhann ætti frekar að fá stöðuhækkun en að hætta svona."

- kóp

SKOTINN Á FÆRI

„Það er alveg ömurlegt að ráðherra geti hreint og beint skotið mann á færi og komist upp með það. Það er fyrir neðan allar hellur," segir Magnús Daðason, lögregluþjónn á Suðurnesjum.

MAGNÚS DAÐASON

Hann segir hreint og klárt einelti á ferð. „Einelti er bannað í skólum og á vinnustöðum og það hlýtur að vera bannað af hálfu ráðherra. Björn þarf að fara á námskeið um einelti."

Hann segir hafa verið gott að vinna undir stjórn Jóhanns. „Ég er hræddur um að margir fleiri segi upp en þó veit maður ekki. Kannski fáum við loksins peninga þegar hann er farinn."

- kóp

FLEIRI GÆTU FARIÐ

„Þetta hefur verið virkilega erfiður tími og mikil óvissa," segir Sigurborg Sigurjónsdóttir, öryggisvörður í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hún segir fundinn hafa verið mjög erfiðan.

SIGURBORG SIGURJÓNSDÓTTIR

„Ég óttast að fjöldi manns yfirgefi embættið. Það er mikil samstaða með Jóhanni og yfirstjórninni eftir fundinn og ömurlegur andi í fólki."

Sigurborg kallar eftir því að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skýri sína hlið málsins. „Hann hefur alls ekki komið með fullnægjandi skýringar"

- kóp

LITADÝRÐ Skrautlegt fiðrildi tyllir sér á blóm í dýragarði í Hyderabad í Indlandi. MYND/AP

Efnahagsmál í brennidepli við leiðtogaskipti í japönsku ríkisstjórninni:

Aso boðar neyðarráðstafanir

JAPAN, AP Íhaldsmaðurinn Taro Aso tók í gær við forystu japönsku ríkisstjórnarinnar eftir að þingið staðfesti kjör hans í embætti forsætisráðherra. Aso lofaði þegar í stað „neyðarráðstöfunum“ til að koma efnahagslífinu á réttan kjöl.

Hinn 68 ára gamli Aso er fyrrverandi utanríkisráðherra og einn af „haukunum“ í stjórnarflokknum, Frjálslynda lýðræðisflokknum. Hann var kjörinn formaður flokksins fyrr í vikunni eftir að Yasuo Fukuda sagði óvænt af sér eftir aðeins ár í embætti flokksleiðtoga og forsætisráðherra.

Flokksmenn binda þær vonir við Aso að hann geti rifið flokkinn upp úr þeirri lægð sem hann er í áður en boðað yrði til kosninga sem talið er líklegt að Aso vilji gera fljótlega, jafnvel fyrir áramót.

TARO ASO Tók við embætti forsætisráðherra Japans

Aso skipaði gamalkunna flokksjálka í helstu stöður í ríkisstjórninni til að styrkja ímynd ábyrgðar og stöðugleika.

„Við verðum að taka efnahagsmálin föstum tökum, þar með talið grípa til neyðarráðstafana,“ sagði Aso á fyrsta blaðamannafundinum eftir valdatökuna. Hann hét því enn fremur að Japan myndi undir sinni stjórn halda áfram að leggja hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi lið með því að halda úti flotadeild í Indlandshafi, þrátt fyrir tilraunir stjórnarandstöðunnar til að binda enda á það. - aa

Norður-Kóreustjórn:

Eftirlitsmenn reknir burt

NORÐUR-KÓREA, AP Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa bannað kjarnorkueftirliti Sameinuðu þjóðanna að skoða aðalkjarnaofn landsins. Auk þess hyggjast Norður-Kóreumenn ræsa á ný kjarnorkuver sem áður útvegaði plútón í kjarnorkuvopnatilraunir þeirra. Þetta fullyrti Mohammed ElBaradei, yfirmaður kjarnorkueftirlitsins, í gær.

Allt bendir því til þess að Norður-Kóreustjórn sé hætt að sýna samningsvilja gagnvart Bandaríkjunum og öðrum ríkjum, en þó gæti verið að hún geri þetta til að beita Bandaríkin þrýstingi. - gb

SJANGHAÍ Ein mesta viðskiptaborg Asíu er Sjanghaí í Kína sem verður vettvangur fyrir næstu heimssýningu eftir tvö ár. MYND/AP

Kostnaður við heimssýningu miklu hærri en síðast:

Dýrkeyptur aðskilnaður

STJÓRNSÝSLA „Það verða nánast öll ríki heimsins fyrir utan örfá smáríki með í sýningunni,“ segir Hreinn Pálsson framkvæmdastjóri vegna þátttöku Íslands í Heimsýningunni í Sjanghaí árið 2010.

Síðast voru Íslendingar með eigin skála á Heimssýningunni í Hannover í Þýskalandi árið 2000. Bein framlög íslenska ríkisins til þeirrar sýningar námu um 500 milljónum króna framreiknað til verðlags í dag. Í Aichi í Japan var Ísland hins vegar í sameiginlegum skála með Norðurlöndunum og þá var kostnaður ríkisins margfalt minni, eða 57 milljónir á verðlagi þess tíma. Slíkt fyrirkomulag kom ekki til greina að þessu sinni af hálfu frændþjóða okkar og því verða Íslendingar út af fyrir sig í leiguskála í Kína.

Hreinn segir gert ráð fyrir að kostnaður ríkisins vegna Sjanghaí fari ekki yfir 450 milljónir króna. Það er svipuð upphæð og í Hannover. Þar fyrir utan eru framlög ýmissa stórfyrirtækja og hugsanlega Reykjavíkurborgar sem eiga að brúa bilið upp í rúmlega 600 milljóna króna heildarkostnað.

„Þessi sýning felur í sér mjög stórt markaðstækifæri. Fyrir okkur Íslendinga á það sérstaklega við í sambandi við orkumál og ferðaiðnað,“ segir Hreinn sem bendir á að Kínverjar ábyrgist að gestir á sýningunni verði samtals 70 milljónir frá því í maí fram í október. Það geri um 380 þúsund manns á dag að meðaltali á sýningarsvæðinu. - gar

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð
xF Frjálslyndi flokkurinn

Frjálslyndi flokkurinn
Nútíð og framtíð

Reykjavíkurfélög Frjálslynda flokksins boða til fundar á Grand Hótel, Reykjavík, fimmtudaginn 25. september nk. kl. 20:00.

Allir félagsmenn Frjálslynda flokksins eru hvattir til að mæta.

Framsögumenn:
Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður og formaður flokksins
Jón Magnússon, alþingismaður

Síðan **fyrirspurnir og umræður**

Fundarstjóri:
Tryggvi Agnarsson

Norðurlandaráð:

Ráðherrar menntamála standa sig ekki

NORÐURLÖND Norrænir menntamálaráðherrar hafa ekki framkvæmt stefnu um norrænt málsamfélag. Þeir vinna hægt og taka norrænt málsamfélag ekki nógu alvarlega, segir í yfirlýsingu frá „fjölmörgum fulltrúum“ í Norðurlandaráði.

Markmið stefnunnar, sem er frá árinu 2006, er að allir Norðurlandabúar geti rætt hver við annan á norrænni tungu.

Heildstætt málsamfélag þessara þjóða mætti svo nota sem fyrirmynd fyrir önnur fjöltyngd svæði í heiminum. - kóþ

DÖRFLEIN OG KNÚTUR Ísbjörninn Knútur hefst enn við í dýragarðinum í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísbjarnahirðirinn Dörflein:

Þjálfari Knúts fannst látinn

ÞÝSKALAND, AP Thomas Dörflein, ísbjarnahirðir í Berlín, fannst látinn í íbúð sinni á mánudag. Hann hafði átt við alvarleg veikindi að stríða, en lögregla segir ekki vitað hver dánarorsökin var.

Dörflein komst í heimsfréttirnar á síðasta ári sem þjálfari Knúts, litla ísbjarnarhúnsins í dýragarðinum í Berlín sem heillaði börn og fullorðna víða um heim.

Dörflein var 44 ára og hafði starfað í dýragarðinum í aldarfjórðung. Þeir Knútur komu fram daglega í dýragarðinum í nokkra mánuði þar til Knútur þótti orðinn of stór. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hraðakstur í Skógarseli

Brot 24 ökumanna voru mynduð í Skógarseli í Breiðholti á mánudaginn. Á einni klukkustund, eftir hádegið var fylgst með 180 ökutækjum og af þeim óku 13 prósent ökumanna of hratt. Meðalhraði þeirra var rúmlega 61 kílómetri á klukkustund en hámarkshraði í Skógarseli er 50.

Meistaranám »

Menntunarfræði M.Ed. og M.A.

Sérsvið:
» Fjölmenning
» Fræðslustarf með fullorðnum – mannauðsþróun
» Heimspeki menntunar

Íþrótta- og heilsufræði M.Ed. og M.S.

Þroskaþjálfafræði M.Ed.

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Náms- og kennslufræði M.Ed. og M.A.

Sérsvið:
» Íslenska – íslenskukennsla
» Kennslufræði og skólastarf
» Listmenntun – listasaga – verkmenntun
» Mál og læsi
» Menntunar- og kennslufræði yngri barna
» Nám og kennsla erlendra tungumála
» Náttúrufræðimenntun
» Stærðfræðimenntun
» Upplýsingatækni og miðlun

Doktorsnám »

Menntunarfræði Ph.D.

Menntunarfræði Ed.D.

» Umsóknarfrestur er til 15. október.
» Upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.hi.is/menntavisindasvid undir deildir.

ÍSLENSKA/SÍA/IS/HSK 43734 09/08

SIMPLY CLEVER

ŠKODA AUTO

FJÓRIR LÍTRAR Á HUNDRAÐIÐ.
ÞAÐ ER STÖÐUGLEIKI Í ÞVÍ.

HEKLA Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is · Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss

TAKTU ÚRVALS EINTAK

TRYGGÐU ÞÉR ÚRVALSBÍL Á ÚRVALSGÓÐU VERÐI

VERÐDÆMI:

Toyota Yaris Sol 5 dyra

- 05/07
- 5 gíra
- 1300 Bensín
- Ekinn 33 þ.

Verð: 1.790.000 kr.

VERÐDÆMI:

Toyota Auris Terra

- 05/07
- 5 gíra
- 1400 Bensín
- Ekinn 44 þ.

Verð: 1.960.000 kr.

BNB - sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Hvað er Úrvalsbíll?

- 12 mánaða viðbótarábyrgð
- Ef hann bilar sjáum við um viðgerð
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Umframábyrgð á bremsuhlutum
- 14 daga skiptiréttur

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 43764 09/08

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

www.toyota.is

DRAUMAJEPPINN

Toyota Land Cruiser 120 GX

■ 06/06 ■ 6 gíra ■ 3000 Dísel ■ Ekinn 63 þ.

Verð: 4.890.000 kr.

BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU KOMNIR
- BESTU EINTÖKIN FARA FYRST

VERÐDÆMI:

Toyota Corolla Terra

■ 05/07 ■ 5 gíra ■ 1400 Bensín ■ Ekinn 36 þ.

Verð: 2.120.000 kr.

VERÐDÆMI:

Toyota Avensis Sol

■ 05/07 ■ 5 gíra ■ 1800 Bensín ■ Ekinn 43 þ.

Verð: 2.890.000 kr.

KOMDU STRAX

GÓÐIR FJÁRMÖGNUNAR-MÖGULEIKAR Í BOÐI

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

FBL-GREINING: ENSKA ÚRVALSDEILDIN Í KNATTSPYRNU

Nýtur mikilla vinsælda um heim allan

Kastljós fjölmiðla hefur beinst mjög að ensku Úrvalsdeildinni í knattspyrnu síðustu vikur í kjölfar kaupa Abu Dhabi United Group á Manchester City. Deildin nýtur gríðarlegra alþjóðlegra vinsælda og eru hæfileikaríkustu leikmenn hennar tíðir gestir á síðum slúðurtímarita um heim allan.

Hver er uppruni ensku Úrvalsdeildarinnar?

Almennt er talið að enska knattspyrnan hafi verið í slæmu ástandi um miðjan níunda áratuginn. Leikvangar margra liða voru að hruni komnir, fótboltabullur riðu húsum og ensk félagslið voru útilokuð frá þátttöku í Evrópukeppnum í kjölfar Heysel-slyssins árið 1985, þar sem 39 áhorfendur létust á pöllunum í úrslitaleik Liverpool og Juventus í Evrópukeppni meistaraliða. Gamla enska 1. deildin, sem hafði gegnt hlutverki æðsta stigs enskrar knattspyrnu síðan 1888, komst ekki með tærnar þar sem Serie A á Ítalíu og La Liga á Spáni höfðu hælana hvað varðaði aðsókn á leiki og auglýsinga- og sölutekjur. Auk þess höfðu þó nokkrir af bestu leikmönnum Englands flutt sig um set og léku með félagsliðum víða í Evrópu. Upp úr 1990 hóf að rofa til. Enska landsliðið komst í undanúrslit á HM á Ítalíu, banninu frá Evrópukeppnum var aflétt og leikvangar voru bættir stórlega í kjölfar Hillsborough-slyssins árið 1989, þar sem 96 aðdáendur Liverpool tróðust undir vegna bágra aðstæðna á heimavelli Sheffield Wednesday. Frá 1988 til 1991 stóðu yfir viðræður meðal forystumanna 1. deildar liðanna um aðgerðir sem myndu tryggja meira peningaflæði í deildina. Ekki voru allir á eitt sáttir í fyrstu, og fór svo að tíu lið hótuðu því að ganga úr 1. deildinni og stofna svokallaða „ofurdeild". Úr því varð ekki, en viðræður héldu áfram og skiluðu sér í stofnun Úrvalsdeildarinnar árið 1992. Lykilatriði í stofnun deildarinnar var að félögunum í nýju deildinni yrði tryggt sjálfstæði frá enska knattspyrnusambandinu til að gera sína eigin sjónvarps- og auglýsingasamninga. Það þótti nauðsynlegt til að ensk lið gætu að nýju keppt um leikmenn og Evróputitla við bestu lið álfunnar.

Hvaða félög og leikmenn hafa einkum staðið upp úr í Úrvalsdeildinni?

Úrvalsdeildin er á sínu sautjánda starfsári. Aðeins fjögur lið hafa staðið uppi sem sigurvegarar á þeim tíma. Manchester United hefur oftast allra liða sigrað í deildinni, eða tíu sinnum alls. Arsenal hefur þrisvar unnið, Chelsea tvisvar og Blackburn Rovers einu sinni, vorið 1995. Ryan Giggs, leikmaður Manchester United, hefur verið í sigurliðinu tíu sinnum og er því sigursælasti leikmaður Úrvalsdeildarinnar. Alan Shearer, sem lék fyrst með Blackburn og svo með Newcastle í Úrvalsdeildinni, er markahæsti leikmaður deildarinnar með 260 mörk. Á hæla hans koma Andy Cole, Thierry Henry, Robbie Fowler og Les Ferdinand.

FRÉTTASKÝRING: Íslandspóstur

Íslandspóstur umdeildur

Íslandspóstur, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, hefur endurskilgreint hlutverk sitt til að takast á við fjölbreytt verkefni á samkeppnismarkaði. Forstjóri fyrirtækisins og ráðherra samgöngumála fullyrða að einkaleyfisrekstur og samkeppnisrekstur fyrirtækisins rekist ekki á. Einkageirinn gagnrýnir aukin umsvif hart á sama tíma og Samkeppniseftirlitið rannsakar fyrirtækið að eigin frumkvæði.



PÓSTURINN Einkaaðilar gagnrýna samkeppnisrekstur Íslandspósts hart og segja umfang fyrirtækisins margfalt miðað við lögbundið hlutverk þess í almannaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandspóstur hyggur á sókn á flutninga- og samskiptamarkaði og hefur endurskilgreint hlutverk sitt og starfsemi frá því að sinna almannaþjónustu að stærstum hluta. Ráðist hefur verið í byggingu tíu pósthúsa á landsbyggðinni sem eru sérhönnuð með þarfir flutningafyrirtækis í huga og gagngerar endurbætur verða gerðar á sex öðrum í sama tilgangi. Kostnaður er áætlaður rúmlega milljarður króna.

Gagnrýni einkageirans

Í ársskýrslu fyrirtækisins árið 2007 kemur fram að tilgangurinn með húsunum sé að „auka möguleika fyrirtækisins til muna til sóknar á flutningamarkaði og öðrum tengdum mörkuðum". Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir eina af ástæðunum vera að gera fyrirtækið hæfara til að takast á við afnám einkaréttar sem fram undan er 2011 og efla fyrirtækið til að takast á við þá breytingu. Hann telur skiljanlegt að menn spyrji sig hvort eðlilegt sé að verja rúmum milljarði til að byggja upp flutningaþjónustu hjá fyrirtæki í ríkiseigu en hann telur ekki víst að flutningaþjónusta Íslandspósts hamli starfsemi einkarekinna fyrirtækja.

Innanlandsdeildir tveggja stærstu flutningafyrirtækja landsins, Eimskips og Samskipa, hafa skrifað Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ) vegna uppbyggingar og rekstur Íslandspósts þar sem farið er fram á liðsinni fyrirtækjanna til að rétta hlut þeirra gagnvart ríkisfyrirtækinu. Á það er bent að umsvif fyrirtækisins sé langt umfram það sem getur talist eðlilegt þegar litið er til lögbundins hlutverks þess í almannaþjónustu.

Jörundur Jörundsson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa, sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri að hans mati með öllu ótækt að þurfa að keppa við ríkisfyrirtæki og að skattfé landsmanna sé nýtt til að niðurgreiða samkeppni.

Viðskiptaráð Íslands mælir með því að fyrirtækið verði selt enda séu rekstrarforsendur þess brostnar. Í greiningu á fyrirtækinu eru yfirvöld dregin til ábyrgðar fyrir óljósa markmiðasetningu fyrirtækisins sem endurspeglist í samþykktum þess. Skilgreining á tilgangi og hlutverki félagsins fari langt umfram þjónustuþætti sem með réttu ættu að heyra undir hið opinbera. Ef eignarhaldið verði óbreytt verði að þrengja heimildir fyrirtækisins til að beita sér í samkeppnisrekstri.

Eðlileg uppbygging?

„Já, þetta er eðlilegt enda ekkert sem bannar opinberu hlutafélagi að stunda svona atvinnustarfsemi, enda er hún stunduð á frjálsan og eðlilegan hátt. Einkaleyfishlutanum er haldið aðskildum frá þessum rekstri," segir Kristján L. Möller samgönguráðherra spurður hvort eðlilegt sé að hlutafélag í ríkiseigu beiti sér í samkeppni við einkarekin fyrirtæki á flutningamarkaði. Hann hafnar því að einkaleyfi fyrirtækisins sé nýtt til að niðurgreiða samkeppnisrekstur.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur hins vegar sett stórt spurningarmerki við samkeppnisrekstur Íslandspósts og ekki síst vegna þess að áætlanir eru uppi um að auka hann til muna. „Ég tel að þessi breyting, eins og hún horfir við mér, krefjist skýringar."

Skýringar samgönguráðherra á uppbyggingu Íslandspósts er að um eðlilega þróun fyrirtækisins til framtíðar sé að ræða. Hann segir uppbyggingu Íslandspósts heldur ekki hamla rekstri einkarekinna fyrirtækja og hafnar þeirri gagnrýni alfarið að verið sé að nýta skattfé almennings til að niðurgreiða samkeppni og byggja upp flutningafyrirtæki á vegum ríkisins.

Á það er hins vegar bent að hagnaður Íslandspósts af bréfapósti sem varinn er einkarétti hefur lækkað úr tæpum 300 milljónum árið 2004 niður í ellefu milljónir í fyrra, þrátt fyrir að gjaldskrár hafi verið hækkaðar umfram kostnað á tímabilinu. Gjaldskrá fjölpósts, þar sem fyrirtækið er í harðri samkeppni við einkaaðila, hefur á sama tíma ekki hækkað neitt þrátt fyrir að dreifing bréfa og fjölpósts byggi á sama dreifikerfi. Þetta misræmi vildi forstjóri Íslandspósts ekki skýra þegar eftir því var leitað af Fréttablaðinu.

Samkeppniseftirlitið hefur fyrir nokkru hafið rannsókn á því hvort Íslandspóstur hafi brotið tvær aðskildar greinar samkeppnislaga. Um er að ræða 11. grein sem fjallar um bann við misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu og 14. grein um fjárhagslegan aðskilnað. Þessi aðgerð, sem er að frumkvæði stofnunarinnar, vekur athygli á meðan samgönguráðherra ver starfsemina staðfastlega með þeim rökum að engir árekstrar séu á milli einkaleyfis- og samkeppnishluta rekstursins.

Sala

Niðurstaða Viðskiptaráðs í úttekt á Íslandspósti er í raun að stjórnendur fyrirtækisins vinni einfaldlega innan þeirra heimilda sem stjórnvöld hafa ákveðið. Þau beri ábyrgð á því að Íslandspóstur hefur þróast frá upphaflegu hlutverki sínu og sé boðflenna á samkeppnismarkaði.

Atvinnulífið, og þeir sem vilja að þjónusta í almannaþágu eigi að vera hryggstykkið í rekstri félagsins, krefst þess að gripið verði inn í en samgönguráðherra hafnar því. Eftir stendur spurningin hvenær fyrirtækið verður selt sem er pólitískt álitamál sem hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn og virðist því ekki vera á dagskrá á næstunni.

RÉTTINDI OG SKYLDUR ÍSLANDSPÓSTS

Samþykkt var á hluthafafundi 29. ágúst 1997 að skipta Pósti og síma hf. upp í tvö sjálfstæð hlutafélög. 27. desember sama ár var stofnfundur Íslandspósts haldinn og hinn hlutinn nefndur Landssími Íslands.

Íslandspóstur fer með einkarétt ríkisins á ýmiskonar þjónustu og þarf einnig að sinna svokallaðri alþjónustu.

Einkaréttur ríkisins:

Íslandspóstur fer með einkarétt ríkisins á dreifingu almennra bréfa undir 50 grömmum ásamt uppsetningu, reksturs póstkassa og útgáfu frímerkja.

Alþjónusta

Íslandspósti ber skylda til að inna af hendi ákveðna þjónustu um allt land; dreifingu á bréfum með utanáskrift, dreifingu á markpósti, uppsetningu og tæmingu á póstkössum, ábyrgðarsendingar, fjármunasendingar og böggla-sendingar. Fyrirtækinu ber einnig skylda til að sýna viðskiptaskilmála sína og gjaldskrá á gagnsæjan hátt samkvæmt starfsleyfi.

FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Aðeins 3 vikur!

Banfi kvöldverður

26. september - 15. október

Þann 26. september verður á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í veitingahúsi Perlunnar þar sem boðið verður upp á hið besta sem Toscana héraðið á Ítalíu hefur upp á að bjóða.

Á föstudögum og laugardögum mun Tríó Björns Thoroddsen spila. Í hljómsveitinni eru: Björn Thoroddsen (*gítar*), Guðmundur Steingrímsson (*trommur*) og Jón Rafnsson (*kontrabassi*).

- **Villibráðarhlaðborð hefst 16. október.**
- **Jólahlaðborð hefst 20. nóvember.**

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

Castello Banfi 4ra rétta seðill

Parmaskinka
með fíkjusalati og balsamico
„San Angelo“ Pinot Grigio

Tígrisrækjur og smokkfiskur
á pappardelle pasta í tómat-basilsósu
„San Angelo“ Pinot Grigio

Kálfahryggur á beini
með grilluðu grænmeti, kartöflumauki og madeirsósu
Chianti Classico Riserva

Sítrónugrass–kókoshneta og vanillu panna cotta
með kirsuberjaís og ávöxtum í chili-sírópi
„Florus“ Moscadello di Montalchino

Verð 6.590 kr.
Með 4 glösum af víni: 10.490 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

Hringbrot

Útgjöldin

> Kílóverð á vínarpylsum í ágústmánuði hvers árs. Miðað við meðalverð á landinu öllu.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: RAKEL ÁSGEIRSDÓTTIR VERSLUNARKONA:

Notaði hvítu kúrekastígvélin einu sinni

„Bestu kaupin sem ég hef gert var þegar ég keypti háhælaða svarta glansskó á Flórída fyrir tveimur árum. Ég held að ég hafi keypt þá á 700 kall íslenskar og er búin að nota þá endalaust. Ég hef notað þá við öll tækifæri því að þeir passa við allt. Ég skelli mér oftast í þá þegar ég reyni að velja mér skó og ég er enn að nota þá nú tveimur árum síðar," segir Rakel Ásgeirsdóttir, verslunarkona í Kringlunni.

„Verstu kaupin gerði ég á kúrekastígavélatímabilinu þegar allir voru í kúrekastígvélum fyrir um fjórum árum. Þá keypti ég hvít kúrekastígvél í Bianco á 16 þúsund kall og notaði þau einu sinni. Þau eru búin að vera inni í geymslu í um fjögur ár. Mér finnst þessi stígvél ekkert flott og mér hefur bara ekkert líkað að vera í þeim og nota þau. Mér fannst þau flott fyrst þegar ég keypti þau en svo féllu þau í áliti, mér fannst þau eftir allt saman ekkert spes. Ég fór í þeim einu sinni að mig minnir á ball og svo notaði ég þau ekkert meira."

GÓÐ HÚSRÁÐ
BORGA FYRST, EYÐA SVO

■ *Alexander Shinwell, kokkur á Steak and Play í Reykjavík, passar að lifa ekki á kreditkortinu.*

„Ég held að fólk passi sig ekki nógu mikið. Það fær himinháar heimildir hjá bankanum og þýtur svo í að kaupa nýjan bíl eða fara í rausnarleg ferðalög um heiminn. Það er kannski mikið skemmtilegra að eyða en spara, en ég held að fólk ætti að byrja á að borga reikningana þegar það fær peninga í hendurnar í staðinn fyrir að þjóta út og kaupa sér nýtt dót. Að leggja einhverja prósentu af mánaðarlaununum til hliðar til að borga heimildina hjá bankanum eru mín bestu ráð."

■ **Þjónusta:**

Þögn ekki sama og samþykki

Pix-myndir, sem sérhæfa sig í skólaljósmyndum, hafa fallist á tilmæli talsmanns neytenda um að þögn foreldra og forráðamanna feli ekki í sér samþykki við kaupum á bekkjarmyndum og annarri skólatengdri ljósmyndun. Talsmaður neytenda beindi þeim tilmælum til Pix-mynda að láta af svonefndri neikvæðri samningsgerð, sem felur í sér að ef foreldrar afþakka ekki sérstaklega kaup á skólaljósmyndum var litið á það sem samþykki og gerð innheimtukrafa samkvæmt því. Pix-myndir hafa fallist á tilmælin og einnig að afturkalla kröfur í innheimtu sem eru komnar til vegna neikvæðrar samningsgerðar. Ákvörðunin mun þegar vera komin til framkvæmda. - kg

Nota peninga í stað kortanna

Grípa má til ýmissa ráða til að mæta samdrætti og minnkandi kaupgetu. Margir vita hvar má spara en það getur verið ágætt að rifja upp nokkur góð ráð.

„Ef fólk er komið í vandræði getur verið gott ráð að leggja kortinu og nota peninga," segir Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna. Hún mælir með að fólk ákveði í upphafi vikunnar hversu miklu það ætli sér að eyða. Þegar peningurinn klárist megi svo borða það sem til er í skápunum. „Það er bara allt öðruvísi tilfinning að horfa á eftir fimmþúsundkallinum í eitthvað heldur en að nota kortið."

Hafi fólk stjórn á neyslunni séu kreditkortin þó mun ódýrari möguleiki en yfirdráttur. Með notkun korta sé samt oft erfiðara að fylgjast með neyslunni. „Ef fólk ætlar að taka sig á á það að halda heimilisbókhald til að sjá í hvað það er að eyða peningunum." Það sé góð leið til að átta sig á stöðunni, hvort grípa þurfi til aðgerða og hvar megi hugsanlega spara. „Öll fyrirtæki gera þetta en svo eru heimilin að velta milljónum og við vitum jafnvel ekkert í hvað peningarnir eru að fara."

Brynhildur segir mörgum gagnast að nýta sér greiðsluþjónustu banka og sparisjóða. „Sumir halda því fram að maður eigi að borga alla sína reikninga sjálfur. Það er eflaust satt en ég hef bara ekki tíma í það," segir Brynhildur. Slík þjónusta sé ekki dýr og ef fólk nýti hana gleymi það að minnsta kosti ekki að borga reikningana á réttum tíma. „En það er grundvallaratriði að skoða samt alltaf reikningana enda ber neytandinn alltaf ábyrgð á sínum málum." Fyrir komi að neytendur uppgötvi seint og um síðir að þeir séu búnir að borga fyrir vörur eða þjónustu sem þeir eru löngu hættir að nýta. „Það geta alltaf slæðst inn einhverjar villur og því verður fólk að setjast niður reglulega og skoða reikningana sína." Þetta eigi ekki síður við um rafræna reikninga.

Að lokum segir Brynhildur óbrigðult sparnaðarráð að safna fyrir hlutum. „Það hefur kannski aldrei verið háttur okkar Íslendinga en ef það hefur einhvern tímann verið skynsamlegt að kaupa bara hluti sem maður á fyrir, þá er það núna." olav@frettabladid.is

BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR HJÁ NEYTENDASAMTÖKUNUM Heldur sjálf heimilisbókhald til að sjá í hvað hún eyðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SPARNAÐARRÁÐ BRYNHILDAR

■ Notaðu peninga í stað debet- eða kreditkorta.
■ Notkun kreditkorta er ódýrari en yfirdráttur.
■ Haltu heimilisbókhald til að sjá í hvað þú eyðir og hvar þú getur sparað.
■ Farðu yfir reikningana þína, sama hvort þú nýtir þér greiðsluþjónustu eða ekki.
■ Safnaðu fyrir því sem þú ætlar að kaupa.

N1

15% AFSLÁTTUR ER GÓÐ BYRJUN Á VETRINUM

Forsjálir bifreiðaeigendur fá 15% afslátt af heilsársdekkjum og umfelgun á þeim fram til 12. október. Gerðu bílinn kláran fyrir allt árið, borgaðu minna og losnaðu við biðraðirnar.

Við erum í næsta nágrenni við þig:
Réttarhálsi 2 - Sími: 440 1326
Fellsmúla 24 - Sími: 440 1322
Langatanga 1a, Mos. - Sími: 440 1378
Dalbraut 14, Akranes - Sími: 440 1394
Bíldshöfða 2 - Sími 440 1318
Ægisíðu 102 - Sími: 440 1320
Reykjavíkurvegi 56, Hfj. - Sími: 440 1374
Vesturbraut 552, Vallarheiði - Sími: 440 1372

N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
N1 – Meira í leiðinni

Óvænt kjarakaup:

Sokkar á rakarastofu

Fátt vita meðvitaðir neytendur skemmtilegra en að gera góð kaup. Lalli skrifar: *„Ég gleymdi auka sokkum þegar ég fór í ræktina. Fór því bara berfættur út í skónum og ætlaði að þrauka berfættur út daginn. Leiðin lá í Fylgifiska á Suðurlandsbraut að kaupa úrvals fiskrétt í kvöldmatinn. Í glugganum á rakarastofu Ágústar og Garðars við hliðina sá ég sokkastand með því sem ég gat ekki betur séð en væru úrvals sokkar. Verðið líka fínt: þrjú pör í pakka á 620 kall. Ég var ekkert að tvínóna við þetta og skellti mér á pakka. Afgreiðslukonan var svo væn að láta mig fá sér poka undir sokkana svo ég þyrfti ekki að setja þá í Fylgifiskapokann. Því hver vill fiskangandi sokka? Góð kaup og sokkamálum dagsins reddað!"*

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

LAGERHREINSUN

Síðustu 2 dagarnir

Allt að 80% afsláttur

Smávara

Kertastjakar

Ljós og lampar

Stakir stólar

Borðstofuhúsgögn

Hillur og skápar

Barnahúsgögn frá Cilek

Útlitsgallaðar dýnur

og skiptidýnur frá

Svefn & heilsa

Takmarkað magn af öllu

Kletthálsi 13

Fimmtudag og föstudag

opið 10-18

Sími 660 0035

HÚSGÖGNIN HEIM

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.220 **+1,27%**

Fjöldi viðskipta: 333
Velta: 3.417 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
STR.-BURÐARÁS	+4,01%	TEYMI	-17,65%
ATORKA	+3,97%	EIK BANKI	-4,76%
SPRON	+3,13%	ATL. PETROLEUM	-2,53%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,80 +0,74% ... Atorka 5,50 +3,97% ... Bakkavör 24,15 -0,62% ... Eimskipafélagið 4,26 -1,39% ... Exista 7,23 +2,70% ... Glitnir 15,40 +2,80% ... Icelandair Group 20,10 -0,50% ... Kaupþing 739,00 +0,27% ... Landsbankinn 23,00 +0,88% ... Marel Food Systems 92,00 +0,55% ... SPRON 3,30 +3,13% ... Straumur-Burðarás 9,08 +4,01% ... Össur 96,10 +0,63%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Gömul hugmynd

„Með því að leggja niður íslenzku krónuna hættum við að geta búið til ýmisleg sjálfskaparvíti, svo sem íslenzka einkaverðbólgu og margvíslegar fjármagnstilfærslur í blekkingarskyni. Eftir það verður nánast ekki hægt að hafa meiri verðbólgu hér á landi en í nágrenninu," segir í leiðara Jónasar Kristjánssonar í Dagblaðinu, 8. október 1976. Þar fjallar hann um slaginn við verðbólguna og kveður niðurlagningu krónu annan tveggja valkosta. Hinn kostinn sagði hann að taka upp verðtryggingu.

Fullreynt með krónuna

Nú eru liðin rúm þrjátíu ár og vaðandi verðbólga þrátt fyrir allar verðtryggingar. Ef til vill er ekki að undra þótt enn sé hreyft við þeirri hugmynd að kasta krónunni. Í leiðaranum gamla segir Jónas í niðurlagi: „Vitanlega særir það stolt þjóðarinnar að hafa engan eigin gjaldmiðil. En það er illskárra en skömmin af þeirri krónu, sem þjóðin hefur verið að rýra í aldarfjórðung. Skynsamlegt gæti verið að viðurkenna getuleysi okkar við að halda reisn krónunnar og reyna að byggja upp heilbrigð fjármál á öðrum grundvelli."

MARKAÐSPUNKTAR

Norski seðlabankinn hefur ákveðið að halda stýrivöxtum sínum óbreyttum í 5,75 prósentum. Þetta er í samræmi við væntingar sérfræðinga í Noregi.

Innlánssstofnanir gáfu út 43 íbúðalán í ágúst en það jafngildir um tveimur lánveitingum á dag þá tuttugu viðskiptadaga sem voru í mánuðinum. Greiningardeild Kaupþings bendir á að ný lán hafi aldrei verið færri.

Kaupþing ætlar að bjóða út sértryggð skuldabréf með lánshæfismat Aaa frá Moody's til fagfjárfesta vegna fjármögnunar á nýjum íbúðalánum. Þetta er í samræmi við stefnu bankans að útboð á sértryggðum skuldabréfum til fjármögnunar á nýjum íbúðalánum fari fram að lágmarki ársfjórðungslega.

Verðbólga í 14 prósent

Verðbólga jókst lítið eitt minna en greiningardeildir banka höfðu spáð milli mánaða í september, eða um 0,86 prósent. Tólf mánaða verðbólga fór þar með í 14,0 prósent, samvæmt Hagstofu Íslands, úr 14,5 prósentum í ágúst.

Verðbólga án húsnæðis er heldur meiri, eða 1,25 prósent milli ágúst og september, en 14,7 prósent horft til 12 mánaða.

Greiningardeildir bankanna hafa allar spáð hraðri hjöðnun verðbólgu á næsta ári og telja hana nærri hámarki nú.

Í frétt Hagstofunnar kemur fram að verð á fötum og skóm hafi hækkað um 11,2 prósent, aðallega vegna sumarútsöluloka. Verð á þjónustu hækkaði um 1,1 prósent.

Kostnaður vegna eigin húsnæðis lækkaði hins vegar um 0,7 prósent. „Þar af voru áhrif af lækkun markaðsverðs -0,14 prósent en áhrif af hækkun raunvaxta voru 0,03 prósent," segir Hagstofan. Verð á nýjum bílum lækkaði um 1,8 prósent. **- óká**

Í SEÐLABANKANUM Seðlabankastjórarnir Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson á vaxtaákvörðunarfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hlutafé aukið til vaxtar

Hluthafar samheitalyfjafyrirtækisins Actavis hafa ákveðið að bæta 180 milljónum evra, jafnvirði 25 milljarða króna, í bækur félagsins. Stærsti hluthafinn, Novator, sem er í eigu stjórnarformannsins Björgólfs Thors Björgólfssonar, leggur til áttatíu prósent af nýju hlutafé, jafnvirði tuttugu milljarða króna. Aðrir hluthafar leggja til í samræmi við eignarhlut.

„Það eru mörg tækifæri í samheitalyfjabransanum nú á sama tíma og afskaplega lítið lánsfé er í boði. Það er því frábært að fá þetta," segir Sigurður Óli Ólafsson, forstjóri Actavis. „Þessi viðbót gerir okkur kleift að vaxa frekar." Sigurður bætir við að Actavis sé að skoða nokkur tækifæri, svo sem kaup á frumlyfjum frá rótgrónari fyrirtækjum.

Enn fremur segir Sigurður niðursveifluna nú koma samheitalyfjafyrirtækjum á borð við Actavis til góða. „Fólk sparar seint við sig í lyfjakaupum. Samheitalyfin eru ódýrari en frumlyfin og við sjáum aukningu ef eitthvað er," segir hann. **- jab**

SJÁLFBÆR LÍFSSTÍLL • SJÁLFBÆR SAMFÉLÖG • SJÁLFBÆR FYRIRTÆKJAREKSTUR

Vistvernd í verki

Menntun til sjálfbærni

Námstefna Vistverndar í verki
3.-5. október 2008
Sólheimum í Grímsnesi

Á dagskrá námstefnunnar er:
- Visthópaverkefnið á Íslandi
- Leiðir til að þróa hópastarf
- Framtíðarstefnumótun Vistverndar í verki.
- Hvernig virkjum við fólk og hvetjum til dáða?
- Mismunandi útfærslur verkefnisins: heimilið, vinnustaðurinn, netið og skólinn

Leiðbeinendur
- Marilyn og Alexander Mehlmann, brautryðjendur Vistverndar í verki (Global Action Plan, GAP) í Evrópu og Asíu
- Peter van Luttervelt, sérfræðingur í vinnustaðaráðgjöf og brautryðjandi GAP í Hollandi

Skráning og upplýsingar á vef Landverndar:
www.landvernd.is/vistvernd
og hjá Sigrúnu í síma 552 5242

Nokkur sveitarfélög og fyrirtæki styrkja starfsmenn sína og áhugasama einstaklinga til þátttöku. Kannaðu málið.

Vistvernd í verki í Evrópu er eitt fárra verkefna sem hlotið hefur viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna fyrir að stuðla að menntun til sjálfbærrar þróunar.

Nýtið einstakt tækifæri til að efla umhverfismennt Íslandi.

Bakhjarlar Vistverndar í verki eru:
Umhverfisráðuneytið · Fura · Gámaþjónustan · Hringrás
Landsvirkjun · Orkuveitan · Sorpa · Sorpstöð Suðurlands

Ísland ekki með í gjaldeyrisskiptum

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur gert 40 milljarða dollara gjaldeyrisskiptasamning við seðlabanka Norðurlandanna og Ástralíu. Ísland er ekki aðili að samningnum.

„Það vakna auðvitað spurningar um af hverju Ísland er ekki með í þessum samningum. Það hefði auðvitað verið æskilegt að Ísland hefði fengið að vera með í þessum samningi," segir Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis.

Samkvæmt samningnum, sem tilkynnt var um aðfaranótt miðvikudags, munu seðlabankar Svíþjóðar og Ástralíu fá aðgang að 10 milljörðum hvor, og seðlabankar Danmerkur og Noregs fá aðgang að fimm milljörðum hvor. Markaðurinn hefur eftir Seðlabanka Svíþjóðar að seðlabankar Norðurlandanna hafi átt frumkvæði að samningi. Engar skýringar hafa fengist á því af hverju Seðlabanki Íslands er ekki með í þessum samningi.

„Að svo stöddu er ekki að vænta yfirlýsingar Seðlabanka Íslands um gjaldmiðlaskiptasamninga bandaríska seðlabankans við seðlabanka nokkurra landa sem tilkynnt var um í morgun" segir í tilkynningu Seðlabanka Íslands.

Í tilkynningu frá Seðlabanka Bandaríkjanna var þessi ákvörðun skýrð með „auknum þrýstingi á mörkuðum" og eftirspurn eftir dollurum. Í síðustu viku fjórfaldaði Seðlabanki Bandaríkjanna upphæðir sem seðlabönkum Evrópu, Sviss, Englands, Japans og Kanada standa til boða með gjaldeyrisskiptasamningum.

„Af þessum samningum sést viðleitni Seðlabanka Bandaríkjanna til að leggja sitt af mörkum til að verja fjármálakerfi heimsins," segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, en í laugardagsblaði Fréttablaðsins lýsti Ólafur þeirri skoðun sinni að Ísland ætti að leita eftir samningi af þessu tagi. „Ég kalla eftir því að Seðlabankinn skýri af hverju hann er ekki þátttakandi í þessum samningum" segir Ólafur.

Ásgeir Jónsson hjá greiningardeild Kaupþings segir að það sé gjaldeyrisskortur á markaðnum og að það hefði verið virkilega jákvætt ef íslenski seðlabankinn hefði verið með í þessum samningi.

„Fyrirfram er ástæðulaust að gera ráð fyrir öðru en að slíku erindi yrði vel tekið," segir Ólafur og bætir við að slíkur samningur væri „gríðarlega mikilvægur fyrir Ísland, en örsmár fyrir Seðlabanka Bandaríkjanna". Ingólfur Bender tekur í sama streng og segir að fyrst Seðlabanki Bandaríkjanna sé tilbúinn til að koma seðlabönkum annarra landa til hjálpar með þessum hætti veki það ákveðnar vonir um að umleitunum Íslendinga myndi tekið vel.

Samkvæmt heimildum Markaðarins eru tvær skýringar mögulegar á því af hverju Ísland hafi ekki verið með í þessum samningi. Annaðhvort hafi seðlabankar Norðurlandanna eða Bandaríkjanna hafnað þátttöku Íslands, eða að Seðlabanki Íslands hafi ekki sóst eftir þátttöku.

msh@markadurinn.is

Gjaldeyrisskiptasamningar Seðlabanka Bandaríkjanna

Með gjaldeyrisskiptasamningi Seðlabanka Bandaríkjanna við seðlabanka Ástralíu, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur bætast 40 milljarðar við 180 milljarða í nýjum samningum sem tilkynntir voru á fimmtudaginn var.

Heildarupphæð gjaldeyrisskiptasamninga Seðlabanka Bandaríkjanna við alþjóðlega seðlabanka nemur nú **287 milljörðum dollara.**



© GRAPHIC NEWS/FRÉTTABLAÐIÐ

Tölur eru í milljörðum dala

BEN BERNANKE

Krónan tók óvæntan sprett

Gengi krónunnar tók sprett um stundarfjórðungi fyrir lokun gjaldeyrismarkaða í gær eftir nokkra veikingu framan af degi og styrktist gengi krónunnar um 1,87 prósent þegar yfir lauk. Gengisvísitalan, sem hafði snert tæp 183 stig um þrjúleytið, endaði í 178,8 stigum.

Þetta er fimmti dagurinn í mánuðinum sem krónan styrkist en annað skiptið sem hækkunin er meiri en eitt prósent.

Vísitalan hefur legið í hæstu hæðum upp á síðkastið og endaði í hæsta gildi, 181,4 stigum, í fyrradag.

Veltan nam samtals 25,8 milljörðum króna á gjaldeyrismarkaði í gær.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst skýrist styrkingin í lok dags af því að innlendir fjárfestar hafi ekki talið líkur á að evran muni rjúfa 140 krónur í bráð og því selt evrur og bandaríkjadali í skiptum fyrir krónur í töluverðu magni.

Þá megi einnig vera að einhver hluti styrkingarinnar liggi í því að Landsbankinn hefur sett þak á samningsupphæðir í afleiðusamningum með gjaldeyri en það hefur verið lækkað úr 300 milljónum króna í 100 milljónir.

Samkvæmt heimildum Markaðarins kemur þetta fram í tölvupósti sem starfsmaður bankans sendi fyrir mistök á hóp viðskiptavina. Í bréfinu kom fram að ástæða lækkunar þaksins væri sú að verið væri að verja eiginfjárstöðu bankans. Slíkt þak er ekki hjá hinum stóru viðskiptabönkunum, eftir því sem Markaðurinn kemst næst. **- jab/óká**

ÍSLENSKIR SEÐLAR Innlendir fjárfestar seldu erlendan gjaldeyri rétt fyrir lokun viðskiptadagsins í gær. Það skilaði sér í snarpri styrkingu krónunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKT SVÍNAHAKK
530 KR./KG. MERKT VERÐ 884 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKT SVÍNAGÚLLAS
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKT SVÍNASNITSEL
1127 KR./KG. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.

499

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
499 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
1070 KR./KG. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS ÚRBEINUÐ HELGARSTEIK
998 KR./KG. MERKT VERÐ 1663 KR./KG.

798

NAUTAAT FERSKT NAUTAHAKK
798 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

FERSKUR KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
539 KR./KG. MERKT VERÐ 899 KR./KG.

1498

KRAFT ÍSLENSKAR KJÚKLINGABRINGUR
***FRYSTIVARA* 1498 KR./KG.**

398

FROSIN KJÚKLINGALÆRI
398 KR./KG. ÍSFUGL

398

FROSNIR KJÚKLINGALEGGIR
398 KR./KG. ÍSFUGL

98

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
385g (hálft) **98 KR.**

259

AÐEINS 1% FITA.
ÞURRSTEIKTAR BÓNUS FISKIBOLLUR
430g **259 KR.** 8 BOLLUR Í PAKKA.

25% AFSLÁTTUR

SVEITABJÚGU
299 KR./KG.
MERKT VERÐ 398 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

SPARIGRÍS BACON
998 KR./KG.
MERKT VERÐ 1663 KR./KG.

COKE &
COKE LIGHT
1 ltr.
98 KR.

98

ÍSLANDS GRÍS

FERSKAR SVÍNALUNDIR
1399 KR./KG.
MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Löggæslumál landsins eru í uppnámi.

Samskiptin við dómsmálaráðherra

JÓN KALDAL SKRIFAR

Lögreglumennirnir suður með sjó sem vilja hætta ætla ekki að kveðja þegjandi og halla hurðinni varlega á eftir sér. Samskiptin við dómsmálaráðuneytið hafa verið afar stirð, segir í fréttatilkynningu sem Jóhann R. Benediktsson, fráfarandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, sendi frá sér í gær. Tilefnið er að hann ásamt þremur lykilmönnum embættisins hafa óskað eftir því að láta af störfum um næstu mánaðamót því þeir telja algjöran trúnaðarbrest hafa orðið milli sín og ráðuneytisins.

Öllu nákvæmari lýsingu á samskiptunum við Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er að finna í Fréttablaðinu í dag, í viðtali við Eyjólf Kristjánsson, einn fjórmenninganna. Þar fer maður sem hefur fengið sig fullsaddan af viðmóti dómsmálaráðherra. Samskiptum embættis síns við ráðuneytið lýsir Eyjólfur sem stöðugu einelti ráðherrans og ráðgjafa hans þar sem málefnalegum forsendum og faglegum vinnubrögðum hafi verið kastað fyrir róða.

Þetta er ekki fallegur vitnisburður um stjórnvisku dómsmálaráðherra, svo ekki sé minnst á hæfileika hans til að eiga í mannlegum samskiptum. Skortur á því síðarnefnda kemur reyndar ekki á óvart í blaðamannastétt því Björn Bjarnason er eini maðurinn á Íslandi sem treystir sér ekki til að svara blaðamönnum í gegnum síma. Hann tekur aðeins við spurningum í tölvupósti.

Hvernig ráðherrann kýs að haga samskiptum sínum við annað fólk er þó smámál við hliðina á þeirri trú hans að allt sé í himnalagi í löggæslumálum landsins.

Hér er listi yfir helstu uppákomur á þeim vettvangi allra síðustu daga: Íbúar í Seljahverfi halda fjölmennan fund með lögreglunni í Ölduselsskóla. Þeir lýsa yfir áhyggjum af tíðum innbrotum í hverfinu og að lögregluþjónar sjáist þar sjaldan. Íbúasamtök Laugardals kvarta yfir öryggisleysi í Laugardal, að ógæfufólk haldi þar til afskiptalaust, því fylgi sprautunálar og áreiti en aldrei sjáist lögreglumenn við eftirlit, Bæjaryfirvöld í Grindavík ætlja ríkisvaldið fyrir að standa ekki við gerða samninga um aukna löggæslu. Lögreglufélag Reykjavíkur logar í illdeilum, lögreglumenn segja sig úr félaginu, meðlimir í sérsveit Ríkislögreglustjóra senda ályktun til fjölmiðla og lögreglumenn í fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra gera hið sama. Rótin að úrsögnunum og ályktununum er skiptar skoðanir á skipulagi löggæslumála milli Ríkislögreglustjórans og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Allt þetta gerðist á rúmlega viku.

Það er að ýmsu leyti lýsandi fyrir stöðu löggæslumála landsins að á sama tíma og lögreglumenn á Suðurnesjum funduðu í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju í gær, var dómsmálaráðherra í Háskólanum á Bifröst að lýsa hugmyndum um stofnun þjóðaröryggisdeildar. Hlutverk slíkrar deildar væri meðal annars að koma í veg fyrir möguleg hryðjuverk og landráð með forvirkum rannsóknarheimildum.

Það þarf einhver að taka að sér að kippa dómsmálaráðherra inn í íslenskan hversdagsleika. Hann er örugglega ekki jafn spennandi í augum ráðherrans og alþjóðlegar njósnir, en hlýtur þó að eiga að vera í forgangi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í fremstu röð

Sjálfstæðisflokkurinn efnir til fundar með bæjarstjórunum í Reykjanesbæ, Garðabæ og Seltjarnarnesi en þessi bæjarfélög reyndust hlutskörpust í könnun Capacent Gallup um þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Munu bæjarstjórarnir ræða þennan góða árangur við ráðgjafa Capacent. Full ástæða er til að hvetja borgarfulltrúa í Reykjavík til að mæta á fundinn, hlusta vel. Og ekki vera hræddir við að spyrja.

Grjótkast

Jón F. Bjartmarz yfirlögregluþjónn tók Staksteina Morgunblaðsins á beinið í blaðagrein í gær. Vísar Jón í dálkinn frá 10. september síðastliðnum, þar sem spurt var hvaða verkefnum sérsveitin væri að sinna þegar hún væri ekki við æfingar. Jón segir að svörin við því hafi mátt finna í sama blaði og dregur þá ályktun að Staksteinahöfundur lesi ekki sitt eigið blað.

Þegar Björn skrifaði Staksteina

Eins og Jón Bjartmarz bendir á er hann ekki einn um að þykja sleifarlag á skrifum Staksteina um þessi mál. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra gerir skrifin að umtalsefni á heimasíðu sinni og segir: „Þegar ég skrifaði Staksteina, var lögð rík áhersla á, að höfundar væru vel að sér um það, sem birst hefði í Morgunblaðinu. Skyldi sú regla ekki lengur við lýði?" Hvernig væri að Björn liti inn uppi á Mogga og sýndi mönnum þar á bæ hvernig á að skrifa Staksteina!

bergsteinn@frettabladid.is

Pilsfaldakapítalismi

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Fjármálakreppan

Fjármálaráðherra Bandaríkjanna hefur beðið þingið í Washington um heimild til að taka 700 milljarða dollara lán til að forða fjármálakerfi landsins frá frekari skakkaföllum. Fjárhæðin, sem skattgreiðendum er með tímanum ætlað að reiða fram, nemur fimm prósentum af framleiðslu Bandaríkjanna 2007. Það gerir 9.200 dollara á hverja fjögurra manna fjölskyldu þar vestra eða nálega 900.000 krónur á gengi dagsins.

Meðaltekjur bandarískra heimila eru nú um 60.000 dollarar á ári. Það samsvarar 90.000 dollurum á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Óvíst er, hvort þessir 700 milljarðar hrökkva fyrir tilætluðri hreingerningu. Kenneth Rogoff, prófessor á Harvard og fyrrum aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, lítur svo á, að hreingerningin geti kostað allt að þrisvar sinnum meira fé, þegar allt kemur til alls, eða 2.000 milljarða dollara. Reynist það rétt, mun reikningurinn á endanum nema 26.000 dollurum eða tveim og hálfri milljón króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Það getur því tekið meðalfjölskyldu allt upp í þrjá eða fjóra mánuði að vinna fyrir því fé, sem þarf til að moka flórinn í fjármálageiranum.

Fyrri fjármálakreppur

Hreingerningin eftir fjöldagjaldþrot banka og sparisjóða í Bandaríkjunum 1986-95 kostaði fjögur prósent af landsframleiðslunni þar vestra; um skeið var talið, að kostnaðurinn myndi nema allt að tíu prósentum af landsframleiðslu, en svo illa fór þó ekki. Einn þeirra, sem setti sparisjóð á hausinn með ótæpilegum útlánum og bruðli og varpaði 1,3 milljarða dollara skaða á skattgreiðendur, var Neil Bush, bróðir Bandaríkjaforseta. Hann slapp með 50.000 dollara sekt og bann við frekari aðkomu að bankastjórn (Repúblikanaflokkurinn skaut saman fyrir sektinni). Fimm þingmenn sættu sérstakri rannsókn siðanefndar Bandaríkjaþings fyrir að mylja undir spilltan sparisjóðsstjóra, sem var dæmdur í tólf ára fangelsi. Einn þeirra var John McCain, nú forsetaframbjóðandi repúblikana. Hann slapp með áminningu fyrir lélega dómgreind.

Hversu mikið fé hafa bankakreppur annars staðar kostað skattgreiðendur? Bankakreppan á Norðurlöndum fyrir tæpum 20 árum kostaði skattgreiðendur í Noregi og Svíþjóð þrjú til fjögur prósent af landsframleiðslu og í Finnlandi 13 prósent, þar eð hrun Sovétríkjanna um svipað leyti þyngdi róðurinn í finnsku efnahagslífi. Um sjöttungur útistandandi bankalána í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi lenti í vanskilum. Rót vandræðanna í löndunum þrem mátti rekja til óhóflegrar útlánaaukningar í kjölfar frívæðingar fjármálakerfisins. Var frívæðingin misráðin? Nei, en henni hefði þurft að fylgja eftir með strangara aðhaldi og eftirliti. Hreingerningin eftir fjármálakreppuna í Japan 1997 kostaði fjórðung af landsframleiðslu; þar lenti þriðjungur lána í vanskilum. Þessar tölur eru sóttar í nýja skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þeir hirða hagnaðinn, þú berð tapið

Tvær ákvarðanir stjórnvalda ollu miklu um kreppuna nú á bandarískum fjármálamörkuðum. Í fyrsta lagi lækkaði Seðlabanki Bandaríkjanna vexti eftir 2000, svo að húsnæðisverð hækkaði upp fyrir eðlileg mörk (líkt og gerðist hér heima nokkru síðar, þegar ódýrt erlent lánsfé tók að streyma inn í landið). Bankar og aðrar lánastofnanir gengu á lagið og fóru geyst í útlánum, einkum með undirmálslánum til húsakaupa handa fólki, sem tók lánin með tvær hendur tómar. Þegar húsnæðisbólan hjaðnaði, rýrnuðu veð bankanna og vanskil hlóðust upp. Í annan stað afnam Bandaríkjaþing 1999 með lögum gamalt bann frá 1933 gegn því, að viðskiptabankar starfi einnig sem fjárfestingarbankar. Þessari lagabreytingu fylgdi mun veikara bankaeftirlit en áður og meiri áhættufíkn bankanna. Þeir tóku að veita lán í miklu stærri stíl en áður og selja skuldaviðurkenningar lántakenda öðrum bönkum og þannig koll af kolli.

Þessi keðjubréf breyttu bankalandslagi Bandaríkjanna í jarðsprengjusvæði í þeim skilningi, að enginn veit lengur fyrir víst, ekki heldur bankarnir sjálfir, hvar útlánaáhættan liggur grafin. Bankarnir þora því ekki lengur að lána hver öðrum. Jörðin er frosin. Aðalhöfundur nýju laganna var Philip Gramm, efnahagsráðgjafi Johns McCain. Ríkisstjórn Bush forseta eygir enga leið aðra út úr ógöngunum en að senda skattgreiðendum reikninginn án þess þó að skerða hár á höfði sökudólganna. Þetta er sósíalismi andskotans í allri sinni dýrð: pilsfaldakapítalismi.

Hagfræðikreppa

UMRÆÐAN
Gunnar Tómasson skrifar um efnahagsmál

GUNNAR TÓMASSON

Aðsteðjandi vandi í alþjóðlegum peninga- og efnahagsmálum markar tímamót á sviði nútíma hagfræðihugsunar og gjaldþrot þeirrar hugmyndafræði stjórnvalda víða um heim sem fluttist úr hagfræðideildum bandarískra háskóla yfir í valdamestu stefnumótandi stofnanir í Washington D.C. upp úr 1970 og kallast The Washington Consensus.

Rót vandans liggur í sakleysislegri tilgátu sem þekktasti hagfræðingur á síðari hluta 20. aldar, Nóbelsverðlaunahafinn Paul A. Samuelson, setti fram í doktorsritgerð við Harvard-háskóla 1942 gagngert í þeim tilgangi að ryðja notkun algebru og örsmæðareiknings (e. calculus) braut við athugun á fræðilegum haglíkönum – tilgátan er svohljóðandi:

Markaðshagkerfi er „kerfi í „varanlegu" hreyfanlegu jafnvægi" (e. „a system in „stable" equilibrium or motion", Foundations of Economic Analysis, bls. 5)

Í þessari meginkennisetningu ráðandi (e. mainstream) nútíma hagfræði felst sú hugmynd að sérhvert frávik frá jafnvægisskilyrðum markaðshagkerfa leiðréttist af sjálfu sér vegna sjálfkrafa viðbragða þeirra drifkrafta sem knýja hagkerfið á braut hreyfanlegs jafnvægis líkt og þyngdaraflið stýrir brautum allra efnisagna alheims í aflfræði Newtons.

Tilgáta í þessa veru er ekkert verri en margt annað sem akademískir fræðimenn geta látið sér detta í hug og var engum til meins svo lengi sem hún hélt sig innan dyra í akademíu. Og hefði væntanlega vakið menn til umhugsunar strax 1942 ef einhverjum hefði dottið í hug að hún yrði tekin alvarlega af stjórnvöldum á sviði peningamála heims upp úr 1970.

Því í tilgátunni felst að peningalegt jafnvægi í hagkerfum einstakra þjóða og heimsins alls verður bezt tryggt með því að stjórnvöld og seðlabankar heims standi ekki í vegi fyrir því jafnvægi, sem tilgátan segir felast í markaðsöflum, heldur víki til hliðar.

Í dag eru peningakerfi einstakra þjóða og heimsins alls í uppnámi - tilgátan reyndist ekki eiga við rök að styðjast.

Höfundur er hagfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ABBA LOKSINS Á ÍSLANDI!

Vinsælasta ABBA-sýning í heimi á stórtónleikum í Vodafonehöllinni

THE MUSIC OF ABBA

Laugardagskvöldið 8. nóvember kl. 21

Sýningin nýtur gríðarlegra vinsælda og hafa ABBA-aðdáendaklúbbar víða um heim kosið hana bestu ABBA-sýningu allra tíma. Arrival vinnur náið með höfuðpaurum ABBA, þeim Björn og Benny, og er þessa dagana að gefa út áður óútgefið ABBA-lag sem ber heitið *Just a notion*.

Dancing Queen ✦ Money, Money, Money ✦ Voulez-Vous Waterloo ✦ The Winner Takes it All ✦ I Do I Do I Do I Do Knowing Me, Knowing You ✦ Super Trouper ✦ Fernando S.O.S. ✦ Mamma Mia ✦ Take A Chance On Me og fleiri lög

PORT hönnun

Verð: 4.900 kr.

Miðasala hefst á morgun, föstudaginn 26. september kl. 10 á midi.is

Egill lite · IH ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR · Skemmtigarðurinn · Fjörefli ehf. · midi.is

Gefðu húðinni nýtt líf með efnum úr Dauðahafinu.
Handáburður, fótakrem, Aloe Vera gel, Body lotion og sjampó. 400 krónur hver.

Öðruvísi baðfatnaður
Settu á þig hanskann og skelltu þér í bað. Hanskinn er 12x17 cm og er hrjúfur svo að sápan freyðir sérlega mikið undir sturtunni. 200 krónur.

Þarf að greiða úr flækjunni?
Svartir og silfraðir hárburstar, ferkantaðir eða sporöskjulaga. Svo fást speglar í stíl. 300 krónur stykkið.

Baðskrúbbur
Tréburstí, fínn fyrir alla sem eru með stutta handleggi, hvort sem þeir fara í baðker eða sturtu. 300 krónur.

Ilmandi hendur
Þú getur valið um ýmiss konar ilm þegar þú kaupir Maxam-handsápu. Lavender, páskaliljur, rósir eða epli? Þitt er valið, þú færð tvær sápur fyrir 200 krónur.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

Gamaldags hægristefna

UMRÆÐAN
Sóley Tómasdóttir og Hermann Valsson skrifa um leikskólamál

SÓLEY TÓMASDÓTTIR

HERMANN VALSSON

Heimgreiðslur eru orðnar að veruleika. Í Reykjavík geta foreldrar valið um að setja börn sín á leikskóla eða þiggja 35.000 króna greiðslu frá borginni fyrir að hafa þau heima. Heimgreiðslur, kynntar sem hluti af aðgerðaráætlun undir slagorðinu „Þjónustutrygging – jafnræði og jafnrétti“. Slagorðasérfræðingur auglýsingastofunnar virðist ekki hafa kafað djúpt ofaní málið.

Kvennagildra

Heimgreiðslur byggja ekki á jafnræði og jafnrétti. Þær hafa neikvæð áhrif á jafnræði og jafnrétti. Reynsla nágrannalanda okkar sýnir það og ekkert bendir til þess að því yrði öðruvísi farið hér.

Rannsóknir kynjafræðinnar hafa sýnt fram á sterka neikvæða og víxlverkandi fylgni milli tekna og fjölskylduábyrgðar. Það þýðir að þeim mun lægri sem tekjur einstaklinga eru, þeim mun líklegra er að viðkomandi beri meiri ábyrgð á fjölskyldu og heimili en makinn. Að sama skapi hefur verið sýnt fram á að þeim mun meiri ábyrgð sem einstaklingur ber á fjölskyldu og heimili, þeim mun lægri tekjur hefur viðkomandi.

Tengslin milli kynbundins launamunar og ójafnrar ábyrgðar kynjanna inni á heimilunum eru skýr. Heimgreiðslur verða aðeins til að styrkja þessi tengsl. Heimilisábyrgð færist í auknum mæli á herðar kvenna sem svo aftur leiðir til aukningar á kynbundnum launamun. Þetta er mat sérfræðinga, hérlendis og erlendis.

Heimgreiðslurnar ganga þvert á samþykkta stefnumörkun Reykjavíkurborgar sem hefur einsett sér að vera í fararbroddi á sviði kynjajafnréttis og mannréttinda. Í mannréttindastefnu borgarinnar er kveðið á um að ávallt skuli tekið mið af þörfum og viðhorfum beggja kynja og áhrif allra ákvarðana á stöðu kynjanna skuli greind áður en þær eru teknar. Jafnframt er þar lögð sérstök áhersla á að vinna gegn stöðluðum ímyndum um hlutverkaskiptingu kynjanna hvað snertir fjölskylduábyrgð.

Stéttagildra

Áhrif heimgreiðslna eru ekki bara kynbundin, heldur líka stéttbundin. Í Noregi hefur verið sýnt fram á að meirihluti þeirra sem nýta sér heimgreiðslur eru konur af erlendum uppruna, með lágar tekjur og lágt menntunarstig. Og aftur er ekkert sem bendir til þess að hlutirnir verði öðruvísi hér en í nágrannalöndunum.

SAMANBURÐUR Á RÁÐSTÖFUNARTEKJUM

Greidd laun skólaliða	125.558 kr.
Leikskólagjöld	12.581
Ráðstöfunartekjur	112.997
Greiddar atvinnuleysisbætur	116.613
Heimgreiðslur	35.000
Ráðstöfunartekjur	151.613

Það er augljóst að sú upphæð sem hér um ræðir gagnast fyrst og fremst fólki með lágar tekjur. Þrjátíu og fimm þúsund krónur skipta ekki máli fyrir fólk sem á milljónir, en einstæð móðir í láglaunastarfi gæti þurft að hugsa sig um.

Á meðfylgjandi mynd sést að 25 ára gömul einstæð móðir sem starfar sem skólaliði hefur til ráðstöfunar tæplega 113 þúsund krónur á mánuði við núverandi aðstæður. Ef þessi kona væri á atvinnuleysisbótum hefði hún rúmar 151 þúsund krónur til ráðstöfunar á mánuði, enda kæmi þjónustutrygging í stað leikskólagjalds.

Hjá láglaunafólki skiptir hver þúsundkall máli. Borgaryfirvöldum ber að stuðla að þátttöku allra í samfélaginu, að allt fólk eigi þess kost að taka þátt í atvinnulífinu og að öll börn eigi þess kost að stunda leikskólanám. Samþykkt heimgreiðslna er mikil afturför í þeirri vinnu.

Gamaldags og hægrisinnaður meirihluti

Heimgreiðslur eru hluti af aðgerðaráætlun gamaldags hægrisinnaðs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Aðgerðaráætlun sem byggir á stefnu Sjálfstæðisflokksins úr kosningabaráttunni 1994.

Blessunarlega bar Sjálfstæðisflokkurinn skarðan hlut frá borði vorið 1994. Síðan þá hefur metnaðarfull uppbygging vandaðra og sterkra leikskóla átt sér stað. Leiðin hefur ekki verið greið og alls ekki alltaf auðveld. Markmiðið hefur þó alltaf verið skýrt: öruggir og faglegir leikskólar fyrir öll börn í borginni.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Óskars Bergssonar ætlar nú að snúa 14 ára uppbyggingarstarfi til baka. Skila peningunum aftur til fólksins, gera leikskóla að rekstrareiningum og hafna samfélagslegum úrræðum.

Gamaldags hægristefna á ekki við í leikskólamálum. Þar gildir framsýni og kjarkur til að breyta. Kjarkur til að taka á erfiðum viðfangsefnum. Kjarkur til að bæta aðbúnað og starfskjör starfsfólks í leikskólum. Kjarkur til að endurskoða forgangsröðun við útdeilingu fjármuna og forgangsröðun verkefna. Kjarkur sem ekki er til staðar hjá núverandi meirihluta.

Sóley er fulltrúi VG í leikskólaráði og Hermann varafulltrúi.

Höldum áfram að fækka slysum

UMRÆÐAN
Kristján Möller skrifar um umferðaröryggi

KRISTJÁN MÖLLER

Í sumar hefur umferðin í landinu gengið þokkalega vel og tölur um slys og óhöpp sýna að þróunin er í rétta átt: þeim fækkar í heildina. Séu tölur skoðaðar nánar, til dæmis frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu má þó greina að óhöppum í tengslum við ölvunarakstur og fíkniefnaneyslu hefur fjölgað og er það áhyggjuefni.

Umferðaröryggisáætlun er hluti samgönguáætlunar og gildir hún til ársins 2010. Markmið stjórnvalda með henni er að fækka slysum og fjölda slasaðra og látinna. Verkefnin beinast að ökumönnum og hegðan þeirra með til dæmis auknu hraðaeftirliti, þau snúast um fræðslu, gerð öruggari vega og umhverfis þeirra svo nokkuð sé nefnt. Hátt í 500 milljónum króna er varið til verkefnanna í ár og kringum 450 milljónum á ári næstu tvö árin.

Banaslys í hlutfalli við ekna kílómetra er áreiðanlegur mælikvarði til samanburðar við nágrannalönd og tölur þaðan eru svipaðar þessum. Ég er sannfærður um að við erum á réttri leið og má bæði þakka það ábyrgð ökumanna og aðhaldi lögreglu.

Auknir fjármunir skila árangri

Fjármunir frá umferðaröryggisáætlun hafa meðal annars verið notaðir til að útvega lögreglunni ratsjártæki með myndavélum í lögreglubíla og lögreglubifhjól og lögregluembætti víða um land hafa fengið sérstaka fjárveitingu til aukins eftirlits. Þá hafa verið keyptar hraðamyndavélar sem settar hafa verið upp á nokkrum stöðum á þjóðvegum og fleiri eru á leiðinni. Allt þetta skilar sér í færri slysum og lækkandi ökuhraða.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur skráðum umferðarslysum fækkað um 37% fyrstu sjö mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Fækkunin er 24% milli júní og júlí á þessu ári. Þarna erum við að tala um tugi slysa. Kærum vegna umferðarlagabrota hefur að sama skapi fækkað eða um 26% fyrstu sjö mánuðina.

Þetta er ánægjuleg þróun og við þurfum að halda áfram á þessari braut, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur um landið allt.

Það er líka athyglisvert að skoða tölur um látna í umferðinni á Íslandi miðað við ekna kílómetra síðustu áratugina. Á árunum 1975 til 1980 var fjöldi látinna á hverja milljón ekinna kílómetra á bilinu 25 til 40. Árin 1980 til 2000 fór þessi tala jafnt og þétt lækkandi úr kringum 25 í 10. Allra síðustu árin hefur þessi tala enn lækkað, verið milli 5 og 10. Hún var á síðasta ári 5 en eftir slysaárið slæma 2006 létust 10 miðað við milljón km akstur.

Banaslys í hlutfalli við ekna kílómetra er áreiðanlegur mælikvarði til samanburðar við nágrannalönd og tölur þaðan eru svipaðar þessum. Ég er sannfærður um að við erum á réttri leið og má bæði þakka það ábyrgð ökumanna og aðhaldi lögreglu.

Ábyrgðin er okkar

Eftirlit lögreglunnar með okkur ökumönnum er nauðsynlegt til að halda ökuhraða í skefjum og innan löglegra marka. Það hefur sýnt sig að án aðhalds lögreglu höfum við tilhneigingu til að sýna af okkur kæruleysi á þessu sviði. Við sjáum þegar við hugsum málið ofan í kjölinn að slagorðið ,,hraðinn drepur – í alvörunni” er staðreynd. Með því að draga úr hraðakstri getum við fækkað slysum. Þar kemur fyrst og fremst til ábyrgð okkar sjálfra undir stýri.

Ég vil þakka ökumönnum fyrir þá ábyrgu hegðan og ég leyfi mér að heimfæra upp á þá þessa fækkun slysa. En betur má ef duga skal og ég endurtek það sem ég hef áður sett fram að við sem ökumenn ráðum sjálf mestu um framkomu okkar í umferðinni. Sýnum ábyrgð og aga og látum ekki stundargáleysi eða óþarfa asa ná tökum á okkur.

Höfundur er samgönguráðherra.

ÁHÆTTUREIKNIR HJARTAVERNDAR, sem er að finna undir slóðinni hjartarannsokn.is, metur áhættu einstaklings á að fá hjartasjúkdóm á næstu tíu árum. Vanti rétt gildi til að setja inn í reiknin má nálgast þau á heilsugæslustöð viðkomandi aðila. Einnig er velkomið að koma í áhættumat til Hjartaverndar.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

VERÐHRUN

Bjóðum 15 tungusófa í 4 mismunandi áklæðum

á aðeins kr. 69.000.- verð áður 139.000

yfir 200 gerðir af sófum

Patti lagersala

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

býður uppá haust tilboð á einkatímum og áhugaverð námskeið

Ungbarnanuddnámskeið 2 okt. og 6 nóv. verð kr. 12.000

Indverskt höfuð- og Andlitsnudd 4ja okt. og 13 nóv. verð kr. 15.000

Baknudd- Þrýstipunktar 1-2 nóvember verð kr. 19.000

Kynningarnámskeið í svæðanuddi 7 október verð kr. 22.000

einkatímar

Indverskt höfuð- og andlitsnudd með sérvöldum ilmolíum

Baknuddmeðferð með þrýstipunktum og ilmolíum

Svæðanuddmeðferð á viðbragðssvæði fóta

Verð einkatíma 30 mín kr. 3.000 og 60 mín kr. 6.000

Hómópatameðferð frá 4.000 kr. með "remedium"

faglærður kennari -meðferðaraðili meðlimur í BIG SMFI FÍSH

skoðaðu www.heilsusetur.is og vertu velkomin að hafa samband á prema@mmedia.is og í síma 896-9653

Katrín fær ekki leiða á tilgerðarlausum flíkum úr gæðaefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tilgerðarlaus með tvisti

Gamaldags, sportleg, rómantísk, nytsamleg og þægileg slá eftir Christopher Lemaire talaði til Katrínar Ólínu Pétursdóttur í ausandi rigningu í París á vormánuðum. Hún hefur gengið í henni allar götur síðan.

Gæðaefni, tilgerðarlaus snið með smá tvisti og falleg smáatriði höfða til Katrínar Ólínu Pétursdóttur, vöruhönnuðar og listamanns. „Ég fæ ekki leiða á slíkum flíkum á meðan aðrar geta dagað uppi inni í skáp," segir Katrín. Hún skaut sér inn í búð í mýrarhverfinu í París í ausandi rigningu á vormánuðum og féll þá fyrir grárri slá sem einmitt er þessum eiginleikum búin.

„Búðin var teppalögð og enginn inni í henni nema fýldur afgreiðslumaður. Á fóninum var dáleiðsluleg frönsk kvikmyndatónlist og þarna hékk slá sem talaði til mín. Ég sló til og keypti hana, fékk meira að segja afslátt og hef verið í henni í allt sumar."

Sláin er hönnuð af Christopher Lemaire, einum aðalhönnuði Lacoste. „Það er eitthvað sportlegt en í senn gamaldags við hana sem gerir hana rómantíska og frjálslega. Hún er þægileg og nytsamleg en mér finnst skipta mestu máli að líða vel í fötunum mínum. Þá finnst mér hiklaust þess virði að fjárfesta í yfirhöfnum og góðum skóm."

Silkiklúturinn sem Katrín ber við slána er hluti af smávörulínu hennar og fæst meðal annars í Belleville og Saltfélaginu en Katrín hefur ýmislegt annað á sinni könnu.

Á laugardaginn verður opnuð samsýningin ID-LAB í Hafnarhúsinu þar sem hún sýnir 85 fermetra teikningu og hreyfimyndaverk. Auk þess er hún þátttakandi í sýningunni 8+8 í Hafnarfirði en þar má sjá samvinnu hennar og steypustöðvarinnar Mest í steyptum garðbekk og kolli. Þá verður hún með sýningar ásamt öðrum Íslendingum í Tallin og Helsinki nú um mánaðamótin.

vera@frettabladid.is

TÍSKA

NÁM Í ÚTSTILLINGUM tekur yfirleitt tvö ár og skiptist í verklegan og bóklegan hluta. Nemendur fá þjálfun í að vinna með vörur, liti, form og annað við vöruframsetningu. Einnig er lögð áhersla á að þeir öðlist hagnýta þekkingu í að stilla út munum og vörum. Sjá www.idnskolinn.is.

Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Frábærar vörur pompea betra verð


Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

Axel Gómez, framkvæmdastjóri Sævars Karls í Bankastræti, í nýjustu hönnun Aquascutum, sem eru eitursvöl, þröng og aðsniðin jakkaföt í anda Bítlanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dýr föt seljast hraðast

Þótt kreppi að í pyngju landsmanna finnst engin örbirgð í vitund þeirra sem vilja líta vel út á krepputímum og klæða sig eftir sem áður ríkmannlega. Sala í dýrum merkjafatnaði blómstrar sem aldrei fyrr.

„Fínni búðir heimsins blómstra oft á krepputímum. Þá hafa menn ekki lengur efni á einbýlishúsum eða nýjum bíl, en kaupa sér í staðinn falleg föt. Við lifum því góðu lífi. Það er engin kreppa hér," segir Axel Gómez, einn af eigendum Sævars Karls, sem hefur ekki undan að selja Íslendingum dýran merkjafatnað.

„Íslendingar eru heimsborgarar og gera kröfur. Því dýrari sem fötin eru því hraðar seljast þau," segir Axel, sem meðal annars selur fatnað frá Dolce & Gabbana, Prada og Armani. „Við seljum gríðarlega mikið af Armani-jakkafötum og höfum síðustu þrjú ár verið með þeim stærstu í Evrópu í sérsaumuðum Armani-fötum; jafnstórir Harrods í Lundúnum. Þótt við séum fámenn þjóð erum við því eins og milljónaborg, enda skilja útlendingar ekkert í þessu. Búðin hefur aldrei verið flottari og gæti plumað sig á Madison Avenue í New York. Innan Armani er hún talin ein sú flottasta í Norður-Evrópu."

Klæðskerar frá Armani koma tvisvar á ári og taka mál af íslenskum viðskiptavinum sem fá nafn sitt bróderað í jakkafötin. „Hafi menn prófað þetta vilja þeir ekki annað, enda passa fötin fullkomlega, burtséð frá vaxtarlagi og kosta frá 150.000 krónum og upp úr," segir Axel, sem nú tekur upp herrafatnað frá hinu virta Aquascutum á Englandi. „Aquascutum var stofnað 1851 og hefur frá upphafi klætt bresku konungsfjölskylduna og Hollywood-stjörnur. Merkið hlaut heimsathygli þegar Edmund Hillary kleif fyrstur manna Everest árið 1953, íklæddur Aquascutum-frakka," segir hann um merkið sem þykir hafa orðið flottara með innkomu hönnuðarins Nicks Hart. „Þetta er töff lína fyrir smarta menn, föt í Bítlastíl; stuttur jakki með „miðavasa" og niðurþröngar buxur, en þannig klæddust þeir ríku áður fyrr og sýndu að þeir áttu fyrir lestarmiða. Efnin eru flott og saumaskapurinn upp á tíu."

thordis@frettabladid.is

Calvin KLein vakti fyrst athygli fyrir íþróttafatnað og gallabuxur á áttunda áratugnum. Hann breytti þó yfir í glæsilegan viðskiptafatnað úr silki, hör og fínlegum ullarefnum á níunda áratugnum, vel sniðnum jökkum, blússum og buxnadrögtum.

Heimild: Tíska aldanna

ecco
DAGAR

Golfskór
Casual Pitch Ribbon
Sand/White/Bison
38873 53196
Verð áður: 16.995 kr.-
Verð nú: 11.897 kr.-
ecco
Stærðir 36-40

Dömuskór
Ecco New York Ladies
Brúnt/Svartir
16903 01195
Verð áður: 10.995 kr.-
Verð nú: 7.697 kr.-
ecco
Stærðir 36-42

Sandalar
Ecco Primo Sandal
Svartir
10953 00101
Verð áður: 11.995 kr.-
Verð nú: 8.397 kr.-
ecco
Stærðir 36-40

Herraskór
Buisness Comfort
Svartir
35624 00101
Verð áður: 13.995 kr.-
Verð nú: 9.797 kr.-
ecco
Stærðir 40-47

Herraskór
Ecco Natural Sneaker
Svartir
37504 00709
Verð áður: 14.995 kr.-
Verð nú: 10.497 kr.-
ecco
Stærðir 40-47

Barnaskór
Snowdrop Frost
78762 00809
Verð áður: 10.995 kr.-
Verð nú: 7.697 kr.-
ecco
Stærðir 27-32

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 11 - 16
SUN. 11 - 16
SENDUM Í PÓSTKRÖFU

NÝJAR VÖRUR

Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

ALLT BÍLAR
Alla laugardaga

ALLT HELGIN
Alla föstudaga

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Kolaport hátískunnar

París er borg tískunnar. Auk hinna frægu verslunargatna eins og Avenue Montainge og rue Faubourg St. Honoré er París þekkt fyrir stóru verslunarhúsin le Printemps, les Galeries Lafayette og le Bon Marche, svo þau frægustu séu nefnd. Þau minna á Harrod´s í Lundúnum og Barney´s í New York. Einhver myndi kannski halda að því hljóti Frakkar að vera afskaplega vel klæddir. Ef að er gáð er þetta ekki alltaf staðreynd.

Á tíu ára ferli í tískuheiminum hef ég marga fjöruna sopið, jafnt í fínum búðum sem og á „showroomum“ þar sem tíska næstu árstíðar er seld til verslana en undanfarið hef ég stöku sinnum hlaupið í skarðið á „corneri“ hjá einu af ítölsku tískuhúsunum í tveimur af fyrrnefndum verslunarhúsum, Printemps og Galeries Lafayette. Þessi verslunarhús sem bæði er að finna á Haussmann-búlvarðinum eru eins og dagur og nótt. Annars vegar er það Printemps sem um nokkurt skeið hefur dregið að sér efnaðri viðskiptavini með sífellt fágaðri vöru, með hugmyndum eins búð í búð (shop in shop) þar sem mörgum fínum búðum er safnað undir sama þaki og svo með því að fækka smátt og smátt ódýrari merkjum sem eru eins og skrattinn úr sauðarleggnum samanborið við fínu merkin.

Á meðan er Galeries Lafayette samkomustaður allra mögulegra og ómögulegra gesta og auglýst í hverjum einasta ferðamannabæklingi. Franskur almenningur minnir stundum á bændur úr moldarkofum Íslands á nítjandu öld og virðist hafa mælt sér mót í verslunarhúsinu. Í ljós kemur að stór hluti viðskiptavina Galeries Lafayette klæðir sig í myrkri í þær flíkur sem hendi eru næst og hafa ekki kynnst hárgreiðu um nokkurt skeið. Gínurnar eru gengnar niður af fyrirferðarmiklum og æstum viðskiptavinum og svo harkalega er togað í viðkvæmar silkiblússur á herðatrjánum að smám saman koma í ljós göt á axlarsaumunum. Goðsögnin um land tískunnar fölnar því dálítið eftir nokkra daga í svona stórverslun.

Hér í landi er mikill þrýstingur frá kaupmönnum að lengja afgreiðslutíma verslana. Bæði Printemps og Galeries Lafayette hafa nýlega fært lokunartímann til klukkan 20 og í október ætla kaupmenn að loka klukkan 21. Hugmyndin er svo að hafa opið alla sunnudaga 2009. En nú er að sjá hvort starfsfólkinu sé nóg boðið í landi þar sem almenningur er þekktur fyrir að mótmæla á götum úti.

Verslunarhúsið sem kannski er hvað minnst þekkt og því rólegt er Bon Marche sem er á vinstri bakkanum í St. Germain des Près-hverfinu. Bon Marche er í fínni hluta Parísar og viðskiptavinirnir ansi fágaðir og andrúmsloft afslappað.

berg75@free.fr

Straumar og stefnur

Tískustraumar spretta oft upp úr ríkjandi þjóðfélagsástandi.

Fatatísku má skilgreina sem vinsældabylgju sem gengur yfir ákveðið tímabil og mótast af ríkjandi þjóðfélagsástandi og menningarstraumum. Tískustraumarnir ná að festa sig mismikið í sessi. Þá þróa margir persónulegan stíl sem stundum gengur þvert á tískustrauma en er yfirleitt undir einhverjum óljósum áhrifum frá til dæmis rómantískri fatatísku, pönktímanum eða frjálslegum fatnaði blómabarnanna. *- ve*

Þjóðfélagsástand hefur áhrif á tísku.

Mörgum þótti kjóll Christinu Applegate bera af hátíðinni og Sandra Oh þótti líka glæsileg í kjól frá Oscar de la Renta.

Stjörnurnar tóku litla áhættu

LÍTIÐ KOM Á ÓVART Í KLÆÐAVALI STJARNANNA Á EMMY-VERÐLAUNAHÁTÍÐINNI Í ÁR EN NOKKRAR SKÖRUÐU ÞÓ FRAM ÚR.

Stjörnurnar sem spígsporuðu eftir rauða dreglinum á Emmy- verðlaunahátíðinni, sem fram fór í Los Angeles síðastliðinn sunnudag, þóttu taka litla áhættu í klæðavali og var talsvert um kunnugleg snið og kjóla.

Nokkrar stjörnur báru þó af eins og venja er og þótti leikkonan Christina Applegate taka sig sérstaklega vel út í ljósbláum kjól með gyltum skellum. „Hann er í senn fágaður og djarfur,“ sagði stílistinn Mary Alice Stephenson.

Grey's Anatomy-stjarnan Sandra Oh þótti einnig skara fram úr, en hún hefur áður mátt dúsa á lista hinna verst klæddu. Hún skartaði gamaldags blúndukjól frá Oscar de la Renta og þykir hafa tekið stórstígum framförum.

Annars voru fjólublár og hlýralausir kjólar áberandi ásamt uppsettu hári enda hitinn í Los Angeles mikill. *- ve*

Mikið úrval af yfirhöfnum

Vefta tískuföt • Hólagarði & Mjódd
www. vefta.is

Sparikjólar Síðpils
Toppar Haustfatnaður
Töskur Skinn
Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077
Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-15

FIMMTUDAGS ecco TILBOÐ

Exercise W.
69354 00101
Litir: Svart
Stærðir: 36-47
~~15.995~~ 12.495

Transporter
22484 00101
Litir: Svart
Stærðir: 40-47
~~13.995~~ 10.995

Urban Flexor
42073 00709
Litir: Svart
Stærðir: 36-42
~~16.995~~ 13.495

Catch
46913 00101
Litir: Svart
Stærðir: 36-42
~~14.995~~ 11.995

KRINGLAN SMÁRALIND LAUGAVEGUR
the most comfortable place on earth ecco®

ALLT MATUR
Alla föstudaga

HEILSA

HÓMÓPATÍA og önnur heilsutengd þjónusta, heilsu- og óþolsmælingar, orkujöfnun, fyrirlestrar, námskeið og heilsuvörur eru á boðstólum í Heilsuhöndinni í Borgartúni 33. Hægt er að fá ýmsa þjónustu í gegnum netið fyrir þá sem búa úti á landi eða eiga ekki heimangengt. Sjá www.heilsuhondin.is.

Ungir kasta, eldri grípa

Íþróttafélagið Glóð í Kópavogi var stofnað til að bjóða fjölbreytta hreyfingu og hvetja til heilnæms fæðuvals fyrir landsmenn sem komnir eru vel yfir fimmtugt en félagið er þó opið öllum aldurshópum.

„Íþróttahreyfingin hefur því miður ekki lagt nógu mikla áherslu á aldurshópinn yfir fimmtugu, sem líka þarf að hreyfa sig og fá tíma í húsum. Þetta aldursskeið hefur meira og minna gleymst í umræðu um heilsurækt, og hreyfingu aðallega beint að börnum, yngra fólki og svo aftur á elliheimilum. Þá er það orðið svolítið seint því auðvitað er mikilvægt að halda sér í góðu formi alla ævi,“ segir Margrét Bjarnadóttir íþróttafræðingur hjá Íþróttafélaginu Glóð í Kópavogi.

Glóð var stofnað 2004 vegna þess að sárlega vantaði starf fyrir þá sem eru komnir vel yfir fimmtugt, að sögn Margrétar. „Það er eina íþróttafélagið sem hefur að kjörorði að vanda til fæðuvals, en hreyfing og holl fæða stuðla að góðri heilsu. Einu sinni í mánuði fáum við fyrirlesara fyrir okkar félagsmenn og erum með fasta tíma í ringó, hringdönsum og línudansi.“

Margrét segir friska hópa eldra fólks starfa innan íþróttafélagsins og sumir sé komnir vel yfir áttrætt. „Maður sér á þeim sem hefja reglubundna hreyfingu og bæta fæðuval sitt á þessum aldri hvað þeim líður vel og gjörbreytast. Fólk getur gert svo ótrúlega mikið sjálft þegar kemur að bættri heilsu og margt sem breytist til batnaðar hjá fólki sem komið er með áunna sykursýki, kransæðasjúkdóma eða beinþynningu,“ segir Margrét, sem einnig leggur ríka áherslu á innihald ísskápa hjá ömmum og öfum þessa lands.

„Ömmurnar þurfa að vanda hvað til er í ísskápnum þegar barnabörn koma í heimsókn því sykurstuðull er farinn upp úr öllu valdi og þarf ekki síður að predika yfir hinum fullorðnu en börnum. Allir þurfa að vanda sig og eldra fólk sérstaklega að gæta hófs í fitu- eða sykurríku fæði.“

Undanfarið hefur Íþróttafélagið Glóð gert víðreist til að kynna kastíþróttina ringó.

Margrét Bjarnadóttir íþróttafræðingur kennir frísku fólki ringó og hringdansa mörgum sinnum í viku. Hér er hún með heimilishundinum Spora. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ringó byggir að mestu á blakreglum en notaður er hringur í stað bolta. Spilað er á blakvelli og liðsskipan sex til fjórir hvor sínu megin við netið. Börn og eldra fólk kýs gjarnan að æfa á badmintonvelli því þar er netið lægra, en annars er netið 2,24 metrar á hæð, eins og í blaki. Íþróttin var fyrst kynnt á Ólympíuleikunum 1962 en hefur síðan notið mikilla vinsælda í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada, en undanfarin ár hafa Norðurlönd komið sterkt inn. Þetta er skemmtilegur leikur sem allir í fjölskyldunni geta spilað saman og kynslóðirnar bæta hvor aðra upp. Börnin eru eldsnögg að kasta en hinir eldri seigari að grípa.“

thordis@frettabladid.is

Birkiaska

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

BETUSAN

Alþjóðleg ráðstefna

"Healing The Healers"

GRÆÐUM GRÆÐARANN

MÁTTUR ORKUNNAR

3.-5. OKTÓBER 2008

Ertu bara líkami eða kannski eitthvað miklu meira ?

Sæktu innblástur og fróðleik í smiðju heimsþekktra og reyndra fagaðila eins og Les Moore, náttúrulæknis og frumkvöðuls í Integrative lækningum, Brian Dailey, skurð-og bráðalæknis i New York og Daníels J. Benor, geðsálfræðings og höfundar „Healing research“

Ráðstefnan er haldin að Hótel Kríunesi við Elliðavatn

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og fyrirlestra er að finna á

www.simnet.is/arnarljos

Skráning: radstefnuskraning@gmail.com

eða í síma: Lilja 699-0858, Þóra 896-8521

ALLIR VELKOMNIR

Ein helsta ástæðan fyrir offituvandanum sem hrjáir Vesturlandabúa stafar af of stórum matarskömmtum. Sumir mæla því með að borða fimm til sex litlar máltíðir á dag, nota minni diska og fá sér einu sinni að borða til að vinna bót á því.

Heimild: 500 hollráð

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!

Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

Útsölustaðir: *Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.*

heilsa
-hafðu það gott

SÝNINGIN 8+8 MADE IN HAFNARFJÖRÐUR
er nú í sýningarsalnum Dverg í Hafnarfirði á vegum Hafnarfjarðar, Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Hafnarborgar. Verkin urðu til úr samstarfi átta hönnuða og átta hafnfirskra iðnfyrirtækja.

Haustlegar diskamottur í jarðlituðum tónum, bæði röndóttar og einlitar, fást í Duka í Kringlunni á 690 krónur.

Súkkulaðibrúnar munnþurrkur úr taui setja svip á borðhaldið og fallegt að rúlla þeim inn í bronslitaða servíettuhringi. Fæst í Duka i, munnþurrkurnar á 390 krónur og servíettuhringir á 490 krónur.

Vínið með matnum smakkast enn þá betur í muskulegum og haustlegum vínglösum í vínberjarauðum lit. Þau fást í Duka í rauðu, bláu og brúnu, tvö í pakka á 1.400 krónur og vatnsglös tvö í pakka á 990 krónur.

Sígild vínglös setja alltaf fallegt yfirbragð á borðið. Þessi fást í Búsáhöldum á 495 krónur.

Sest til borðs að hausti

Með hausthúminu breytist andrúmsloftið gjarnan við matarborðið. Kjarnmiklar kjötsúpur og pottréttir taka við af léttum sumarsalötum og gjarnan eru aðrir litir valdir á borðbúnaðinn.

Með haustinu er tímabært að draga fram kertin og pakka niður rósóttum sumarborðdúknum og fá sér haustlitaðar diskamottur og jarðlituð glös. Jarðlitirnir eru sígildir á haustborðið og dekkri tónar rata gjarnan inn á það.

Kjarnmiklir pottréttir og súpur taka úr manni mesta hrollinn þegar inn úr rigningunni er komið og gott er að ylja sér á góðum veigum í dumblitum glösum. *- rat*

Skemmtilega mynstraður matardiskur frá Búsáhöldum í Kringlunni sem er hluti af setti af forréttardiskum, skálum og fleiru. Hann er á 4.560 krónur. Í dökkbláu og nýtur uglan sín þá í miðjunni innan um trjáskreyti.

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

ALLT FERÐIR
Þriðjudaga og laugardaga

Fantasía og raunveruleiki

ÞÓRA BREIÐFJÖRÐ HANNAR ÆVINTÝRALEGA HÖNNUNARMUNI TIL DAGLEGRAR NOTKUNAR.

Þóra Breiðfjörð hönnuður á heiðurinn að þessum skemmtilega diski, en hún hefur helst fengist við hönnun nytjahluta, sem nota má í daglegu lífi, auk skúlptúra. Menningararfleifð, nútíminn og mörkin á milli raunveruleika og fantasíu eru Þóru hugleikin en hún teflir þessum þáttum gjarnan fram í verkum sínum. Munir eftir hana fást meðal annars í Epal, Kraum og Epal Design. *- rve*

Kjarni málsins
Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Paula

Mary

Diana

Barbara

SÓFASETT
Mikið úrval
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU EHF.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Ford Escape Limited 3,0 4wd árg. 2008. Frábær jeppi fyrir aðeins 3.580.000.- skoðum skipti, ekinn 18.000.- kostar nýr 4.750.000.- sjá myndir www.bilasalaislands.is raðnumer 178818.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is

Fjórhjólaleiga: Can-Am Outlander 400 XT, 2ja manna. Kawasaki KVF 750. Mótorhjólaleiga: Suzuki VSTROM 650. Kawasaki KLR 650. Kawasaki VERSYS 650. Yamaha XT 660.

Fjórhjóla og mótorhjólaleigan
Sími: 6951855
www.ridingiceland.is

Til sölu Ný Volvo BL71+ traktorsgrafa Einstaklega vel úbúin tilbúin í vinnu fyrir þig. Upplýsingar í síma 515 7000 eða 893 4435 Ólafur.

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Lítið ekinn eðaljeppi!
Jeep Grand Cherokee Limited Hemi 5.7L. 2005 ÁRGERÐ. Ekinn aðeins 28þkm !. Sjálfskiptur - Leður - Sóllúga - Dráttarkúla . Ofl . Svartur . Verð aðeins 3.290þ

NÝR SENDIBÍLL Á FRÁBÆRU VERÐI !
2008 Renault Trafic 90 Dci 2.0 dísel turbo. 6 gíra. Skilrúm . Botnplata . cd ofl . Verð án vsk aðeins kr : 2.090þ. Þú sparar kr . 659.000.- með vsk miðað við listaverð !

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Allt að 100% lán í boði
DAIHATSU TERIOS SX. Árgerð 1998, ekinn 128 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 199.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 990 þús
möguleiki á Allt að 100% lán í boði HYUNDAI TRAJET 7 MANNA. Árgerð 2003, ekinn 106 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 399 þús - 100% lán.
Allt að 100% lán í boði LAND ROVER DISCOVERY WINDSOR. Árgerð 1998, ekinn 166 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 890.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 100% lán 1500 þús.
Allt að 100% lán í boði MMC MONTERO XLS . Árgerð 2003, ekinn 92 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.750.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 290 þús 100% lán án ábyrðamanna
Allt að 100% lán í boði SUZUKI SIDEKICK SPORT. Árgerð 1996, ekinn 150 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 350.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Allt að 100% lán í boði
TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI. Árgerð 2006, ekinn 67 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.590.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Möguleiki á 100% láni
Allt að 100% lán í boði VW BORA 8VI. Árgerð 2000, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 490.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 199.000.- þús
Allt að 100% lán í boði FORD FOCUS. Árgerð 1999, ekinn 113 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 199.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is ásett verð 590

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Toyota Land Cruiser 120 VX (112147) 11/2003, dísel, ssk, ekinn 81 þús km, grátt leður, 8 manna, dráttarkr, ofl... Ásett verð 4.290 þús.

Toyota Rav4 GX (112255) 11/2006, bensín, ssk, ekinn 31 þús km, álfelgur, cd magasín, hiti í sætum, ofl... Ásett verð 3.490 þús. Áhvílandi 3.050 þús.

Toyota Prius Hybrid (212209) 9/2004, bensín, ssk, ekinn 110 þús km, cruise control, digital miðstöð, aksturstölva, ofl... Ásett verð 2.1790 þús. Áhvílandi 1.900 þús.

Toyota Avensis S/D SOL (112055) 10/2005, bensín, 5 gíra bsk, ekinn 71 þús km, dráttarkr, loftkæling, aksturstölva, ofl... Ásett verð 2.290 þús. Áhvílandi 2.050 þús.

Toyota Avensis S/D SOL (134573) 7/2004, bensín, ssk, ekinn 106 þús km, dráttarkr, hliðarlistar, álfelgur, ofl... Ásett verð 1.750 þús. Áhvílandi 1.470 þús. ATH listaverð er 1.910.000 kr.

Toyota Corolla 1.6 VVTI (136008) 3/2005, bensín, ssk, ekinn 60 þús km, álfelgur, fjarst samlæs, ofl... Ásett verð 1.650 þús. Áhvílandi 1.420 þús.

Toyota Corolla 1.4 VVTI H/B (136038) 9/2004, bensín, 5 gíra bsk, ekinn 42 þús km, filmur, spoiler, ofl... Ásett verð 1.490 þús. Áhvílandi 996 þús.

Toyota Yaris Terra (135924) 8/2002, bensín, 5 gíra bsk, ekinn 90 þús km, álfelgur, spoiler, ofl... Ásett verð 690 þús. Áhvílandi 540 þús.

Toyota Aygo H/B (212434) 11/2007, bensín, ssk, ekinn 5 þús km, spoiler, fjarst samlæs, ofl... Ásett verð 1.620 þús. Áhvílandi 1.620 þús. 100 % LÁN

Lexus IS200 (111746) 12/2004, bensín, ssk, ekinn 46 þús km, álfelgur, cd magasín, leður, ofl... Ásett verð 2.400 þús. Áhvílandi 2.400 þús. 100% LÁN

Lexus RX300 (136051) 10/2000, bensín, ssk, ekinn 118 þús km, álfelgur, leður, rafmagn í öllu, filmur, ofl... Ásett verð 1.690 þús. Áhvílandi 1.400 þús.

Lincoln Navigator Luxury (212356) 2003, bensín, ssk, ekinn 75 þús km, 22" krómfelgur, leður, rafmagn í öllu, ofl... Ásett verð 3.990 þús. Áhvílandi 3.990 þús. 100% LÁN

Ford F350 Lariat 35" (111858) 2005, dísel, ssk, ekinn 90 þús km, 35" breyttur, leður, spoiler á pall, ofl... Ásett verð 3.490 þús. Áhvílandi 3.490 þús. 100% LÁN

Ford F150 Lariat (212074) 7/2005, bensín, ssk, ekinn 72 þús km, leður, sóllúga, dvd, fjarstart, bakkmyndavél, ofl... Ásett verð 3.290 þús. Áhvílandi 3.070 þús.

MMC Pajero GLS DID (212171) 6/2001, dísel, ssk, ekinn 186 þús km, 17" antera felgur á 32" dekkjum, leður, sóllúga, ofl... Ásett verð 2.290 þús. 100% LÁN

M.Benz CLK 200 Kompressor (271239) 1/2002, bensín, ssk, ekinn 83 þús km, sóllúga, bakkskynjarar, ofl... Ásett verð 2.250 þús. Áhvílandi 1.800 þús.

Ssangyong Musso Sport 35" (271014) 3/2004, dísel, ssk, ekinn 110 þús km, 35" breyttur, dráttarkr, álfelgur, ofl... Ásett verð 1.290 þús. Áhvílandi 1.290 þús. 100% LÁN

Audi A6 Turbo (212372) 7/1999, bensín, ssk, ekinn 120 þús km, álfelgur, sóllúga, ofl... Ásett verð 1.290 þús. Áhvílandi 960 þús.

Nissan Micra Visia (112083) 6/2004, bensín, 5 gíra bsk, ekinn 89 þús km, fjarst samlæs, cd, ofl... Ásett verð 1.090 þús. Áhvílandi 960 þús. FÆST FYRIR 50 ÞÚS + YFIRTÖKU

Land Rover Range Rover 4.6 HSE (271184) 1997, bensín, ssk, ekinn 181 þús km, leður, loftpúðafjöðrun, sóllúga, ofl... Ásett verð 950 þús.

Hestakerra Mustang 2 hesta (135978) 2/2007, Hurð að framan, 2 hestakerra... Ásett verð 980 þús.

Hestakerra Haumbaur HP 3 hesta (112171) 1/2004, 3 hestakerra... Ásett verð 790 þús.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

Jeep Grand Cherokee 4WD árg. 2008, ek. 34 þ.km. Verð kr. 4.150.000,- Skoðum öll skipti.

Dodge Caliber SE Árg. 2007, ek. 3 þ.km. Verð kr. 2.900.000,- Skoðum öll skipti.

Mercedes Benz E 270 CDI árg. 2003, ek. 94 þ.km. Verð kr. 3.990.000,- Skoðum öll skipti.

Chrysler Aspen Ltd. 4WD Árg. 2007, ek. 53 þ.km. 7 manna. Verð kr. 4.950.000,- Skoðum öll skipti.

Jeep Liberty Sport 4WD Árg. 2007, ek. 60 þkm. Verð kr. 3.850.000,- Skoðum öll skipti.

Chrysler Town & Country LX Árg. 2008, ek. 39 þ.km. 7 manna. Verð kr. 3.950.000,- Skoðum öll skipti.



Mercedes Benz E 200 K Árg. 2007, ek. 17 þ.km. Verð kr. 4.750.000,- Skoðum öll skipti.

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Föstudaginn 26. september í Listasafni Reykjavíkur kl. 17:00 - 22:00...

Stefnumót við vísindamenn

Vísindavaka 2008

...www.rannis.is/visindavaka

Vísinda Vaka

Opið hús!

Hafnarhúsinu Tryggvagötu

Föstudaginn 26. september

kl.17:00 til 22:00

Allir velkomnir!

matís

MENNTAMÁLA RÁÐUNEYTIÐ

IÐNAÐAR RÁÐUNEYTIÐ

SI Samtök iðnaðarins

RANNÍS

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

11001111010011

LEIÐARI VERKEFNASTJÓRA:

Vísindin lifna við á Vísindavöku

Vísindavaka 2008 verður haldin föstudaginn 26. september i Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi frá kl. 17 til kl. 22. Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu. Markmiðið með Vísindavöku og atburðum henni tengdum er að færa vísindin nær almenningi, kynna fólkið á bak við rannsóknirnar og vekja almenning til umhugsunar um mikilvægi rannsókna- og vísindastarfs í nútímasamfélagi. Í aðdraganda Vísindavökunnar verður hellt upp á hið sívinsæla Vísindakaffi þar sem vísindamenn koma og kynna viðfangsefni sín fyrir gestum.

Aðalheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri Vísindavöku og sérfræðingur á alþjóðasviði Rannís.

Á Vísindavöku er fullt af fróðleik fyrir fólk á öllum aldri. Þar kynnir vísindafólk frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum rannsóknarverkefni fyrir almenningi á lifandi og skemmtilegan hátt. Gestir fá að skoða og prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir, skoða afurðir verkefna og spjalla við vísindafólkið sjálft um hvernig er að starfa að vísindum, rannsóknum og nýsköpun. Fjölskyldan er í fyrirrúmi á Vísindavöku og gefst þar kjörið tækifæri til að kynna heim vísinda og tækni fyrir börnum og unglingum, en ungt fólk er sérstaklega velkomið á Vísindavöku.

Á Vísindavöku verða veitt verðlaun fyrir teiknisamkeppni barna og ljósmyndasamkeppni unga fólksins þar sem þemað var „Vísindi í daglegu lífi“ og verða allar myndirnar sem bárust til sýnis á Vísindavökunni. Einnig verður veitt árleg viðurkenning Rannís fyrir framlag til Vísindamiðlunar.

Stuðningsaðilar Vísindavöku eru sjöunda rannsóknaáætlun ESB, menntamálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins og Matís.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að kíkja í Hafnarhúsið og spjalla við vísindamenn og skoða það sem fyrir augu ber á Vísindavöku. Enginn aðgangseyrir er og allir eru velkomnir.

Aðalheiður Jónsdóttir,
verkefnastjóri Vísindavöku 2008 og
sérfræðingur á alþjóðasviði Rannís

Sláturtertur og rabarbarakaramellur

Í dag stækkar sá markhópur sem gerir kröfur um vörur sem byggjast á góðri hönnun, gæðum og rekjanleika. Með því að tefla saman einni elstu starfsstétt landsins, bændum, og einni yngstu starfsstétt landsins, hönnuðum, skapast spennandi möguleikar og ný tækifæri.

Hvað dettur ungum hönnuði í hug þegar hann fær hakkaða lifur í hendurnar? Hvernig taka bændur hugmyndum hönnuðanna og hvert er innlegg matvælasérfræðinganna? Nemendur og kennarar í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands hafa í samstarfi við Matís unnið að þróun nýrra afurða fyrir íslenska bændur. Markmið verkefnisins er að auka virði afurðanna og stuðla að nýsköpun í íslenskum landbúnaði.

Verkefnið hófst sem fimm vikna námskeið fyrir nemendur á öðru ári í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Nemendur heimsóttu bónda og kynntu sér framleiðslu hans, aðstöðu og þekkingu. Í framhaldinu voru gerðar tillögur að nýrri framleiðsluvöru fyrir bóndann. Á þessu stigi var um samstarf við fjóra bændur að ræða. Mikil ánægja og áhugi almennings varð til þess að ákveðið var að halda áfram með verkefnið og velja tvær afurðir árlega til að fullþróa og koma á markað. Fyrsta uppskera verkefnisins leit dagsins ljós nú í haust, sláturtertan sem fáanleg verður næsta sumar á veitingastaðnum Fjalladýrð í Möðrudal á Fjöllum, og rabarbarakaramellan sem fáanleg verður í sérverslunum og beint frá bænum Löngumýri á Skeiðum. Samstarfsbændur verkefnisins árið 2008 eru þau Elísabet Kristjánsdóttir og Vilhjálmur Vernharðsson á Möðrudal á Fjöllum og Dorothee Lubecki og Kjartan Ágústsson á Löngumýri á Skeiðum.

Vísinda Vaka

Útgefandi: Rannsóknarmiðstöð Íslands - RANNÍS | **Heimilisfang:** Laugavegi 13, 101 Reykjavík
Netfang: rannis@rannis.is | **Ritstjóri:** Hrefna Sigurjónsdóttir | **Ábyrgðarmaður:** Aðalheiður Jónsdóttir
Forsíða: Hnotskógur | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir Sími: 512 5462.

Oft blæs hressilega á Herjólf. Skyldi einhver komast í hálfkvisti við úthafsvindana? MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Hversu mikinn vindstyrk hefur þú?

Veðurstofa Íslands býður gestum Vísindavöku að blása á vindmæli og styrkurinn er sýndur á litlum skjá.

Á síðustu Vísindavöku náðu tveir gestanna hátt í fjórtán metrum á sekúndu og verður fróðlegt að sjá hvort einhver slær það met. Þess má geta að það er orðið nokkuð erfitt að hjóla á móti vindi sem er tíu metrar á sekúndu eða meira.

Veðurstofan mun að sjálfsögðu einnig birta veðurspá, en þær er hægt að birta á ýmsu formi. Sýndar verða veðurspár með Google Earth en einnig spár á vefsetri Veðurstofunnar, til dæmis veðurþáttaspár sem felast í því að fólk getur skoðað rigningarspána næstu daga eða hversu vindasamt á að verða í vikunni. Síðan er auðvitað hægt að skoða hversu hlýtt eða kalt á að verða á næstunni.

Á Veðurstofu Íslands er fylgst með veðri og vindum en einnig fara þar fram mikilvægar jarðskjálftarannsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Loks verður athygli vakin á jarðskjálftum og jarðskjálftarannsóknum og er skemmst að minnast stóru skjálftanna frá í vor. Á vefsetri Veðurstofunnar er hægt að fylgjast grannt með hvar skjálftar verða og hversu öflugir þeir eru. Jarðskjálftarnir eru sýndir á korti af Íslandi og síðan má skoða nákvæma staðsetningu þeirra í töflu og hversu mörg stig á Richterkvarða þeir voru.

Háskólinn á Bifröst

Vísindi byggja á því að spyrja spurninga og þáttur spurninga í rannsóknum verður það sem Rannsóknasetur verslunarinnar á Bifröst leggur áherslu á.

Á Vísindavökunni í ár mun Háskólinn á Bifröst leggja áherslu á eina skemmtilegustu spurninguna sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur spurt undanfarin ár: „Hver verður jólagjöfin í ár?”

Þetta er auðvitað leyndarmál sem þú segir engum frá – en bás Bifrestinga verður færður í jólabúning og gestir og gangandi taka þátt í könnuninni um hver jólagjöfin í ár verður. Sá sem getur upp á því fær verðlaun í lok desember.

Háskólinn á Bifröst mun leggja áherslu á eina af skemmtilegri spurningum sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur spurt undanfarin ár: „Hver verður jólagjöfin í ár?“ Sá sem getur upp á réttu svari fær verðlaun í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness stendur fyrir kynningu á starfsemi sinni á Vísindavökunni 2008. Ef veður leyfir mun verða boðið upp á stjörnuskoðun fyrir utan Hafnarhúsið.

Skoðum saman stjörnuhimininn

Stjörnuskoðun nýtur vaxandi vinsælda hér á landi enda sífellt fleiri sem hafa eignast stjörnusjónauka.

Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness stendur fyrir kynningu á starfsemi sinni og þessu stórskemmtilega áhugamáli á Vísindavökunni 2008. Félagsmenn munu gefa góð ráð um hvernig best sé að skoða stjörnuhimininn, hvað hægt sé að sjá með berum augum, handsjónauka og stjörnusjónauka. Einnig fá áhugasamir fræðslu um allt það nýjasta í stjörnufræði. Ef veður leyfir munu félagar í Stjörnuskoðunarfélaginu bjóða gestum og gangandi upp á stjörnuskoðun fyrir utan Listasafn Reykjavíkur.

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsið við Tryggvagötu
26. september kl. 17.00 - 22.00

Dagskrá:

Opnun Vísindavöku kl. 17.00
Opnunarávarp: Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís
Afhending verðlauna fyrir teiknisamkeppni barna og ljósmyndasamkeppni unga fólksins „Vísindi í daglegu lífi“
Afhending verðlauna Rannís fyrir framlag til vísindamiðlunar

Sýnendur og viðfangsefni:

ReykjavíkurAkademían – Svartárkot	*Fræðimenn í flæðarmáli og háskóli á hálendinu*
Hafrannsóknastofnunin	*Hvað er þorskurinn gamall?*
Össur hf.	*Össur hf*
Nimblegen	*DNA örflögutækni til rannsókna á erfðamenginu*
Listaháskóli Íslands og Matís	*Stefnumót hönnuða og bænda*
Háskólinn á Bifröst	*Hvað eru vísindi? Góð spurning!*
Hjartavernd	*Hjartavernd, rannsóknir í 40 ár*
Hexia, Síminn og Nuance	*Samtal. Vefþulan gerist Bella símamær sem skilur og talar íslensku*
Hafmynd	*Djúpfarið Gavía*
Jardin Botanique - Strasbourg France	*Supergreen*
HÍ – Fræðasetur	*Fræðasetur Háskóla Íslands*
HÍ – Jarðvísindastofnun	*CarbFix – Binding koltvísýrings í basalt á Hellisheiði*
HÍ - Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki	*Ísland í alþjóðlegu samhengi*
HÍ - Mannfræði og Norwegian school of veterinary science	*Samanburður á hundahaldi í Noregi og á Íslandi*
HÍ - Félagsráðgjöf og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd (RBF)	*Börn og ungmenni*
HÍ - Rannsóknarstofa í næringarfræði	*Matur er mannsins megin*
HÍ - Umhverfis- og byggingarverkfræði	*Vatnsgæði*
HÍ – Japanska	*Undraveröld Japans*
HÍ – Vísindavefur	*Vísindavefurinn*
HÍ - Þjóðfræði og Þjóðfræðistofa á Ströndum	*Menningararfur, þjóðtrú og ímyndir norðursins*
HÍ - Kínverska - Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	*Konfúsíus á Íslandi*
HÍ - Rafmagns- og tölvuverkfræði	*Vélmenni*
HÍ – Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræði	*Mæli- og stýritækni*
HÍ - Rannsóknarstofa í íþrótta- og heilsufræðum á Laugarvatni	*Við eldumst öll - Líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa*
HÍ – Menntavísindasvið	*RannUng – Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna*
HÍ – Eðlisfræði	*Pendúla- og rólugalleríið*
HÍ – CLARA	*Internetið lesið með hjálp PlayStation tölva*
Landbúnaðarháskóli Íslands	*Lauf í læk*
KINE	*Er hægt að hlusta á vöðvana?*
Laxfiskar	*Lífsreynslusögur laxa og silunga*
Veðurstofa Íslands	*Þegar jörðin skelfur, snjóflóðin falla, vindurinn æðir og hafísinn ógnar*
ÍSOR - Íslenskar orkurannsóknir	*Huliðsheimur jarðhitans*
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	*Allt sem hugurinn girnist!*
Náttúrufræðistofnun Íslands	*Fræðist um frjókorn*
Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness	*Skoðum næturhimininn*
Háskólinn í Reykjavík - Tölvunarfræðideild	*Með tölvur á heilanum*
Háskólinn í Reykjavík - Tækni- og verkfræðideild	*Með tækni á heilanum*
Háskólinn í Reykjavík - Viðskiptadeild	*Með viðskipti á heilanum*
Háskólinn í Reykjavík - Lagadeild	*Með lög á heilanum*
Háskólinn í Reykjavík - Kennslufræði- og lýðheilsudeild	*Með heilsu á heilanum*
MIRRA - MiðstöðInnflytjendaRannsóknaReykjavíkurAkademíunni	*Innflytjendur á Íslandi - auður eða ok? Engin svör án rannsókna*
Háskólinn á Akureyri	*Heilsa og lífskjör skólanema*
RHA - Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri	*RHA - Rannsókna- og þróunarmiðstöð HA*
RES - Orkuskólinn	*Nám í endurnýjanlegum orkugjöfum*
RANNÍS	*Rannsóknamiðstöð Íslands*

Vísinda Vaka
Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 26. september
kl.17:00 til 22:00

RANNÍS

11001111010011

Playstation-tölvur lesa internetið

Rannsóknarteymi CLARA-verkefnisins mun gefa áhugasömum innsýn inn í nýstárlegt markaðsrannsóknatól á internetinu sem hátæknisprotafyrirtækið Collective er að þróa í samvinnu við Háskóla Íslands, Rannís, Sony og The Coca-Cola Company. CLARA-teymið er að gera tilraunir með notkun PlayStation 3-tölva til gagnagreininga, þar sem þær búa yfir miklu reiknifli sem hentar vel fyrir þá sérhæfðu gagnavinnslu sem fer fram innan CLARA-kerfisins. Á Vísindavöku mun teymið sýna hvernig tólf samtengdar leikjatölvur geta hjálpað við að lesa gríðarlegt magn af texta á stuttum tíma.

Þessi risavaxna vélknúna könguló er gott dæmi um sjálfvirka stýritækni. Kóngulóin var nýlega til sýnis í Liverpool. NORDICPHOTOS/AFP

Merkileg mælitækni og sjálfvirk stýritækni

Í Háskóla Íslands verður sýnt hvernig mæla má eðlisfræðilegar stærðir með nemum og koma gögnum yfir í tölvutækt form.

Sjálfvirkar stýringar vélbúnaðar byggja á því að hægt sé að mæla ástand umhverfis. Er hægt að meta ástand véla án þess að taka þær í sundur? Er hægt að meta ástand þeirra án þess að vera á staðnum? Hvað með umhverfi þeirra?

Búnaður sem leysir þetta er mikilvægur þegar ætlunin er að fylgjast með eða stjórna vélbúnaði. Til að afla þessara upplýsinga er hægt að velja úr alls konar nemum svo sem hita-, titrings-, hljóð-, og þrýstingsnemum.

Á bás iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræði Háskóla Íslands verður sýnt hvernig mæla má eðlisfræðilegar stærðir með nemum og koma gögnunum yfir í tölvutækt form. Frekari úrvinnsluaðferðir eru síðan notaðar til þess að túlka upplýsingarnar og stýra vélbúnaði. Vélbúnaður sem sér sjálfur um að vinna úr og taka ákvarðanir út frá þessum upplýsingum er oft sagður búa yfir gervigreind. Tölvustýringar á vélbúnaði verða sífellt fullkomnari og notkun þeirra eykst. Til dæmis eru tölvustýrðar innspýtingar komnar í stað blöndunga og bílum er læst með fjarstýringum og rafmótorum.

Ástæður fyrir vinsældum tölvustýrðs vélbúnaðar eru margar og meðal helstu kosta er hversu hversu ódýr hann er, léttur og þarfnast lítils viðhalds. Rafmagnsmótorar eru mikið notaðir til þess að færa vélhluti frá einum stað yfir á annan. Stýringar og reglun á rafmótorum skipta miklu máli varðandi virkni búnaðar, til dæmis verða hreyfingar rykkjóttar ef mótor er keyrður á fullu afli og stöðvaður snögglega.

Á bás IVT verður sýnt hvernig má nota PC-tölvu til þess að stýra hreyfingum rafmótors (servo) sem notaður er til þess að færa vatnsglas frá einum stað yfir á annan. Sýnt verður hversu miklu máli góðar stýringar skipta, það er hvernig mismunandi stillingar geta breytt hegðun kerfis. Áhorfendur munu geta fengið að prófa búnaðinn.



Tölvustýringar á vélbúnaði eru sífellt að verða fullkomnari og notkun þeirra að aukast. Til dæmis eru tölvustýrðar innspýtingar komnar í stað blöndunga og bílum er læst með fjarstýringum og rafmótorum. NORDICPHOTOS/GETTY

Niðurdæling koltvísýrings í jarðveg

Eyðing koltvísýrings af mannavöldum er talin ein af aðaláskorunum vísinda nútímans. Binding koltvísýrings sem kalsíumkarbónat í föstu formi í basalti getur verið efnavarmafræðilega langvarandi, sem og umhverfisvæn lausn.

Háskóli Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, Columbia-háskólinn í Bandaríkjunum og CNRS í Toulouse í Frakklandi hafa gert með sér samning um að standa saman að þróun tækja og lausna fyrir bindingu koltvísýrings í berggrunn. Verkefnið felst í niðurdælingu koltvísýrings á niðurrennslissvæði Hellisheiðarvirkjunar, fjölþættri rannsóknarvinnu, ásamt jarðefnafræðilegum líkanagerðum.

Verkefnið felst í niðurdælingu koltvísýrings á niðurrennslissvæði Hellisheiðarvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við eldumst öll

Viðfangsefni rannsóknarinnar „Við eldumst öll“ eða „Líkams- og heilsurækt aldraðra – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri lífsgæða“ er að kanna líkamsástand og heilsufar 70 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu og í sveitarfélaginu Árborg.

Fjöldi þátttakenda í rannsókninni er 173 og er meðalaldur þeirra 78 ár. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort sértækar íhlutunaraðgerðir í formi þjálfunar, næringarráðgjafar og fræðslu í sex mánuði geti stuðlað að bættri heilsu, betra líkamsástandi og bættum lífsgæðum og lífsstíl meðal hinna eldri.

Rannsóknin við eldumst öll hófst síðastliðið vor og lýkur í júlí 2009.

Rannsóknin stendur nú yfir, hófst á vormánuðum 2008 og lýkur í júlí 2009. Eftirfylgnimælingar verða síðan framkvæmdar einu ári eftir að íhlutunar- og þjálfunartíma lýkur.

Athyglisvert er hve hundahald þróaðist með ólíkum hætti í Noregi og á Íslandi þrátt fyrir sameiginlega forsögu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

Samanburður á þróun hundahalds

Vísindavakan er fyrir alla fjölskylduna og fá heimilishundar sína eigin rannsókn.

Þverfagleg samvinna Norska dýralæknaháskólans og mannfræðings við Háskóla Íslands snýst um hundahald í Noregi og á Íslandi.

Það þótti áhugavert að gera þennan samanburð vegna þess hve hundahald þróaðist með ólíkum hætti í löndunum tveimur, þrátt fyrir sameiginlega forsögu.

Hundahaldið var skoðað út frá sögulegum heimildum og hvernig því er háttað í samtíma. Norski dýralæknirinn Heidi Sjetne Lund gerði tvær vettvangskannanir sem hvor um sig tóku eitt ár, eina á Íslandi 2005 og 2006, og aðra í Noregi 2006 og 2007 og er sagt frá niðurstöðum hans á Vísindavökunni.

Símenntun við Bifröst

Áfram menntaveginn!

- Diplóma í verslunarstjórnun
- Máttur kvenna I og II
- Rekstur smærri fyrirtækja

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BIFROST.IS

WWW.BIFROST.IS

Diplóma í verslunarstjórnun

Háskólinn á Bifröst býður upp á diplómanám í verslunarstjórnun. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám á framhaldsskólastigi sem fram fer að mestu með fjarnámi.

Markmið námsins er að auka hæfni og þekkingu starfsfólks sem vinnur við verslun og þjónustu. Að námi loknu útskrifast nemendur með diplómapróf í verslunarstjórnun en það veitir rétt til frekara náms við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst.

Máttur kvenna I & II

Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrarnám í fjarnámi fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína.

Markmið námsins er m.a. að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, skapa fleiri störf á landsbyggðinni, auka arðsemi fyrirtækja og að efla tengslanet kvenna. Námskeiðið hefst með vinnuhelgi á Bifröst en svo tekur við 3 mánaða kennsla í fjarnámi . Náminu lýkur með vinnuhelgi og formlegri útskrift.

Rekstur smærri fyrirtækja

Auknar kröfur um aukið hagræði í rekstri og skilvirka þjónustu fyrirtækja kalla á haldgóða menntun rekstraraðila. Háskólinn á Bifröst býður eigendum og rekstraraðilum smærri fyrirtækja upp á sérhæft nám sem svar við þeirri þörf sem skapast hefur á þeim markaði sem smærri fyrirtæki starfa á.

Rekstur smærri fyrirtækja (RSF) er nám sem þú getur stundað með vinnu og þannig bætt þekkingu þína. Námið nýtist því frá fyrsta degi í rekstri fyrirtækis þíns.

FRUMGREINADEILD | VIÐSKIPTADEILD | LAGADEILD | FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Fab Lab smiðja Nýsköpunarmiðstöðvar er í Vestmannaeyjum en vonir standa til að hægt verði að opna fleiri slíkar um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Framköllunarstofa fyrir hugmyndir

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kynnir Fab Lab-smiðjuna, sem er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og MIT-háskólans í Bandaríkjunum. Í Fab Lab getur almenningur komist í tæri við nýjustu tækni og búið til allt milli himins og jarðar, til dæmis tölvur og önnur raftæki, reiðhjól, skilti, plastleikföng og jafnvel kanóa. Fab Lab er því sannkölluð framköllunarstofa fyrir hugmyndir en hún er opin öllum, ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum. Fab Lab á Íslandi er ætlað að skapa vettvang fyrir nýsköpun og auka tæknilæsi almennings og þekkingu á stafrænum framleiðsluaðferðum í iðnaði. Fab Lab-smiðja Nýsköpunarmiðstöðvar er í Vestmannaeyjum en vonir standa til að hægt verði að opna fleiri slíkar um landið á næstu misserum.

Fjölbreytni hjá HR

Háskólinn í Reykjavík verður með fimm sýningarbása á Vísindavöku Rannís í Hafnarhúsinu næstkomandi föstudag.

Meðal þess sem sýningargestir fá að kynnast er hvernig fiskar geta aðstoðað okkur við að skilja svefn og hvernig hægt er að nota óhreinni og ódýrari kísil í sólarrafhlöðum heldur en nú er gert.

Sýningargestir fá að kynnast augnskanna – á hvað ert þú að horfa? Augnskanni fylgir auga þínu til dæmis þegar þú horfir á auglýsingar og er hægt að sjá að hverju athygli þín beinist. Einnig verður boðið upp á smökkunartilraun – segja bragðlaukarnir þínir rétt frá? Kynning verður á lögfræðiþjónustu Háskólans í Reykjavík sem er í samstarfi við Alþjóðahús auk þess sem sýningargestum gefst kostur á að reyna við lögfræðigetraun. Boðið verður upp á hreyfigreiningu og mælingar og kynning verður á mannlegum vitverum í sýndarheimum ásamt því að gervigreindarforrit verður til sýnis.

Háskólinn í Reykjavík verður með fimm sýningarbása á Vísindavöku Rannís í Listasafni Reykjavíkur , Hafnarhúsinu. MYND/ÞORVALDUR Ö. KRISTMUNDSSON

Í aðdraganda Vísindavöku er hellt upp á hið sívinsæla Vísindakaffi, þar sem nokkrir af færustu vísindamönnum þjóðarinnar munu kynna rannsóknir sínar. Markmiðið með Vísindakaffikvöldunum er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum á mannamáli.

Vísindakaffi Rannís 2008

Í aðdraganda Vísindavöku er hellt upp á hið sívinsæla Vísindakaffi, þar sem nokkrir af færustu vísindamönnum þjóðarinnar kynna rannsóknir sínar. Markmiðið með Vísindakaffikvöldunum er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum á mannamáli.

Vísindakaffið er haldið í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Þar kynna vísindamenn á ýmsum fræðasviðum rannsóknir sínar sem allar eiga það sameiginlegt að vera áhugaverðar fyrir fólk á öllum aldri. Gestir fá tækifæri til að spyrja og taka þátt í umræðum og komast þannig að því hvernig störf vísindamanna hafa áhrif á daglegt líf okkar allra. Stjórnandi Vísindakaffikvöldanna er Davíð Þór Jónsson.

Nú þegar hafa verið kynnt þrenn viðfangsefni. Mánudaginn 22. september fjallaði Dr. Clarence E. Glad, sjálfstætt starfandi fræðimaður í Reykjavíkurakademíunni, um hvernig hugmyndir manna á Vesturlöndum um meinlæti, skírlífi, fjölskyldulíf og samskipti kynjanna hafa mótast út frá orðræðunni um líkama og losta í frumkristni. Bar fyrirlesturinn yfirskriftina „Líkami og losti á upphafsöldum kristni“. Þriðjudaginn 23. september fjölluðu Alyson Bailes og Silja Bára Ómarsdóttir frá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um öryggismál út frá nýju sjónarhorni undir yfirskriftinni „Hver á að passa mig?“. Miðvikudaginn 24. september köfuðu síðan fimm fræknar konur ofan í snjófljóð og undir jarðskorpuna og veltu upp sálfræðilegum áhrifum náttúruhamfara. Konurnar voru: Dr. Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, Dr. Berglind Guðmundsdóttir, sálfræðingur hjá áfallaþjónustu LSH, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Edda Björk Þórðardóttir, frá Miðstöð í lýðheilsuvísindum við HÍ, og Herdís Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.

Í kvöld verður síðasta vísindakaffi þessa árs: „Má bjóða þér slátur tertu og rabarbarakaramellur?“ Þar munu Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Listaháskóla Íslands, Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður og Guðmundur H. Gunnarsson frá Matís kynna frumlegar og girnilegar nýjungar sem þróaðar voru í rannsóknasamstarfi við bændur.

Konfúsíus – kínversk menning

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós var formlega sett á stofn í maí 2008 við Háskóla Íslands í samvinnu við Ningbo-háskóla í Kína.

Stofnunin kynnir starfsemi sína á Vísindavöku 2008 en hún felst einkum í ýmiss konar fræðslustarfsemi um kínverska tungu og menningu. Lausleg dagskrá komandi vetrar verður þar kynnt.

Í tilefni af kínverskri miðhaustshátíð sem nú fer fram verður boðið upp á kínverskar mánakökur og listakonan Li Zhiling mun sýna og gefa málverk sín.

Reykjavík International Film Festival



Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík 25. september — 5. október 2008

lokadagur → — vefsíðan → riff.is

Upplýsingamiðstöð hátíðarinnar er í bókabúðinni lðu við Lækjargötu 2 og þar er hægt að kaupa miða á hátíðina og ýmsar aðrar vörur henni tengdar.

Fréttabréf

Þar til dauðinn aðskilur okkur
Til døden os skiller

Dönsk dama og dramatík

Paprika Steen sækir hátíðina heim, en þessi danska leikkona og leikstýra kemur hingað með myndina Þar til dauðinn aðskilur okkur (Til døden os skiller) í farteskinu. Þetta er aðeins önnur mynd Steen sem leikstjóra en frumraun hennar í leikstýrustólnum, Lad de små börn, fékk ekki amalegar viðtökur hjá gagnrýnendum hérlendis og meðal annars setti Sæbjörn Valdimarsson hjá Morgunblaðinu hana efsta á lista yfir bestu myndir ársins 2004 í áramótauppgjöri sínu og sagði: „Danska stórleikkonan sannar með sinni fyrstu mynd að hún er engu síðri leikstjóri. Átakanleg og miskunnarlaus nærskoðun á hópi fólks sem verður fyrir sárri reynslu og hvernig það nær aftur áttum. Leikhópurinn skilar eftirminnilegu dagsverki.“

Síðasta lestin frá Hollywood

Einhverjum kann að þykja löng leið frá alter-egói Charles Bukowski, túlkuðum af Matt Dillon, í 67 ára gamlann norskan lestarstjóra, en þá leið fór norski leikstjórinn Bent Hamer þegar hann fetaði sig aftur heim til Noregs frá Hollywood. En Odd Horten, sem gefur opnunarmynd hátíðarinnar nafn sitt, virðist þó þegar nánar er gáð sama ólíkindatólið og Bukowski. Hann týnir pípunni sinni, sofnar í gufubaði og týnist á flugvelli – og á einhvern einkennilegan hátt vofir dauðinn alltaf yfir, eða eru það bara yfirvofandi ellilaunin?

Hnattferð í bíó

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík er nú haldin í fimmta skipti og geta gestir nú valið úr um hundrað myndum, þar af 74 í fullri lengd, frá 27 löndum. Gestum er þannig boðið í heimsreisu í myrkum bíósölum, allt frá Norðurpólnum til Suðurpólsins, frá Berlín til Buenos Aires. Erlendum gestum hátíðarinnar fjölgar líka stöðugt og því aldrei að vita nema bíógestir geti hitt fulltrúa landanna 27 áður en yfir lýkur, því hátíðin á sér ekkert síður stað utan bíósalsins þar sem málþing, umræður, námskeið, fyrirlestrar og markaðstorg verða út um allan bæ – og svo auðvitað yfir kaffibolla þar sem bíógestir skiptast á skoðunum á nýjustu færeysku heimildamyndinni.
Hátíðin hefst í dag og við viljum bara minna ykkur á að þetta er veisla, endilega troðið ykkur út af góðum bíómyndum og njótið þess svo að liggja á meltunni, þetta er hnattferð þar sem þið þurfið ekki að hafa áhyggjur af því að krónan sé að hrynja.

Stoltir bakhjarlar →
Landsbankinn
PÓSTURINN
Með stuðningi →
CENTER HOTELS

Hvað ætlar þú að sjá?

Huldar Breiðfjörð
rithöfundur

Wild Combination: a Portrait of Arthur Russell

Russell var mjög góður músíkant og forvitnilegur karakter, skrítinn einfari og heimilsleysingi sem samdi hreint magnaða tónlist.

My Winnipeg

Búin að heyra mikið og margt gott um hana frá fólki í kringum mig. Grunar líka að það gæti verið einhver skemmtileg Íslandstenging, enda Maddin Vestur-Íslendingur og Winnipeg miklar Íslendingalendur.

Í skugga hinnar helgu bókar

Túrkmenistan er skrítnasta land í heimi og Túrkmenabashi var einn skrítnasti leiðtogi sögunnar, það ætti að vera forvitnilegt að skyggnast á bak við tjöldin þar. Svo er það finnskur leikstjóri sem gerir myndina, finnskur húmoristi getur varla klikkað með svona efni í höndunum.

Sódómískt Bílabíó á milli vakta

Þú þarft ekki fimm háskólapróf til að koma á Bílabíó, bara bílpróf (eða keyrandi vin) og miða.
Í Bílabíóinu gefst hátíðargestum tækifæri að endurnýja kynnin við sódómíska Reykjavík tíunda áratugarins í Sódóma Reykjavík eftir að hafa skotist út á land með þríeykinu óaðskiljanlega úr Dagvaktinni, en annar þáttur Dagvaktarinnar verður frumsýndur samhliða sýningum í sjónvarpinu. Svo er aldrei að vita nema það verði eftirpartí í Dúfnahólum 10. Íslenskur húmor eins og hann gerist bestur á útsöluverði fyrir utan Kringluna.

Bílabíóið fer fram á annarri hæð Kringlubílastæðisins, 28. september kl. 20:00. Öllu hljóði sýningarinnar verður útvarpað á tíðninni 91.9. Miðaverð er 1000 kr. á hvern bíl.

Kung Fu og Páll Óskar

Getur þú ímyndað þér 8 mínútna útgáfu af „Gone With The Wind“? Löngu fyrir daga VHS og Beta varð fólk að láta sér lynda að horfa á kvikmyndir heima hjá sér á Super 8mm formi. Stundum voru myndir í fullri lengd klipptar niður í 8 mínútur (án samþykkis leikstjórans) og sýndar þannig. Upplifunin er eins og að horfa á mjög langan treiler. Páll Óskar á vafalaust landsins stærsta safn af Super 8mm spólum og mun sýna úrval 8 mínútna útgáfum af klassískum Kung Fu myndum frá áttunda áratugnum á borð við Fists of the Double K (1973) með Jackie Chan, The Hong Kong Connection (1979), Godfathers of Hong Kong (1974), Thunder Kick (1973), og hina gullfallegu Enter the Dragon (1973) með Bruce Lee (60 mín). Minna mas, meiri hasar. Spennið beltin fyrir besta partíbíó ársins, 2. október kl. 21:00 í Bæjarbíói, Hafnarfirði. Pylsur, popp og kók í anddyri, eins og í alvöru „Grindhouse“ bíó.

Friðartónleikar með kornungum gamlingja

„Hann er yngsti 77 ára maður mannkynssögunnar.“ Þannig lýsir Teri McLuhan leikstjóri David Amram, sem semur tónlistina í mynd hennar Óbyggða-Gandhi. Myndin verður sýnd þrisvar á hátíðinni en auk þess verður Amram með sérstaka friðartónleika í tengslum við heimsfrumsýningu á myndinni hérlendis þar sem hann fær Pétur Grétarsson í lið með sér. Á dagskrá verður etnógrafískur djass og þeir félagar taka meðal annars djassútgáfu af Hani, krummi, hundur, svín, enda á Amram myndarlegt safn af íslenskum lögum.
Rétt eins og leikstjórinn Teri McLuhan hefur hann heimsótt þessi landamærasvæði Pakistan og Afganistan enda ferðast mikið á sínum 77 árum og tileinkað sér tónlistarstíla víðsvegar að úr heiminum. Hann hefur auk þes skrifað tvær minningabækur, Vibrations og Upbeat: Nine Lives of a Musical Cat. Fjölhæfni hans líkur þó ekki þar, því hann hefur einnig verið þekktur fyrir að semja rímandi lagatexta á staðnum á miðjum tónleikum. Það kemur í ljós í Ráðhúsinu mánudagskvöldið 29. september hvort hann tekur upp á því hér, en tónleikarnir hefjast kl. 20.00.
Aðgangur ókeypis.

Allt um kvikmyndatónlist

Tónlist og kvikmyndir skarast sífellt oftar og nýta sömu framleiðslu- og kynningarrásir. Samt virðast þeir sem áhuga hafa á þessum geirum eða starfa í þeim vera illa upplýstir um hvað fer fram hinumegin borðsins. Til að byggja brýr þar á milli hefur Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ákveðið að blása til ráðstefnu undir heitinu Sound on Sight. Ráðstefnan fer fram í Norræna húsinu fimmtudaginn 2. október frá kl. 10:00 – 15:00. Þar munu tíu vel þekktir innlendir og erlendir fagaðilar ræða málin af innsæi í þremur ólíkum en náskyldum umræðum.
Í fyrstu lotunni er farið ofan í nýlega bylgju tónlistarheimildamynda með velgengni Heima Sigur Rósar sem útgangspunkt. Meðal þátttakenda eru Brad Abramson, varaforseti VH1 í Bandaríkjunum, Hanno Plate sem starfar við ritstjórn hjá EuroArts, sjónvarpsstöð sem sýnir helst heimildarmyndir um klassík og djass, Kári Sturluson, hérlendur umboðsmaður Sigur Rósar og Finni Jóhannsson frá TrueNorth sem framleiddi myndina.
Í annarri lotu er fjallað um „sándtrökk“ – hvernig þau hjálpa til við að selja myndir og öfugt – og hvernig nýjir dreifingarmöguleikar hafa breytt landslaginu. Eric Michon frá Universal Music, sem annaðist m.a. útgáfu tónlistarinnar úr Amélie, miðlar sinni reynslu og einnig Thomas Jamois, sem starfar fyrir Naïve sem hefur gefið út tónlistina úr Lost in Translation, Be Kind Rewind, Fight Club og Inland Empire. Þá mun þekktur íslenskur kvikmyndaleikstjóri ræða sína sýn á þetta fyrirbæri.
Að lokum verður fjallað sérstaklega um réttindamál þegar tónlist og kvikmyndir eru annars vegar og þar munu m.a. tala Mikkel Maltha, sem hefur annast tónlistarmál fyrir Zentropa í Danmörku við framleiðslu á Dogville og Dancer in the Dark, Veigar Margeirsson, sem er tónskáld í Hollywood sem vann m.a. að Iron Man og No Country for Old Men, og Elisa Luguern sem starfaði lengst af hjá EuropaCorp - framleiðslufyrirtæki Lucs Bessons. Hún hefur m.a. unnið að Three Burials of Melquiades Estrada, Taxi 3, Taxi 4 og Colour Me Kubrick.
Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld setur ráðstefnuna.
Fullt ráðstefnugjald er 15.000 krónur en fyrstu 15 meðlimirnir í STEF (FTT og TÍ) sem skrá sig fá ókeypis aðgang. Örfá sæti eru eftir af þessum fimmtán. Eftir það fá þeir aðgang á 5.000 kr. Meðlimir í FÍH fá aðgang á 5.000 krónur. Nemar fá 50% afslátt. Hádegismatur og kaffi er innifalið í verðinu. Sendu póst á register@riff.is hafirðu fyrirspurnir eða viljir skrá þig.

PÓSTURINN
allur pakkinn

Komdu á netpósthúsið

www.postur.is

- **Finna sendingu**
  Hér getur þú með einföldum hætti fundið út hvar sendingin þín er. Hægt er að finna sendingar jafnt innanlands sem utan.
- **Netsamtal við þjónustufulltrúa**
  Netsamtal við þjónustufulltrúa er liður í aukinni þjónustu okkar. Þjónustufulltrúar liðsinna þér með ráðgjöf og veita þér upplýsingar um þjónustu Póstsins.
- **Breyta heimilisfangi**
  Við áframsendum almennan bréfapóst fyrir þá sem eru að flytja, bæði innanlands og erlendis. Almennar sendingar sem eru stílaðar á gamla heimilisfangið eru þá sendar áfram á nýja heimilisfangið.
- **Biðpóstur í fríinu**
  Við geymum almennar bréfasendingar fyrir þig meðan þú ert í frí eða áframsendum til þín á umbeðið pósthús.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 08-0945

Góða skemmtun!

MasterCard

www.mastercard.is/bio

skemmtilegri
LOGI Í BEINNI
FYRSTI ÞÁTTUR Á MORGUN KL. 19:55
Gestir þáttarins eru: Ólafía Hrönn úr Dagvaktinni
Baltasar Kormákur
Hljómsveitin Hjaltalín
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Huliðsheimur jarðhitans

Jarðhiti kallast það er heitt vatn og gufa kemur upp úr jörðinni á svokölluðum jarðhitasvæðum. Á Vísindavökunni munu Íslenskar orkurannsóknir – ÍSOR athuga hvernig slík svæði eru rannsökuð, bæði til að auka vitneskju okkar um eðli þeirra og til að fylgjast með nýtingu þessara svæða.

Á vísindavökunni mun ÍSOR sýna hvernig hægt er að nema varmaútgeislun með myndavél sem er næm á innrauðar bylgjur og sýnir því upplýsingar um hitastig svipað og venjuleg myndavél sýnilegt ljós. Hitainnrauðar myndir nýtast vel við jarðhitakortlagningu, við eftirlit með svæðum og eða þar sem jarðvegur byrgir sýn, svo eitthvað sé nefnt. Úr borholum er einnig hægt að fá upplýsingar um hitastig neðar úr jarðskorpunni en það er gert með því að skoða bergið og greina steindir þess í smásjá.

Steindir endurspegla samsetningu bergs og hita. Þær eru því nokkurs konar hitamælar sem segja til um hita sem búast má við niðri í jörðu.

Þeistareykir. Íslenskar orkurannsóknir - ÍSOR munu athuga hvernig jarðhitasvæði eru rannsökuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Meðal annars kom fram í alþjóðlega rannsóknarverkefninu „Heilsa og lífskjör skólanema“, að íslenskum unglingum líður að jafnaði betur í skólanum en til dæmis unglingum í Finnlandi sem þó hafa náð öfundsverðum árangri á sviði menntunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heilsa og lífskjör skólanema á alþjóðavísu

Háskólinn á Akureyri mun á vísindavöku þetta árið leggja sérstaka áherslu á alþjóðlega rannsóknarverkefnið Heilsa og lífskjör skólanema.

Háskólinn á Akureyri kynnir niðurstöður úr alþjóðlegu rannsóknarverkefni er varðar heilsu og lífskjör skólanema. Fyrstu niðurstöður þessarar rannsóknar voru kynntar í sumar og vöktu þá talsverða athygli og kannski ekki að furða þar sem efnið snertir mjög marga.

Meðal annars kom fram að íslenskum unglingum líður að jafnaði betur í skólanum en til dæmis unglingum í Finnlandi sem þó hafa verið taldir ná öfundsverðum árangri á sviði menntunar. Einnig þótti mörgum fréttnæmt að íslenskar unglingsstúlkur eru í þriðja sæti meðal þjóða í könnuninni þegar kemur að því að hafa stundað kynlíf. Fræðimenn sem starfað hafa að rannsókninni munu verða á staðnum og ræða við þá sem vilja vita um hvaðeina sem við kemur heilsu og lífskjörum skólanema á Íslandi. En ekki gefst aðeins kostur á að kynnast niðurstöðum rannsókna við HA heldur munu nemendur í hjúkrunarfræði bjóða gestum og gangandi að mæla hjá þeim blóðþrýsting og blóðsykur og huga þannig að sinni eigin heilsu.

Fræðasetur Háskóla Íslands um land allt

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsókna- og þjónustustofnun sem heyrir undir Háskólaráð. Stofnunin starfrækir átta rannsókna- og fræðasetur á landsbyggðinni og er vettvangur samstarfsverkefna háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga utan höfuðborgarsvæðisins. Markmið stofnunarinnar eru m.a. að skapa aðstöðu til rannsókna um land allt, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Á Vísindavöku má nálgast kynningarefni um rannsóknir og starfsemi á vegum Stofnunar fræðasetra HÍ.

Ísafjörður. Háskóli Íslands er meðal annars með fræðasetur á Vestfjörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til hamingju með daginn vísindamenn

Rannís óskar vísindamönnum til hamingju
með 26. september 2008 en dagurinn er tileinkaður
vísindamönnum í Evrópu

Við minnum á Vísindavökuna 2008
í Listasafni Reykjavíkur föstudaginn 26. september

Allir velkomnir!

Vísinda Vaka
Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 26. september
kl.17:00 til 22:00

RANNÍS

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

11001111010011

Vatn er ein helsta auðlind heims.

Vatnsgæði

Vatn er ein merkasta auðlind í heimi. Aðgangur að hreinu vatni hjálpaði til við borgarmyndun og skiptir ótrúlega miklu máli fyrir almenna velferð mannfólksins í heiminum. En hvernig vitum við hvort vatnið er hreint og drykkjarhæft? Á Vísindavökunni mun umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands fjalla um helstu aðferðir við að greina vatnsgæði. Gæði drykkjarvatns á mismunandi stöðum í heiminum verða skoðuð, og dæmi nefnd um mengun vatnsbóla og hvað sé hægt að gera til þess að fyrirbyggja slíkt.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Styrkir til vinnustaðakennslu og námsefnisgerðar

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni og kennsla við hæfi.

SI auglýsa eftirfarandi styrki lausa til umsóknar:

- **Styrkir til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað**
- **Styrkir til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum SI**

Umsóknarfrestur er til 1. október.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.si.is.**

SI
Samtök iðnaðarins

www.si.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fyrirtækið Össur hefur höfuðstöðvar sínar á Íslandi en starfsstöðvar í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Bretlandi, Svíþjóð og Ástralíu og er með umfangsmikið net dreifingaraðila á öðrum alþjóðlegum mörkuðum. MYND/ÚR EINKASAFNI

Bætt lífsgæði með spelkum til stuðnings

Sérfræðingar Össurar hf. munu kynna CTi® spelkuna og Unloader One® spelkuna á Vísindavöku.

CTi-spelkan er sérstaklega hönnuð til notkunar sem stuðningur eftir liðbandaáverka og er einnig notuð af íþróttafólki um allan heim í forvarnaskyni. CTi-spelkan hentar meðal annars þeim sem iðka vatnasport, vetrarsport og mótorkross. Að auki hentar spelkan ökumönnum mótorhjóla.

Unloader One-spelkan veitir nýja möguleika við meðferð á slitgigt í hnjám og er sérstaklega hönnuð til þess að draga úr álagi á slitna liðfleti. Hún veitir hnénu stuðning og dregur úr verkjum. Unloader One hentar þeim sem þjást af langvarandi slitgigt.

Báðar spelkurnar eru árangur þróunarstarfs hjá Össuri hf. þar sem efni á borð við koltrefjar og sílikon eru notuð til að hámarka gæði og veita notendum stuðning og öryggi til að viðhalda heilbrigðum lífsstíl.

Allar afurðir Alcoa Fjarðaáls ganga í gegnum ströng próf á rannsóknastofu álversins.

ÍSLENSKA SÍA.IS / ALC 43743 09/2008

VÍSINDI Í VERKI

Vísindaþekking og rannsóknir hafa verið megingrundvöllur í starfsemi Alcoa allt frá upphafi. Hjá Alcoa Fjarðaáli starfar fjöldi háskólamenntaðs fólks í ýmsum greinum og myndar gefandi vísindasamfélag.

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á endurmenntun og sýnir í verki þá staðreynd að spurningar og svör vísindamanna hafa verið og halda áfram að vera grunnur að framförum á flestum sviðum.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál
ALCOA

Útsölulok

Fjöldi frábærra tilboða

Síðast en ekki síst!

Borðstofusett

Nabucco Borðstofusett

Verð nú kr. 320.000.-

Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð áður kr. 434.500.-

Italsofa

Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm með einu handtaki

Afar slitsterkt microfiberáklæði
sem auðvelt er að þrífa
Litir: Rautt og ljóst

Verð nú kr. 226.000.-

Vandaður hornsófi sem hægt er að breyta í rúm Verð áður kr.283.000.-

Verð nú kr. 169.000.-

Vandað sófasett 3+1+1 með slitsterku áklæði Verð áður kr. 215.000.-

Vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri. Litir: Svart,ljóst,dökkbrúnt Verð kr. 399.000.- **Verð nú kr. 298.000.-**

Vandaður slökunarstóll
með skemli og sterku áklæði
eða leðri - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 49.900.-
Verð áður kr. 69.000.-

Tilboðsverð m/leðri
kr. 69.900.-
Verð áður kr. 86.000.-

Vandaður slökunarstóll
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem
eiga erfitt með hreyfingar.
Með innbyggðum skemmli.

Tilboðsverð m/ákl.
kr. 86.900.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 118.900.-

Vandaður stóll
Afar vandaður og sérlega
þægilegur stakur stóll frá
Italsofa með snúningi.

Tilboðsverð m/leðri
kr. 59.900.-
Verð áður kr. 74.000.-
Tilboðsverð m/áklæði
kr. 43.500.-
Verð áður kr. 54.000.-

Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemli.
Litir: Beige, brúnt, svart og
rauðbrúnt.
Tilboðsverð
kr. 79.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360°
sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Komið og sjáið fjölda tilboða í verslun okkar!

Opið virka daga kl. 10-18 / **Laugardaga kl. 11-16**

MIRRA mun fræða gesti um íþróttaþátttöku innflytjendabarna í Breiðholti.

Innflytjendamál á Vísindavöku

MIRRA – Miðstöð Innflytjendarannsókna, Reykjavíkurakademíunni, mun fræða gesti Vísindavöku um starfsemi rannsóknarmiðstöðvarinnar og innflytjendur á Íslandi.

Meðal annars verður kynnt rannsóknarskýrsla sem MIRRA vann um íþróttaþátttöku innflytjendabarna í Breiðholti og skrá sem MIRRA heldur yfir rannsóknir og rit um innflytjendamál. Einnig verður gestum gefinn kostur á að kanna þekkingu sína á innflytjendamálum og segja álit sitt á þeim.

Á bás KINE verður hægt að fylgjast með starfsemi vöðvanna með hljóði og mynd.

Hlustað á vöðvana

Það verður líf og fjör á bás KINE eins og alltaf. Þar gefst fólki kostur á að hlusta á merki sem vöðvarnir gefa frá sér og einnig að sjá vöðvaspennuna á stórum skjá.

Með því að horfa á merki frá vöðvanum, hvenær hann er að taka á, er hægt að laga hreyfimynstur og koma þannig í veg fyrir ranga beitingu. KINE hefur þróað þráðlausar mælieiningar á heimsmælikvarða sem gefur fólki tækifæri á að hreyfa sig óhindrað og frjálst meðan það fylgist með hvernig vöðvarnir bregðast við. Þessi tækni er mjög gagnleg í almennri líkamsþjálfun, endurhæfingu, vinnuvistfræði og þjálfun íþróttamanna.

Vísinda Vaka

Vísindavakan er haldin sama dag í helstu borgum Evrópu og kallast „Researchers' Night"

RES – Orkuskólinn

Samhliða aukinni orkunotkun, hærra orkuverði og auknum umræðum um loftslagsbreytingar, eru orku- og umhverfismál sífellt ofar í hugum fólks. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa á því mun meira fylgi að fagna nú en áður, og þá ekki síst sem liður í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Sérstaða og þekking Íslendinga á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa skapa einstakt umhverfi til reksturs og uppbyggingu sérhæfðs orkuskóla hér á landi.

RES – Orkuskólinn kynnir námsframboð skólans á Vísindavökunni 2008 og býður gestum Vísindavöku að kynnast framleiðslu og nýtingu á endurnýjanlegri orku.

Urriðafoss í Þjórsá. MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

POWER6™ BUILT ON Power™

IBM Power System p dagurinn 2008

Þann 2. október næstkomandi mun Nýherji, í samstarfi við IBM, kynna það nýjasta frá IBM í Power System vélbúnaði og hugbúnaði á IBM Power System p deginum 2008. Á ráðstefnunni verður farið yfir allt það nýjasta sem varðar POWER6 en einnig verður sérstök áhersla lögð á að kynna möguleika á rekstri SAP viðskiptahugbúnaðar og Oracle gagnagrunna á System p vélbúnaði.

Á sama tíma mun AIX Notendahópur verða stofnaður. Markmið með stofnun hópsins er að draga saman alla helstu notendur AIX á Íslandi, veita þeim vettvang til að sækja upplýsingar og fróðleik um kerfið, viðhafa umræður og skoðanaskipti og stuðla að bættu samfélagi AIX notenda á Íslandi.

Ráðstefnan er haldin í húsakynnum Nýherja, Borgartúni 37.

Dagskrá Power System p dagsins 2008

14.00 **Stofnun AIX notendaklúbbs á Íslandi**
Undirbúningsnefndin

14.30 **Oracle gagnagrunnurinn**
Gunnar Bjarnason, framkvæmdastjóri Miracle ehf.

15.10 **Kostir þess að keyra Oracle gagnagrunna á IBM POWER6**
Michael Odegaard Larsen, vörustjóri IBM Power System Nordic

15.40 **IBM POWER6 örgjörvinn**
Kristófer A. Einarsson, System p hópstjóri Nýherja

16.20 **Nýjungar í POWER6**
Michael Odegaard Larsen, IBM Danmark

17.10 **Léttar veitingar í boði Nýherja**

Þátttaka er ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda póst til Ómars Kristinssonar, omar@nyherji.is, í síðasta lagi þriðjudaginn 30. september.

Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • s. 569 7700 • www.nyherji.is

NÝHERJI

NOTAÐIR BÍLAR HJÁ BÍLALANDI GRJÓTHÁLSI 1

Frábær þjónusta, glæsilegt úrval!

ÞÚ FINNUR DRAUMABÍLINN HJÁ BÍLALANDI!

Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðaðu þá alla!

TILBOÐSBÍLAR

TILBOD
3.790.000,- kr

Nissan Murano 3.5 V6
nýskr.06/06 ssk. Ek.27.þús.km.
Verð.5.550.000.

TILBOD
780.000,- kr

Land Rover Range Rover
nýskr.03/00 ssk. Ek.160.þús.km.
Verð.1.490.000.

TILBOD
4.000.000 ,- kr

Land Rover Freelander 2.2. Sport
HSE nýskr.04/07 ssk. Ek.16.þús.km.
Verð.5.650.000.

TILBOD
1.590.000,- kr

Hyundai Tucson 2.0 Dsl
nýskr.02/06 bs. Ek.57.þús.km.
Verð.2.750.000.

500.000 - 1.500.000

1.190.000,- kr

Renault Megane II Sport Tourer
nýskr.05/04 ssk. Ek.50.þús.km.

1.390.000,- kr

Nissan Trooper
nýskr.09/00 ssk. Ek.185.þús.km.

1.490.000,- kr

Renault Megane II Sport Tourer
nýskr.06/04 bs. Ek.42.þús.km.

1.220.000,- kr

Renault Clio
nýskr.01/06 bs. Ek.42.þús.km.

1.500.000 - 3.000.000

1.890.000,- kr

Subaru Legacy
nýskr.04/04 ssk. Ek.49.þús.km.

2.750.000,- kr

Nissan Patrol Elegance
nýskr.05/01 ssk. Ek.116.þús.km.

2.490.000,- kr

Subaru Legacy
nýskr.03/06 ssk. Ek.38.þús.km.

2.250.000,- kr

Hyundai SANTA FE 2.0 dsl
nýskr.05/05 ssk. Ek.45.þús.km.

3.000.000 - 4.500.000

3.790.000,- kr

Subaru Legacy
nýskr.01/08 ssk. Ek.6.þús.km.

4.490.000,- kr

Nissan Navara XE
nýskr.04/08 bs. Ek.3.þús.km.

3.390.000,- kr

BMW X5 3,0i
nýskr.09/01 ssk. Ek.103.þús.km.

3.530.000,- kr

Subaru Forester
nýskr.09/07 ssk. Ek.8.þús.km.

ATVINNUBÍLAR

1.190.000,- kr

Renault Kangoo
nýskr.12/03 bs. Ek.65.þús.km.

2.650.000,- kr

Renault MASTER
nýskr.04/06 bs. Ek.82.þús.km.

2.740.000,- kr

Renault At MASTER
Millilangur nýskr.11/05 bs.
Ek.119.þús.km.

1.990.000,- kr

Renault Trafic
nýskr.07/05 bs. Ek.146.þús.km.

FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, geturðu fundið nákvæmlega þann bíl sem þú leitar að með einfaldri leit. Þú gramsar og rótar og færð allar upplýsingar um hvern bíl og skoðar fjölda mynda áður en þú kemur á staðinn - þannig verða bílakaupin miklu markvissari.



bílaland

BILALAND.IS 575 1230

GRJÓTHÁLS 1

560.000- í afslátt!!!!
Toyota Prius Hybrid nýskr 12/2007. Ekinn 1þ. km, sjálfskiptur og álfelgur. Fer á góðu verði. ásett 3.190.000. Uppl. í síma 420 6600.

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600

Toyota LAND CRUISER 90, 7/2002, ek. 128þús.km,35" breyttur, Diesel, beinsk, stigbretti, Fallegur bíll !! Ásett verð 2380 þús.kr, 100%fjármögnun fáanleg!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com.

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Subaru Legacy árg. '96, 2l, bensín. Automats, sk. '09. Rafmagnsrúður, ABS, ek. 211 þ. silfurlitaður. V. 220 þ. S. 848 5621.

Opel Astra OPC 2007
Ek. 26 þ.km, 241hö, 6 gírar, túrbína, 18" low profile, leður, eyðir um 11L/100km. Verð. Yfirtaka + 800þ., Afb. 39 þús. Er í sal Bíll.is s. 577 3777.

MMC Pajero '97 til sölu. Ek. 170.000 þús. V6 bensín. Nagladekk á felgum fylgja. Verð 680.000. Uppl. í s. 892 8585.

Toyota Yaris 2004, ekinn 75þús, 3dyra, 2 dekkjagangar á felgum. Verð 920þús. Simi 891 6637

VW Golf 1400 ek. 138 þ. árg. '98. 5 gíra. Bsk. Nýsk. Heilsársdekk. Verð 380 þ. Uppl. í s. 659 3459.

Toyota HiLux Double Cap Diesel árg 1998 ekinn 219Þ.35"Dekk hús og fl,fl. Góður bíll.S:898-2811

Lexus IS 300 árg. '02 ek. 60 þ. Leður, lúga, ssk., bsk. Listav. 2,3. Skoða öll skipti t.d. ódýrari sendibíl & raðgreiðslur mögulegar. S. 822 0350.

Vinnubílar til sölu
2.Cit.Berlingo árg.2007 bensín, 1.Cit. Berlingo árg.2007 dísel, 1.Opel combo árg.2007 dísel, 1.Nissan Primaster árg.2007 dísel. Yfirtaka á góðum erlendum lánum.

Uppl. Stefán 824 1450.

Passat station 10/05, ek 44þ mjög vel með farinn og hagstætt lán áhvílandi. Tilboð óskast í 858-6721, engin skipti.

0 kr. út. - Mán. greiðslur 19.000 KIA PICANTO '06. EKINN 22 ÞÚS. FÆST GEGN YFIRTÖKU Á LÁNI. SKOÐAÐUR 2010. Upplýsingar í síma 698 9803.

Ford Expl. sport árg. '92. Bsk, ek. 150 þ. 6 cyl. 2 dyra. Alf. V. 65 þ. stgr. S. 820 9918.

0-250 þús.

Nissan Terrano árg.'95 4x4 Sk.'09 Ssk. Með öllu. Verð 190 þ. Uppl. í s. 897 9809.

Ódýr bíll á aðeins 165.000.-kr (feitletrað) Suzuki swift 96" ekinn 106þ rosalega vel með farinn!!! skoðaður 09" eyðir aðeins 5 lítrum uppls 857-7245

Station bíll á 165.000.- kr
Peugeot 306 árg 98" ek 117þ skoðaður 09" 5gíra uppls 857-7245

250-499 þús.

Toyota lc 70 stuttur árgerð 1985 ek 380 þús km ny skoðaður 2.4 dísel 5 gíra verð 290 þús 846 5559

500-999 þús.

Isuzu Trooper árg. '99 ek. 175 þús. V. 850 þ. Vél nýupptekin, ný túrb., diesel, beinsk. 550 þ. áhv., hagst. lán Upplýs. gefur Hallgrímur í síma 864 5063.

1-2 milljónir

Toyota Yaris 1300 VVTI SSK árg. '03 ekinn aðeins 48 þúsund. Í Toppstandi verð 1150 þúsund. Uppl. í s. 825 2124.

Toyota Yaris 1300 VVTI sjálfskiptur. árg. '03 ekinn aðeins 48 þúsund. Í Toppstandi. Verð 1150 þúsund. Uppl. í s. 825 2124.

2 milljónir +

SKOÐA SKIPTI, T.D A FASTEIGN EÐA 2 ODYRARI UPPI. PORSCHE 911 CARRERA 4 2005. SSK., EK. 37Þ. 4WD. UMBOÐSBÍLL, TOPPEINTAK, ASETT 9900 LAN 7200. UPPL. I S. 694 9117.

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Bílar óskast

Okkur vantar allar tegundir af bílum á skrá og á staðinni. X4 bílasala S: 565-2500 og 565-9600.

Námsmaður óskar eftir bíl eða jeppling fyrir 15-100 þús. Skoða allt. S. 695 2381.

Jeppar

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com:.

Tilboð 650.000 kr.
Toyota 4Runner, ameríkutýpa, vél 3400. 24 ventla. árg. 2000. Sjálfsk. Rafmagn í öllu, topplúga, krókur, Cruise Control. Í toppstandi. Sk. '09. Listaverð 1.090 þús. Tilboð 650 þús. Uppl. í s. 821 4111.

Gröfumaður,óska eftir vönum gröfumanni. uppl. s 6632333

Pallbílar

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F250 frá 2.400 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tundra frá 2.700 þús., GMC Sierra C/K 1500 frá 2.600 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

Vörubílar

Til sölu Nýr Volvo FM 440 6x4 +2R vörubifreið, með Hiab 288 E-7 krana, 5,6 m.pallur og ábygging frá Zetterbergs. Upplýsingar í síma 515 7000 eða 893 4435 Ólafur.

Mótorhjól

Honda Vtx 1300. árg.'05. ek.c.a 5þ. mílur. Verð. Tilboð. Uppl. í s. 699 4543.

Ódýrt
Yamaha WR 250 árg. '02. Verð 200þ. Uppl. í s. 699 4543.

Bílaþjónusta

GÆÐABÓN ÁRMÚLA 17A
Opið Mán-fös 8-18 S. 568 4310

KRINGLUBÓN ekið inn stóri-Litli turn. Opið mán-fös 8-18 Lau 10-18. S. 5342455

GÆÐABÓN Hafnarfirði bílakj. Firðinum (undir verslunarm.)

ÞAÐ BESTA FYRIR BÍLINN ÞINN

ALÞRIF, MÖSSUN, TEFLON, BRYNGLJÁI, DJÚPHREINSUN.

Aukahlutir í bíla

Toyota felgur með negldum dekkjum til sölu, undir Rav4. Einnig á sama stað frystikista á 5þ. Uppl í s. 663 5856

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala
Erum að rífa Swift '07, L200 '07, D-Max '07, Mazda Tribute '05, Captiva '05, Tucson '05, HRV '04, C3 '04, Focus C-max '04 og flestar tegundir japanskra og kóreskra bíla. Einnig VW og Opel. Opið 08-18. S. 565 3400, partasolur.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Orkuboltastelpurnar. Alþrif og hreingerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366. www.orkuboltastelpurnar@orkaboltastelpurnar.com

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Garðyrkja

HELLUBORG DÓRA

Haustklippingar.
Nú er rétti tíminn fyrir garðsnyrtingu ! Alhliða garðumhirða, garðvinna, hellulagnir ofl.
Upplýsingar í síma 616 9714 eða helluborg@helluborg.is

Halldór Sveinn Ólafsson

www.helluborg.is

Garðaþjónusta Íslands
Haustklippingar, haustþrif, trjáfellingar og öll önnur almenn garðvinna. S. 866 9767.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

Áætlanagerð, ársreikningar, skattskil og bókhald. Lipur þjónusta - áratuga reynsla. Árfar ehf. Sími 897 5520.

Til sölu

Þjónusta

Málarar

Múrum og málum !
Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Þarftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 698 8629 & 662 5322.

Ódýr sandspörslun og málun. TS Málun ehf. Sími 663 3393.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar !
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Besta verðið !! Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaviðhald

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
Erum að bóka inn f. veturinn og komandi ár.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Fjölbreytt viðhaldsþjónusta fasteigna. Tökum að okkur viðhald og breytingar á fasteignum. Einungis er um að ræða trésmíði og rafmagnsvinnu. Vönduð vinna og bara fagmenn, sem vinna verkin. Tilboð eða sanngjarnt tímagjald. Upplýsingar í síma 898-2817

Húsaviðgerðir og málun
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Hofsvík ehf Flísalagnir,múrviðgerðir,hellulagnir skjólgirðingar ofl. S: 6998509

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - sólpallar. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Smiður + Húsamálun + Flísalögn
Einn maður. Láttu mála eða skipta um eldhús eða annað, tek líka að mér sumarbústaði. 23 ára reynsla. Uppl. í s. 898 9511.

Flísalagnir
Flísalagnir parketlagnir málning S. 896 7786, Julian. flispol@simnet.is

Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.
Einkatímar.
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Ekkert mín.gjald. Þú hringir & pantar tíma & ég hringi í þig. S. 865 5524 Inga.

Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Pípulagnir
Raflagnir
Viltu lækka hitakostnaðinn er ójafn hiti ?
Yfirförum vatns- og hitakerfi, endurnýjum raflagnir í eldra húsnæði, hitastillingar og viðgerðir.
Verklaginn ehf
Vagnhöfða 8
S. 517 2010 & 662 6009

Önnur þjónusta

Verktaki getur bætt við sig verkefnum í flísalögn. Uppl. í s. 770 5451.

KEYPT & SELT

Til sölu

Eldsneytis Sparari!
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS

Nú á allt að seljast!!
Grindur fyrir upphengd salerni, barskápar, sturtuklefar með gufu, ljós og margt fleira.
Sími 849 7813
ISmart

Gefins

ÓSKAST GEFINS EÐA ÓDÝRT.
Ískápur óskast í góðu ástandi, ódýr eða gefins. Arnar Ingi s.848-8059

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir 32" eða 42" flatskjá (TV) á góðu verði. Einnig brúnum vel með förnum leðursófa. S. 896 8568.

Óska eftir gamalli traktorsgröfu eða lítilli beltavél eða smágröfu. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 483 4614 & 899 4614.

Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Dell XPS M170 fartölva til sölu. Sem ný. Selst ódýrt. Hafðu samband í s. 845 5455.

Ný iMAC borðtölva! Skipti á PC!!! 2.8GHz/320 GB/2GB/glans 24"skjár. s. 8452227

Vélar og verkfæri

PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Þú nærð góðum árangri með Herbalife
FYRIR EFTIR
Bergrún Ingimarsdóttir
Sími: 861 5512
beco@simnet.is / www.bergrun.is
Sjálfstæður dreifingaraðili

Léttist um 22 kg á LR kúrnum. Aukin orka, vellíðan og aukakíló hreint fjúka. Dóra 869-2024 www.dietkur.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Nudd

Ferðanuddbekkir, óléttubekkir, lök o.fl. Gott verð og gæði. Uppl. 891 6447 Óli.

Whole body massage Telepone 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

INTENSIVE ICELANDIC I-IV
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 13/10, 3/11, 1/12 Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 13/10, 1/12. Level IV: 10 weeks; sat/sun 10-11:30 start: 27/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

LAXI UPPSTOPPUN

Námskeið í uppstoppun fugla að hefjast aftur, nánari uppl. og skráning í s. 693 2277, Sveinbjörn Sig. laxi@laxi.is

HEIMILIÐ

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is

Kraftblásari
Geggjaður kraftblásari á góðu verði og mikið úrval af ýmsri feldvöru fyrir hundinn eða köttinn. Hundaheimur - Háholt 13 Mosfellsbæ -www.hundaheimur.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starblus.info

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 10 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

Fyrir veiðimenn

Stórgóðir laxa- og silungamaðkar. Uppl. í s. 695 9774 eftir kl. 14

Hestamennska

Vélvirki óskast á Hellu
Starfsmaður óskast til að stýra vélaverkstæði á Hellu. Reynsla nauðsynleg, menntun er kostur en ekki skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Upplýsingar gefa Pierre í s. 866 0256 og Kristín í s. 866 2738, einnig á grafvelar@simnet.is. Grafvélar ehf. Dynskálum 36, 850 Hella, s. 487 1515.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus leigumiðlun

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

husaleiga.is
Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

www.heimkynni.is
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Free rent in September
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Opnunartilboð
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Til leigu 325 fm. verslunar og skrifstofuhúsnæði í Kópavogi. Húsnæðið er í góðu ástandi. Upplýsingar í síma 824-0220

ÍBÚÐIR TIL LEIGU Í KAUPMANNAHÖFN
Lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Virkilega flott og vel skipulögð ný 4ra herb íbúð í Kórahverfi í Kóp. 125 fm + bílgeymsla og yfirbyggðar stórar svalir. 190 þ.kr. Laus 1. okt. Upplýsingar og myndir: ibudarleiga@visir.is

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Til sölu

Veitingastaður
– Frábært tækifæri
Einn glæsilegasti veitingastaður landsins er til sölu. Frábært tækifæri fyrir metnaðarfullan kokk eða þjón. Besti tíminn framundan. Lítil og þægileg rekstrareining.
Upplýsingar í síma 697 9262.

60fm hús til leigu í Keflavík. Húsgögn innifalin garður og bílastæði. 95,000/mán Sima: 659-5386 60sqm house for rent in Keflavík. Fully furnished, garden and parking. 95,000/month. Call: 659-5386

4 herb. íbúið í Hjf. til leigu. 160 á mán. með öllu! Rúmgóð og björt á góðum stað! Íris 861 6759.

Húsnæði

Herbergi til leigu í Innri Njarðvík, eldunaraðstaða, bað, Wc, bílastæði fyrir alla. Uppl. í síma 770 2175 & 770 5144.

HERBERGI TIL LEIGU. Í hugguleg íbúð í 104. næstum öll húsg. til staðar. sangj verð. Viktor í s. 690 7740.

2ja herb. íbúð til leigu í Kópavogi. Leiga 90þús. á mán. Laus. S. 898 4906 / 554 0826.

Par vantar meðleigjanda. Herbergi með sameiginlegu eldhúsi og stofu. 101 Rvk. Kr 60 þús. S. 663 1862 & 564 5821.

Til leigu 60fm 2 herb., íbúð í Árbænum. Parket á gólfum, flísar á baðherb. Fallegt útsýni til suðurs. Leiga 120 þ. og 3 mán. fyrirfram eða önnur ábyrgð. Íbúðin er laus 1 okt. Uppl. veitir Hilmar í s. 669 9791.

75.fm íbúð nálægt H.Í og miðbæ til leigu. V. 150þ. á mán. m/rafm. og hita. Uppl. í s. 899 2230.

Til leigu 3herb íbúð í Seljahverfi, mikið endurnýjuð björt og rúmgóð ásamt stæði í bílskýli. Verð 140þús.pr.mán. Uppl.í s. 8935164.

2ja herbergja íbúð í Keflavík. Innifalið er: Hiti og rafmagn. S:8495810

Room for rent LAUFÁSVEGUR 101 from 30 September, w/furnit, 50000 kr Uppl.8451374

Falleg 2.herb. 60.fm íbúð á rólegum stað í 101. Rvík. Leiguv. 120þ. per. mán. 1.mán. fyrir fram. Uppl. í s. 864 1175.

Efri hæð í einbýli í Njarðvík. Glæsilegt útsýni. á sama stað 4.herb. íbúð til leigu. Uppl. í s. 698 7626.

Til leigu stúdíóíbúð í 101, 43fm. Uppl. í s. 692 1747

2 herb. 52 fm íbúð til leigu í 101. 120 þ. á mán. Leigist frá 1. okt. Uppl. í s. 770 7654.

Herb. til leigu í Stórholti. Uppl. í s. 899 3749.

Stúdíóherb. m/sér inngangi til leigu í 101. 50þ. á mán. Uppl í s. 862 0700

Til leigu 100 fm hæð í einbýli í Kinnunum Hfj. 220, 3ja herb. + 30 fm sólskáli með heitum pott og 46 fm bílskúr getur leigst með eða án. Er laus. Get sent myndir. Uppl. hustilleigu@visir.is

Húsnæði óskast

Ábyrgðarf. og reykl. par með 2 börn í Köben óskar e. íbúðaskiptum við fólk í RVK um jól/áramót. Nánari uppl.: birgirola@gmail.com

Sumarbústaðir

Til leigu sumarhús í Brekkuskógi. Nýtt og glæsilegt 97fm hús með millilofti. Rúm fyrir 8 manns.Heitur pottur. Virkilega glæsilegt hús í alla staði.Laust um helgina.Sími 8410265

Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði fyrir veisluþjónustu/veitingastað til leigu.
Gott kæli og frystipláss til staðar. Einnig góð aðstaða fyrir uppvask. Rafmagn og gaslagnir til staðar. Einnig góð loftræsting. Hagstæð leiga.
Uppl. í s. 697 9262, Einar.

Tvö rúmgóð skrifstofuherbergi til leigu miðsvæðis í Rvk. Aðgengi að sturtu og þvottavél. V. 40 þús. pr. herbergi á mán. Uppl. í s. 898 4202.

Skrifstofuhúsnæði til leigu. 100 m2 að stærð á 2.hæð á Reykjavíkurvegi í Hfj. Mjög gott húsnæði með góðu útsýni yfir Hfj. Eldhús og tölvulagnir til staðar. S. 893 1644 & 897 1644.

Til leigu 60 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf. S. 868 1451.

Gott 100 fm skrifstofu húsnæði á 3. hæð við síðumúla til leigu. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

Geymsluhúsnæði

2.5GHz Intel Core 2 Duo T9300 örgjörvi, 4GB vinnsluminni, 320GB SATA 5400RPM harður diskur, 17" skjár 512MB GeForce Go 8700M GT skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Ultimate styrikerfi

209.990

ASUS PRO71SR-7S161C
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5750 örgjörvi, 3GB vinnsluminni, 320GB SATA 5400RPM harður diskur, 17" skjár 256MB ATI Mobility Radeon HD 3470 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

109.990

ASUS F7L-7S040C
1.73GHz Intel Core 2 Duo örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 250GB SATA 5400RPM harður diskur, 17.1" skjár 256MB GMA X3100 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

94.990

TAKMARKAÐ MAGN

HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU, FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

RÝMINGARSALA • RÝMINGARSALA • RÝMINGARSALA • RÝMINGARSALA

GARSALA

ðar og nýjar vélar • Mesta úrvalið í versluninni í Reykjavik

ASUS A8JS-4S041G
2.0GHz Intel Core 2 Duo T7200 örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 160GB SATA 5400RPM harður diskur, 14.1" skjár 512MB GDDR3 Geforce Go 7700 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Ultimate styrikerfi

89.990

HP COMPAQ NX6125
1.8Ghz AMD Turion ML-34 örgjörvi, 512MB vinnsluminni, 80GB IDE 5400RPM harður diskur, 15" skjár ATI Mobility Radeon X300 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Microsoft Windows XP styrikerfi

49.990

HP PAVILION DV6095EA
1.8Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 100GB SATA 5400RPM harður diskur, 15" skjár 128MB DDR Geforce Go 7200 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Microsoft Windows XP Home styrikerfi

69.990

ACER ASPIRE 5520G-202G16MI
1.6Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 160GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 256MB DDR Geforce 8400 GS skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

49.990

ACER ASPIRE 5671AWLMI
1.66GHz Intel Core Duo örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 120GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár ATI Mobility Radeon X1600 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows XP Home styrikerfi

39.990

ACER ASPIRE 5684WLMIB
1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 120GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 256MB DDR Geforce Go 7600 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows XP Media Center styrikerfi

69.990

ACER ASPIRE 5920G-702G16MN
2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 160GB IDE 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 256MB DDR Geforce Go 8600 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

79.990



ACER ASPIRE 5720Z-1A2G25MI
1.46GHz Intel Core Duo örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 250GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 256MB GMA X3100 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

59.990

ASUS F3SE-AS069C
1.66GHz Intel Core 2 Duo T5450 örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 160GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 256MB ATI Radeon X2500 skjákort, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

79.990

ACER ASPIRE 5520-6A1G16MI
1.8Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 160GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 256MB ATI Radeon X1250, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

49.990

ASUS F3MAP022G
1.6Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 120GB 5400RPM harður diskur, 15" skjár 128MB DDR Geforce Go 6100 skjástýring, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Ultimate styrikerfi

84.990

ACER A7720-834G64BN
2.4GHz Intel Core 2 Duo T8300 örgjörvi, 4GB vinnsluminni, 640GB SATA 5400RPM harður diskur, 15.4" skjár 512MB DDR Geforce Go 8600, kortalesari, Blu-ray lesari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

169.990

ACER ASPIRE 7520-5A2G12
1.7Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi, 2GB vinnsluminni, 120GB IDE 5400RPM harður diskur, 17" skjár 256MB DDR Geforce 7000M skjástýring, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows Vista Home Premium styrikerfi

59.990

ACER ASPIRE 9301AWSMI
2.0Ghz AMD Turion MK-36 örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 120GB IDE 5400RPM harður diskur, 17" skjár 128MB DDR Geforce Go 6100 skjástýring, kortalesari, DVD+/- skrifari, Windows XP Media Center styrikerfi

49.990

ACER TRAVELMATE 5623WSMI
1.66GHz Intel Core Duo T5500 örgjörvi, 1GB vinnsluminni, 120GB SATA 5400RPM harður diskur, 17" skjár 256MB DDR Geforce Go 7300 skjákort, DVD+/- skrifari, Windows Vista Business styrikerfi

69.990

ALLT AÐ 100.000 KR AFSLÁTTUR

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66	HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750	S: 414 1760

> MISJAFN ÁRÓÐUR MOORE

Nýjasta kvikmynd Michaels Moore, Slacker Uprising, var gerð almenningi aðgengileg á veraldarvefnum á þriðjudag. Sá galli er reyndar á gjöf Njarðar að eingöngu er hægt að hala myndinni niður í Bandaríkjunum og Kanada, en myndin er gerð til að hvetja fólk til að kjósa í bandarísku forsetakosningunum í nóvember. Myndin hefur þó fengið æði misjafna dóma og því er kannski engin ástæða til að syrgja hana.

bíó

bio@frettabladid.is

Stysta Bond-myndin

Leikstjórinn Marc Foster, sem leikstýrir nýjustu myndinni um njósnarann James Bond, Quantum of Solace, upplýsti nýverið að myndin yrði stysta Bond-mynd sögunnar enda aðeins klukkutími og fjörutíu mínútur að lengd.

Foster hitti blaðamenn á fundi í Lundúnum í síðustu viku þar sem hann lýsti myndinni sem „samþjöppuðu og tilfinningaþrungnu ferðalagi“.

Daniel Craig fer í annað sinn með hlutverk James Bond, en hann hlaut mikið lof fyrir frumraun sína í hlutverkinu í kvikmyndinni Casino Royale sem kom út árið 2006.

Quantum of Solace er beint framhald af Casino Royale; söguþráður hennar á að hefjast um hálftíma eftir að söguþræði fyrri myndarinnar lauk. Áhorfendur fylgjast með Bond eltast við alþjóðleg glæpasamtök sem urðu völd að dauða ástkonu hans í Casino Royale. Bond heimsækir fjölda landa, Ítalíu, Austurríki og nokkur lönd í Suður-Ameríku, til þess að hefna sín.

Í Bólivíu rekst hann á franska illmennið Dominic Greene sem þykist vera náttúruverndarsinni, en hefur í raun í hyggju að sölsa undir sig vatnsbirgðir landsins með valdaráni.

Bond getur að sjálfsögðu ekki látið slíka glæpsemi viðgangast og tekur til sinna ráða. - vþ

Á HARÐAHLAUPUM James Bond er hollast að flýta sér þar sem nýjasta myndin um hann er víst heldur hraðskreið.

TÓNLIST Sveittir snúðar blanda á staðnum.

Teknó: Reykjavík-Berlín

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst í kvöld. Sýningar verða í Regnboganum við Hverfisgötu, Norræna húsinu og í Iðnó. Margir efnisflokkar verða í boði á hátíðinni eins og sjá má á vef hennar: www.riff.is.

Á hátíðinni verður sérstök rækt lögð við samband tónlistar og kvikmynda með tónlistarmyndadagskrá sem ber yfirskriftina Hljóð á mynd, eða Sound on Sight. Þar verða frumsýndar tvær nýjar íslenskar heimildarmyndir, Rafmögnuð Reykjavík og Teipið gengur. Er ætlunin að vekja athygli á því sem er að gerast hérlendis á sviði kvikmyndar og tónlistar og sömuleiðis kynna Íslendinga fyrir alþjóðlegum hræringum á sama sviði.

Rafmögnuð Reykjavík er ný íslensk heimildarmynd eftir Arnar Jónasson um raftónlistar- og dans-tónlistarsenuna á Íslandi síðastliðin tuttugu ár en Arnar hefur skráð sögu hennar á þessu tímabili og er myndin því um leið skoðun á kima í íslensku tónlistarlífi. Rétt eins og Rokk í Reykjavík, Gargandi snilld, Heima, Rokkbærinn Keflavík, Blindsker og Ham er verkið mikilvæg skráning á sögu dægurtónlistar hér á landi. Rafmögnuð Reykjavík inniheldur mikið af músík og viðtöl við ýmsa forsprakka raf- og danstónlistarsenunnar íslensku. Hún er jafnframt opnunarmynd Sound on Sight.

Teipið gengur er heimildarmynd eftir Elsu Maríu Jakobsdóttur og Gauk Úlfarsson um upptökur Memfismafíunnar á plötunni Oft spurði ég mömmu sem hefur hljómað í viðtækjum landsmanna í sumar, en hljóðritunin var einungis gerð á einn hljóðnema og var ekkert átt við upptökurnar eftir á.

Lou Reed tók upp plötuna Berlín árið 1973 á eftir Transformer. Hún fékk óblíðar móttökur og gleymdist en átti sér fáa en dygga aðdáendur. Fyrir tveimur árum réðist hann í að flytja verkið allt og árið 2006 var verkið kvikmyndað af Julian Schnabel í New York. Ýmsir flytjendur komu að tónleikunum og hjálpuðu Reed að skapa heim fíknar og tortímingar.

Berlin Song er saga sex tónlistarmanna úr söngvaskáldasenu Berlínarborgar. Þau eru frá Bandaríkjunum, Noregi, Hollandi og Ástralíu og gerðu borgina einhvern veginn að sinni. Leikstjórinn Uli M Schueppel fékk hvert og eitt þeirra til að sýna sér „sinn eigin stað“ í Berlín og bað hvert þeirra um að semja lag um borgina.

Þungarokk í Bagdad er heimildarmynd sem segir af írröksku þungarokksveitinni Acrassicauda (Svarti spordrekinn) frá því að stjórn Saddams Husseins féll árið 2003 til ársins 2007. Þungarokksflutningur í einræðisríki hefur alltaf verið erfiður (ef ekki ómögulegur) en eftir að Saddam var steypt af stóli leit út fyrir að sveitin gæti flutt sína tónlist óáreitt. Þær vonir urðu fljótlega að engu eftir að borgarastyrjöld tók að geisa.

Teknóplötusnúðurinn og pródúsentinn Martin Krakow, betur þekktur sem DJ Ickarus, hefur verið á stanslausu ferðalagi um klúbba og útihátíðir heimsins ásamt kærustu sinni og umboðsmanni Mathilde. Eiturlyfjaneysla Martins fer þó stöðugt vaxandi og eftir heimkomutónleika í Berlín lýkur hann nóttinni á geðdeild. Það er kornið sem fyllir mælinn.

Wild Combination: A Portrait of Arthur Russell segir frá örlögum tónlistarmanns sem lést fyrir aldur fram úr alnæmi árið 1992 að mestu gleymdur. Þó hafði hann sett mark sitt á ýmsa geira; framúrstefnulega nýklassík, tónlist söngvaskálda og – þótt ótrúlegt sé – diskó. Hann vann með Allen Ginsberg og Philip Glass en eftir því sem árin liðu sökk hann sífellt dýpra inn í eigin tónlist, í eigin heim, og undir lokin vann hann að mestu einn í íbúð sinni í New York.

Squeezebox var einn alræmdasti skemmtistaður New York-borgar þar til borgarstjórinn Rudy Giuliani, sem vildi verða forsetaefni repúblikana, lét loka honum. Staðurinn var opnaður í byrjun 10. áratugarins út frá þeirri einföldu hugmynd stofnandans, Michaels Schmidt, að láta draggdrottningar syngja rokklög uppi á sviði. Í myndinni reyna leikstjórarnir að fanga stemninguna eins og hún var á staðnum, bæði með gömlum myndbútum og viðtölum. Þar með fær áhorfandinn tækifæri til þess að kynnast karakterunum sem einkenndu staðinn og nú eru orðnir goðsagnir í djammlífinu í New York.

Ólík þessum stórborgarópusum er kvikmyndin Saga Borgarættarinnar frá 1920 sem verður sýnd við undirleik hljómsveitarinnar Hjaltalín. pbb@frettabladid.is

Fjórir miðaldra skálkar

Á morgun verður frumsýndur í þremur kvikmyndahúsum í Reykjavík og á Akureyri nýjasti smellur þeirra Coen-bræðra, Burn after Reading.

Hún skaust óvænt efst á lista vestanhafs í aðsókn og hefur vakið verulega athygli beggja megin Atlantshafsins. Myndin var opnunarmynd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrr í mánuðinum. Bræðurnir halda áfram á áður kunnugum slóðum líkt og í No Country for Old Men, Fargo og Blood Simple. Græðgi leiðir klaufa inn á braut glæpanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Að þessu sinni gerist sagan í hinu virðulega og ríka samfélagi opinberra starfsmanna í Washington: greiningarmaðurinn Osborne (John Malkovich) er rekinn frá CIA. Kona hans Katie (Tilda Swinton) er ekkert hissa á því, hefur um langt skeið haldið við lögreglumanninn Harry (George Clooney) sem hún ætlar að giftast – þótt hann sé ekki skilinn enn. Í öðrum hluta borgarinnar er líkamsræktarþjálfarinn Linda (Frances McDormand) með allan hugann við lýtaaðgerð sem hún vill ráðast í og trúir vinnufélaga sínum Chad (Brad Pitt) fyrir sínum málum. En þegar tölvudiskur með endurminningum Osbornes kemst í hendur þeirra Lindu og Chads fer í gang keðja atburða.



KVIKMYNDIR Gamlir samstarfsmenn þeirra Coen-bræðra, George Clooney og Francis McDormand, sem er reyndar eiginkona eldri bróðurins, Joels.

MYND SENA

Bræðurnir segja kvikmyndina blöndu af ádeilu, kynlífsfarsa og kjaftforri kómedíu þótt stíllinn sæki margt til samsærismynda sem gerast í höfuðborginni. Joel segir: „Myndin segir af miðaldra fólki sem er í krísu á framabrautinni og í einkalífinu og kemur sér í mál sem varða þjóðaröryggi. Hér takast á heimar leyniþjónustunnar og líkamsræktarstöðva með slettu af makaleit á vefnum.“ Bróðir hans, Ethan, bætir við: „Þetta er okkar útgáfa af Jason Bourne/Tony Scott-mynd nema það eru engar sprengingar.“

Þessi fjörugi skálkaleikur verður sýndur í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói á Akureyri á morgun. - pbb

EILÍF ÁST Kermit og ungfrú Svínka tolla saman í gegnum súrt og sætt.

Prúðuleikarar á tjaldið

Þau gleðilegu tíðindi bárust nýverið frá Walt Disney-risanum að í bígerð væri ný kvikmynd um Prúðuleikarana sem vænta mætti í kvikmyndahús árið 2010. Prúðuleikararnir hafa átt erfitt uppdráttar undanfarin tíu ár; þeir gengu kaupum og sölum á milli ýmissa aðila áður en þeir enduðu hjá Disney árið 2004. Þeir hafa ekki haft sinn eigin sjónvarpsþátt í áratug og síðasta kvikmynd þeirra, Muppets from Space, sem kom út árið 1999, gekk illa í kvikmyndahúsum. En nú horfir allt til betri vegar hjá Kermit og félögum; gríntvíeykið Jason Segel og Nicholas Stoller, sem á að baki myndina vinsælu Forgetting Sarah Marshall, hefur tekið að sér að skrifa handritið að nýju myndinni, þannig að vænta má mikillar gleðisprengju á tjaldið eftir tvö ár. - vþ

Hinsegin ást í bíó

Samhliða Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík verður boðið upp á Hinsegin bíódaga frá og með deginum í dag og fram til 5. október.

Þetta er í þriðja sinn sem haldnir eru Hinsegin bíódagar í Reykjavík, en hátíðin hefur ávallt haft það á stefnuskrá sinni að reyna að kynna hinsegin kvikmyndagerð fyrir hinum almenna áhorfanda.

Hinsegin kvikmyndahátíðir eru starfræktar í stórum borgum víða um heim við góðan orðstír og er því skemmtilegt að slík hátíð sé að festa rætur í Reykjavík. Það er ekki síst slíkum hátíðum að þakka að smám saman hefur orðið til grein kvikmynda sem tekst á við hinsegin veruleika á einlægan og varfærinn hátt.

Í lok Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar verða veitt sérleg „Hinsegin kvikmyndaverðlaun 2008“ þeirri kvikmynd sem að mati dómnefndar þykir skara fram úr sem framlag til hinsegin menningar.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér dagskrá Hinsegin bíódaga betur geta skellt sér inn á vefsíðuna www.hinbio.org, en þar er fjallað ítarlega um hátíðina.

- vþ

Afnemum VSK

af öllum húsgögnum

frá fimmtudegi til sunnudags

fáanlegt í Hagkaup Smáralind og Holtagörðum

SÉRSMÍÐUM SÓFASETT FYRIR ÞIG!

Láttu hugmyndaflugið ráða!

Tungusófar, svefnsófar, hornsófar og stólar

Tau, leður og bycast í ýmsum litum

Gildir til 28. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Viltu hætta að reykja?

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um árabil haldið námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 29. september 2008.

Hægt er að skrá sig í síma 540 1900 eða á netfangið reykleysi@krabb.is

Nánari upplýsingar á www.krabb.is

Krabbameinsfélagið

www.krabb.is

> JÓGÚRT Í ALLT

Hreina jógúrt má nota í ýmislegt. Notaðu hana í stað majónes, í bakstur, eða sem sósu með ferskum kryddjurtum og myntu. Þá má einnig blanda út í hana smá brúnum sykri og rjóma og bera fram með ferskum berjum sem gómsætan eftirrétt.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR LEIKSKÁLD

Táraðist yfir þörungasalati

Hvaða matar gætirðu síst verið án? Ég er mun háðari drykkjum en mat. Ég er mikil kaffikona. Það er kannski algjör klisja að vera manneskja sem skrifar og lifir á kaffi. Svo finnst mér dásamlegt að eiga kaldan pilsner í ísskápnum. Hvað mat varðar væru það eflaust ostar.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Ég fór einu sinni í uppskurð þar sem ég var án fæðu í hátt í tvo daga. Þegar ég vaknaði eftir aðgerðina kom til mín hjúkrunarkona með fábreytta máltíð: ristað brauð með osti og tebolla. Ég held ég hafi sjaldan stunið jafn mikið af ánægju. Þetta er mér mjög minnisstætt sem matarleg fullnægja. Svo fékk ég pitsu með karrílegnu nautakjöti og banönum í Stokkhólmi sem var líka alveg dásamleg.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Einu sinni fór ég í grænmetisætumatarboð þar sem var meðal annars boðið upp á þörungasalat. Ég fékk mér á diskinn, stakk upp í mig bita og táraðist af viðurstyggð. Ég er samt svo vel upp alin og kurteis að ég lét mig hafa það og klaraði.

Leyndarmál úr eldhússkápnum: Hunangsdijon-sinnep, það getur kallað fram ótrúlegustu töfra í matargerð.

Hvað borðarðu til að láta þér líða betur? Ætli það sé ekki popp. Það er eitthvað róandi við það að bryðja popp.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum? Osta, pilsner og alltaf svolítið fjölbreytt úrval af grænmeti. Mér finnst líka alveg ómissandi að eiga rauðlauk út í salat.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér? Ég geri ekki ráð fyrir að það sé neitt þarna til að elda með, þannig að ég hugsa að ég myndi taka með mér ávexti en láta brauðið vera. Svo myndi ég vera ótrúlega sniðug og taka með mér pakkanúðlusúpur.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Ég hef borðað strút í Litháen og krókódíl í Bandaríkjunum, en hann var reyndar djúpsteiktur svo hann kom bara út eins og KFC kjúklingur. Ég er engu nær um hvernig hann er á bragðið. Svo hef ég borðað höfrung og kengúru hérna heima.

Heimagert salsa

Flestir kaupa salsasósuna með flögunum tilbúna í krukkum. Það er þó lítið mál að útbúa hana sjálfur og þannig er hægt að stýra hversu sterk hún verður og hvort hún er borin fram heit eða köld.

SALSASÓSA

2 tómatar
1 jalapenopipar
5 hvítlauksgeirar
1 ½ tsk. salt
¼ bolli vatn
2 msk. ólívuolía

Fjarlægið kjarnann og skerið tómatana í tvennt. Fjarlægið stilkinn af jalapeno-piparnum og skerið hann í bita. Afhýðið hvítlauksgeirana. Setjið tómata, jalapeno, hvítlauk, salt og vatn í blandara og blandið þar til allt er orðið að vökva.

Hitið ólívuolíu á pönnu yfir miðlungshita. Hellið blöndunni í pönnuna og lækkið þar til kraumar. Hrærið af og til þar til blandan skiptir um lit og er orðin dökkrauð, um það bil 15 mínútur. Takið af hitanum.

Sósuna má geyma í kæli.

HEIT SÓSA Salsasósu er auðvelt að gera sjálfur og þannig er hægt að hafa hana alveg passlega sterka. NORDICPHOTOS/GETTY

Einfaldar bökur

Það er fátt fljótlegra og einfaldara en bökurnar sem á ensku kallast „crumbles“ eða „cobblers“. Þar er einföldu deigi stráð yfir ber eða ávexti og bakað í ofni í hálftíma. Hér eru notuð epli, en fersk eða frosin ber eru ekki síðri. Þá má einnig blanda saman rabarbara og jarðarberjum, eða nota ávexti á borð við ferskjur, allt eftir smekk.

EPLABAKA

5 epli
¾ bolli hlynsíróp
½ bolli hveiti
½ bolli haframjöl
½ bolli brúnn sykur
1 saltklípa
¼ bolli mjúkt smjör

Afhýðið eplin, fjarlægið kjarnann og skerið í sneiðar. Setjið í bökuform og veltið upp úr sírópinu. Blandið saman hveiti, haframjöli, sykri og salti í annarri skál, klípið smjörið saman við þar til deigið er mylsnukennt. Stráið yfir eplin.

Bakið við 190°C í um 35 mínútur, þar til gullinbrúnt. Berið fram heitt eða við stofuhita.

FLJÓTLEGT OG GOTT Ber og ávextir undir stökku deigi eru dásemdareftirréttur á köldum haustkvöldum. NORDICPHOTOS/GETTY

Tíndi villisveppi í Heiðmörk

Daði Hrafnkelsson fer ótroðnar slóðir í matargerð. Hann eldar mikið af afrískum mat um þessar mundir.

„Ég er mislatur matgæðingur. Ég tek svona skorpur í að elda og fæ þá æði fyrir einhverju ákveðnu sem ég elda í dálítinn tíma, eða þangað til ég fæ leiða á því,“ segir Daði Hrafnkelsson, tannlæknir og matgæðingur. Daði hefur haldið úti bloggsíðunni dadihrafnkelsson.blog.is frá því í desember, þar sem hann deilir meðal annars uppskriftum með lesendum og af þeim að dæma fer ekki á milli mála að Daði er mikill áhugamaður um mat.

„Upp á síðkastið hef ég aðallega verið í norður-afrískri matargerð, þá aðallega marokkóskri og ég er ekki enn orðinn leiður á henni. Ég kynntist marokkóskum manni í gegnum vinnuna sem sagði mér frá matarmenningunni. Marokkóbúar borða fimm heitar máltíðir á dag og það vakti áhuga minn á þessari matargerð. Þeir gera mjög góð flatbrauð og norður-afrísk krydd eru svo rosalega góð að það er nánast sama hvað þú setur í matinn, það verður allt gott. Ég fékk gefins tajine-pott sem er ekta marokkóskur pottur og fór að kynna mér hvernig hann er notaður, en ég hef líka verið að kynna mér líbanskan og ísraelskan mat upp á síðkastið,“ útskýrir Daði sem segist alfarið sjá um eldamennskuna á sínu heimili.

„Ég sé um að elda því það borðar nánast enginn matinn sem konan mín eldar,“ segir Daði og hlær. „Ég prófa mig þá meira áfram sjálfur heldur en að styðjast við uppskriftir,“ bætir hann við og gaf okkur girnilega uppskrift sem hann hannaði sjálfur, að andarbringu og sveppum sem hann tíndi ásamt dóttur sinni í Heiðmörk.

„Ég og Rebekka, eldri dóttir mín, tíndum villisveppi í Heiðmörk í ágúst. Af einhverri feimni hef ég varla þorað að nota þá, þangað til í gærkvöldi. Herborg, konan mín, var með einhverja stæla vegna þess að ég tíndi sveppina sjálfur og treysti Flúðasveppum betur, en hún var hæstánægð með matinn og þá veit ég að þetta var fínt.“ alma@frettabladid.is

MATGÆÐINGUR Daði Hrafnkelsson tannlæknir sér alfarið um eldamennskuna á sínu heimili og prófar sig gjarnan áfram frekar en að styðjast við uppskriftir.

Andarbringa með kanilrauðkáli, bakaðri kartöflu og Heiðmerkursveppum.

Öndin
Bringuna steiki ég á pönnu í fimm mínútur með haminn niður, svo þrjár mín á hinum hliðunum. Set hana inn í ofn með fimm mínútna hléum, en þá er hún höfð í ofninum í fimm mínútur, svo hvíld í fimm mínútur til skiptis. Það þarf ekki að taka fram að ég nota bara salt og pipar á öndina. Með þessari aðferð verður bringan bleik og djúsí.

Bökunarkartafla
Kartaflan er einföld. Flysjuð og skorið djúpt í hana þar til um það bil sentimetri er eftir. Sáldra olíu, salti og söxuðu rósmarín yfir. Sett inn í ofn á 180° C þar sem hún er höfð þar til matargerðinni lýkur.

Rauðkálið
Sker rauðkálið þunnt og léttsteiki í smjöri með þunnt skornu sellerí. Blanda síðan smátt söxuðu engiferi út í, kanilstöng, salti og pipar. Eftir um það bil fimm mínútna steikingu set ég þetta í ofninn í 70 til 80 mínútur með álpappír yfir pönnunni. Þegar þetta er tilbúið set ég svona tvær teskeiðar af rifsberjahlaupi saman við.

Sósan
Steiki villisveppablönduna sem var tínd í rigningu í Heiðmörk í íslensku smjöri. Rauðlaukur settur á pönnuna og mildaður. Vatni og andarkrafti frá Oscar bætt út í. Þegar þetta er búið að sjóða aðeins niður er settur sýrður rjómi út í ásamt soðinu af öndinni.

föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun

Margrét Edda Jónsdóttir í Merzedes Club
Dreymir um frægð og frama

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

Elda fyrir Volkswagen-gesti

Hin viðamikla Volkswagen-kynning sem staðið hefur yfir hér á landi síðustu vikur hefur eflaust ekki farið fram hjá mörgum. Á meðal þess sem í hana var lagt var bygging sérstaks samkomuhúss í Eldborgargili í Bláfjöllum. Þar hefur einvalalið kokka staðið við eldavélarnar síðustu vikur til seðja hungur 1.500 erlendra blaðamanna.

„Þeir völdu tvo veitingastaði til að sjá um veitingarnar fyrir þennan viðburð. Það er annars vegar Domo í Reykjavík og svo Við fjöruborðið á Stokkseyri, því þeir höfðu frétt af humrinum þar,“ útskýrir Máni Eskur Bjarnason, veitingastjóri Domo. Ragnar Ómarsson, yfirkokkur á Domo, hefur farið með tögl og hagldir í matseldinni í Bláfjöllum. „Það er mjög mikið í þetta lagt og aðstaðan fyrir okkur er mjög góð, enda reistu þeir glæsihús bara fyrir þennan viðburð,“ segir Máni.

HUMAR Í AÐALHLUTVERKI Ragnar Ómarsson er yfirkokkur Domo og stýrir matseldinni í Bláfjöllum, en þar er íslenskur humar í aðalhlutverki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á meðal þess sem blaðamönnunum hefur verið boðið upp á er plokkfiskur, hangikjöt og íslenskt lambakjöt, en humarinn er þó í aðalhlutverki. „Við höfum verið að bjóða upp á íslenskan mat með alþjóðlegum blæ,“ útskýrir Máni.

Starfsliðið í Bláfjöllum, 25 manns, er skipað íslenskum kokkum og þjónum en þar að auki var brugðið á þá ráð að flytja inn til landsins sjö enska „butlera“. „Þetta eru allt alþjóðlegir gestir, svo við fengum enska þjóna til að vinna með íslensku þjónunum,“ segir Máni, sem segir það ráð einnig hafa minnkað álagið á veitingastaðina tvo sem hafa samhliða þessu verkefni sinnt venjulegum matargestum á heimavelli.

Volkswagen-viðburðinum lýkur um helgina, en hann hefur staðið yfir frá 7. september.

30-90% afsláttur

BÓKA LAGERSALA

GARÐATORGI – GARÐABÆ

Opið kl. 11–21 í dag

KONUDAGUR Í DAG

Allir sem versla á lagersölunni í dag fá gefins tvær bækur, *Brosað gegnum tárin – sögu fegurðarsamkeppna á Íslandi* og *Lærum að elda taílenskt*.

Öll börn sem koma á markaðinn fá óvæntan glaðning. Auk þess fá allar yngri prinsessur gefins *Prinsessublað* með fylgihlut.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

2.490 kr.
38% afsláttur

1.990 kr.
57% afsláttur

2.490 kr.
45% afsláttur

890 kr.
70% afsláttur

Þeir sem versla fyrstir fá gefins bíómiða á myndina *Happy-Go-Lucky.* Myndin er verk Mike Leigh sem hefur gert myndir á borð við *Veru Drake* og *Secrets & Lies*. **Myndin verður frumsýnd í Kringlubíói 3. október.**

SAMBÍÓIN

390 kr.
90% afsláttur



490 kr.
80% afsláttur

Allir sem koma í dag fá nýjan KEA-skyrdrykk frá MS sem inniheldur náttúrulegan agavesafa í stað viðbætts hvíts sykurs og sætuefna.

499 kr.
hver bók

DÚNDURTILBOÐ



5.990 kr.
54% afsláttur

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Við rýmum fyrir jólabókunum – komdu og gerðu góð kaup

Baðvörur á hreint frábæru verði!

Aqua baðinnrétting með spegli og vaski (án blöndunartækja)
19.900 kr.

Frístandandi baðker með blöndunartækjum
89.900 kr.

Vaskur á borð
4.900 kr.

Glerhlíf á baðker
14.900 kr.

Steinvaskar, verð frá
11.900 kr.

Aqua baðinnrétting með spegli og vaski (án blöndunartækja)
49.900 kr.

Blöndunartæki frá
3.900 kr.



Sturtuhaus fyrir baðker með blöndunartækjum
45.900 kr.

Wisa upphengt salerni með vatnskassa og öllu tilheyrandi
39.900 kr.

Hornbaðker með vatns- og loftnuddi
139.900 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF FLÍSUM

Reykjavík, Kletthálsi 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14
Akureyri, Furuvellir 15 : Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

> TILNEFND Í FRÆGÐARHÖLL

Hljómsveitirnar Metallica, The Stooges og Run DMC hafa verið tilnefndar til innvígslu í Frægðarhöll rokksins á næsta ári. Gítarleikarinn Jeff Beck, söngkonan Wanda Jackson og diskósveitin Chic eru einnig á meðal þeirra sem koma til greina. Þeir fimm flytjendur sem fá flestar tilnefningar hljóta inngöngu í Frægðarhöllina, sem er í Cleveland í Bandaríkjunum. Aðeins þeir listamenn sem eiga að baki 25 ára útgáfusögu geta komist í Frægðarhöllina. Á meðal þeirra sem hlutu inngöngu á síðasta ári voru Madonna, John Mellencamp og Leonard Cohen.

fólk

folk@frettabladid.is

ÓLÍK ANDLIT ÆSKUNNAR Myndirnar tvær sem birtust af Birnu í tímaritinu Time er heldur ólíkar, en á hægri myndinni er hún heldur fullorðinslegri en á þeirri vinstra megin. Í myndatextanum stendur að hún sé ellefu ára, en Birna var 12 ára þegar myndirnar voru teknar. Að auki birtist tilvísun í greinina á forsíðu blaðsins.

Íslensk stúlka á forsíðu Time

Þrettán ára íslensk stúlka, Birna Gústafsson, situr fyrir í nýjasta hefti fréttatímaritsins Time.

„Hún er með umboðsmann í New York sem hringdi í hana í maí og þá fór hún í prufutöku ásamt nokkrum öðrum stúlkum. Hún var svo valin ásamt einni annarri stúlku, en svo enduðu þeir með að nota bara myndirnar af Birnu," segir Edda Gústafsdóttir, móðir Birnu Gústafsson, þrettán ára íslenskrar stúlku sem birtist í nýjasta tölublaði bandaríska fréttatímaritsins Time. Myndirnar birtust með grein undir yfirskriftinni „The truth about teen girls," þar sem fjallað er um hvort unglingsstúlkur séu að fullorðnast of snemma nú til dags. Birna hefur meðal annars fengist við fyrirsætustörf fyrir Barbie og Samsung. Hún hefur verið búsett ásamt foreldrum sínum í Connecticut frá því að hún fæddist, en Magnús Gústafsson, faðir Birnu, hefur starfað sem aðalræðismaður Íslands í New York undanfarin þrjú ár.

„Hún fór til New York og var heilan dag í tökum fyrir Time. Það var þvílíkt umstangið með föt, skó og skartgripi sem var komið með í stúdíóið allan daginn frá klukkan átta um morguninn til sjö um kvöldið," útskýrir Edda.

„Birna hefur voðalega gaman af fyrirsætustörfum og leiklist. Hún hefur haft það sem svona aukastarf með skólanum og ballettinum sem er númer eitt hjá henni, en hún hefur verið í ballett frá því að hún var þriggja ára í New England Academy of Dance," segir Edda.

alma@frettabladid.is

BALLETT Í UPPÁHALDI Birna hefur verið búsett í Bandaríkjunum frá því hún fæddist og stundað ballett frá þriggja ára aldri.

Kimi til Skandinavíu

Norðlenska útgáfufyrirtækið Kimi Records hyggur á landvinninga í Skandinavíu á næstunni. Fyrsta platan sem kemur þar út verður Bat Out of Hellvar með hljómsveitinni Hellvar og á eftir henni fylgja plötur með hljómsveitunum Klive, Hjaltalín, Benni Hemm Hemm og Morðingjarnir. Sænski dreifingaraðilinn Dotshop mun aðstoða Kimi Records við dreifingu platnanna.

„Þetta er kröftugt og virkt fyrirtæki í þessari indítónlist og við erum að fókusera á þennan jaðarmarkað," segir Baldvin Esra Einarsson hjá Kimi Records. Á næsta ári vonast hann síðan til að geta gefið út nýjar plötur fyrirtækisins samtímis hérlendis og í Skandinavíu. „Markmiðið er að stilla útgáfufyrirtækinu ekki upp sem íslensku fyrirtæki í skandinavískri útrás heldur sem skandinavísku fyrirtæki," segir hann.

BALDVIN ESRA EINARSSON Baldvin Esra hyggur á landvinninga í Skandinavíu með fyrirtæki sitt Kimi Records.

Næstu útgáfur Kimi Records hérlendis eru nýjustu plötur Reykjavík! og Retro Stefson. - fb

SEPTEMBER TILBOÐ

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI

NÝ LENT

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

SL8 1 u149

BLU-RAY FARTÖLVA

Ein öflugasta og best búna fartölva á Íslandi í dag með Blu-Ray spilara, digital sjónvarpskorti og fjarstýringu.

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 4GB DUAL DDR2 667MHz minni
- 640GB DUAL SATA RAID diskur
- BLU-RAY spilari og DVD skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort HDMI
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

159.900

GLÆSILEG HÖNNUN

LACIE

1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur harðdiskflakkari með 1TB af geymsluplássi frá LaCie sem er þekkt fyrir glæsilega hönnun og hámarks gæði.

- 1TB Lacie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur
- Tengist beint í USB2.0

LACIE

21.900

FYRSTIR Á ÍSLANDI

Fyrstir á Íslandi með heitustu nýjungarnar í skjákortum í dag

9800GT

512MB GEFORCE 9800GT

9800GT er nýjasta og eitt öflugasta skjákortið frá nVidia í dag, hlaðið nýjungum og með mjög vandaða Zalman hitapípu kælitækni.

- 9800GT er alger bylting í skjákortum
- 512MB GDDR3 1ns 1800MHz minni
- TurboForce útgáfa fyrir meiri hraða
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 65nm kjarninn er kaldari og hraðari
- Þarf 50% minni orku en eldri kort
- PureVideo HD2 háskerpuafspilun
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf
- Mjög vönduð Zalman kælitækni

GIGABYTE

19.900

100% PIXLAR

5ms

20"LCD

CRYSTALCLEAR SKJÁR

Stórglæsilegur 20" WideScreen Benq skjár með Senseye tækni og glansáferð sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt.

- 20" WideScreen LCD skjár
- CrystalClear glansáferð
- 1000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- VGA, DVI og HDCP tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

19.900

ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990

HVER HAFIN KLUKKUSTUND

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI

10DVD ÁPRENTANLEGIR

10.stk áprentanlegir 16xDVD+R hágæða DVD diskar frá Verbatim

1.490



32MB BUFFER SATA2 NCQ

750GB HARÐDISKUR

Hraður og hljóðlátur Seagate harðdiskur með 32MB buffer

11.900

VERÐ FRÁ 34.900

LANDSINS MESTA ÚRVAL EEE PC

NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
CHARLIE BARTLETT	kl. 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8:20 - 10:30	16
TROPIC THUNDER	kl. 8:10 - 10:30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:10	12
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:40	VIP
STAR WARS	kl. 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D	kl. 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE DIGITAL-3D	kl. 8 - 10:10	12
GET SMART	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
MAMMA MÍA	Sýnd næst 27. og 28. sept.	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
MIRRORS	kl. 8	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PINAPPLE EXPRESS D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
PINAPPLE EXPRESS LÚXUS - D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
	5%	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — Reykjavík International Film Festival

Kalt borð	19:00
Berlín kallar	19:00
O'Horten	21:00
Snjór	21:00
Morgunverður með Scot	21:00
Upprisan	21:00
Landsbyggðarkennarinn	23:00
Saga 52	23:00
Þungarokk í Bagdad	23:00
Rannsóknarmaðurinn	23:00

midi.is

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 10.15	12
MIRRORS	kl. 10.30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 6	L
	5%	

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER ekki í 3D	kl. 6 -8	L
STEP BROTHERS	kl. 10	12
MAMMA MIA	kl. 6	L
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 og 10.15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 4, 6 og 8	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR - ÍSL. TAL	kl. 4	L
MAMMA MIA	kl. 4, 6.30 og 9	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

Norsk fyndni og lestarstjórar

Það kemur alltaf eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar Norðmenn gera fyndna gamanmynd. Enda er líklega fyndnasta mynd sem Norðmenn hafa gert myndin „Mannen som ikke kunne le" frá 1968, sem fjallar einmitt um þau þjóðareinkenni Norðmanna að geta ekki gert grín að sjálfum sér. Leikstjóri hennar var reyndar sænskur. Næst kom hin meinfyndna Elling árið 2001, og nú þessi.

O'Horten er lestarstjóri á leiðinni á eftirlaun. Draumur hans var hins vegar, eins og flestra Norðmanna, að gerast skíðastökkvari, en nú virðist það um seinan. Þessa stundina er mikil mannekla hjá norska lestarfyrirtækinu NSB, og O'Horten útskýrir að einhverju leyti hvers vegna svo er. Sögupersónan eyðir lífi sínu í að keyra á milli Ósló og Bergen, en í kveðjuhófinu fara menn í spurningaleik þar sem þeir reyna að giska á hvaða hljóð komi frá hvaða lestartegund.

Bent Hamer gerði síðast myndina Factotum, með Matt Dillon í

KVIKMYNDIR

O'Horten

Leikstjóri: Bent Hamer. Aðalhlutverk: Bård Owe.

Sýnd á RIFF. Næsta sýning í Regnboganum í kvöld klukkan 21.

★★★★

Fyndin lýsing á því hvernig það er að vera norskur.

aðalhlutverki, sem var byggð á sögu Charles Bukowski. Er það líklega best heppnaða kvikmyndunin á sögum hans hingað til. Hamer snýr hér til heimaslóðanna með glæsibrag og lýsir því vel hvað það er að vera norskur á gamansaman hátt. Svo til allar myndir hans hingað til hafa unnið Amanda-verðlaunin, Óskarsverðlaun þeirra Norðmanna. Nýlega varð það skandall í Noregi þegar kom í ljós að þeir sem útskrifuðust úr norskum kvikmyndaskólum þóttu mun lakari en þeir sem

útskrifast úr dönskum og sænskum, en Hamer heldur heiðri þjóðar sinnar á lofti og er ef til vill besti leikstjóri Norðmanna í dag.

Einnig er gaman að sjá dönsku stórleikonuna Ghitu Nörby hér í aukahlutverki, en hún hefur leikið í öllu frá Olsen-bandinu til Babette's Gæstebud, Matador og Erninum og hefur nú heiðrað Norðmenn með nærveru sinni. Þó er það handrit Hamers sem helst heillar, og bætist O'Hamer í hóp mynda eins og The Bucket List og About Schmidt um lífið á eftirlaunaaldri. Ætli Jack Nicholson fari með aðalhlutverkið í Hollywood-endurgerðinni?

Valur Gunnarsson

LJÓTT AÐ GRÆÐA Leifi í Leifasjoppu er nægjusamur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÁTTA ÁR Í HÁLFRAR ALDAR GAMALLI SJOPPU Kristján í Sunnutorgi er að hætta í sjoppubransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sígarettuverðstríð í Reykjavík

Leifasjoppa í Iðufellinu í Efra-Breiðholti og söluturninn Sunnutorg á Langholtsveginum bera hag reykingamanna fyrir brjósti. Sjoppurnar bjóða ódýrasta tóbakið í bænum.

„Ég er búinn að vera með ódýrasta tóbakið í sjö ár," fullyrðir Kristján H. Kristjánsson í Sunnutorgi. „5.400 kall kartonið og 570 pakkinn í lausu."

„Nú, er hann með þetta svona?," segir Þorleifur Eggertsson, Leifi í Leifasjoppu í Iðufellinu. „Það geta nú ekki allir keypt karton og ég vil ekki mismuna neinum. Ég er því með pakkann á 560 kall, hvort sem þú kaupir hann í kartoni eða stakan." Til samanburðar er algengt verð á sígarettupakka um og yfir sex hundruð krónur.

Kristján í Sunnutorgi reykir en segist ekki eingöngu vera að hugsa um hag reykingarmanna. Það sé einfaldlega góð viðskiptaleið að bjóða upp á ódýrt tóbak. „Fólk keyrir langar leiðir til mín. Þetta hefur spurst út. Ég hækka ekki nema Ríkið hækki og það hefur ekki hækkað lengi. Ég er alveg hissa."

Lúgusjoppan Sunnutorg er hálfrar aldar gömul og eitt af kennileitum borgarinnar. Kristján er búinn að selja reksturinn og er að flytja úr landi eftir mánuð ásamt erlendri eiginkonu sinni. „Nei, ég setti það nú ekki sem skilyrði að nýr eigandi yrði áfram með sömu verðstefnuna í tóbakinu en ég vona að hann haldi áfram með hana. Þetta er orðið svo þekkt."

Öfugt við Kristján reykir Leifi ekki og hefur aldrei gert. Hann er búinn aðreka Leifasjoppu í 15 ár. „Ég er ódýr í flestu enda hef ég enga ánægju af því að gera fátækt fólk enn fátækara á meðan ég hef sjálfur nóg. Og ég er nægjusamur. Ég er alinn uppi í sveit á Sambandstímanum og þá þótti ljótt að græða," segir hann.

Leifa finnst fáránlegt að ekki megi tala um reykingar. „En það er nú eins og svo margt í þessu þjóðfélagi, voðalega barnalegt. Það má reykja en það má helst ekki sjást og ekki tala um það. Reykingar eru eiginlega eins og kynlíf. Kynlíf má stunda en það má hvorki sjást né um það tala."

drgunni@frettabladid.is

Reykjavík International Film Festival

25. september — 5. október 2008 — riff.is

Morgunverður með Scot
Breakfast With Scot

→ Regnboginn 21:00
Tom Cavanagh (sem lék Ed í samnefndum sjónvarpsþáttum) leikur samkynhneigðan íþróttafréttamann og fyrrum íshokkíspilara.

Fimmtudagur 25. september

→ Regnboginn	→ midi.is
Kalt borð	19:00
Berlín kallar	19:00
O'Horten	21:00
Snjór	21:00
Morgunverður með Scot	21:00
Upprisan	21:00
Landsbyggðarkennarinn	23:00
Saga 52	23:00
Þungarokk í Bagdad	23:00
Rannsóknarmaðurinn	23:00

→ Iðnó	
Villt samsetning	15:30
Í skugga hinnar helgu bókar	17:30
Kattadansarar	20:00
33 atriði úr lífinu	22:30

→ Norræna húsið	
Speglar sálarinnar	15:30
Flæði	17:30
Óbugandi	20:00
Óþokkaveisla	22:30

Þungt og þróað

Hljómsveitin Andrúm er búin að vera starfandi í þrjú ár, en Andvakar er hennar fyrsta plata. Hún er sex laga, en samt rúmar 48 mínútur að lengd. Lengstu lögin eru yfir tíu mínútur að lengd.

Tónlist Andrúms er þungt og þróað rokk í klassískum stíl. Áhrif frá stórsveitum áttunda áratugarins eru augljós. Mikið er lagt í uppbyggingu laganna, þau eru kaflaskipt og sveitin sýnir tilþrif bæði í hljóðfæraleik og söng. Fyrsta lagið, titillag plötunnar Andvakar, er undir miklum Pink Floyd-áhrifum og áhrifa frá þeirri ofursveit gætir einnig í spilamennskunni í fimmta laginu, Pictures.

Andvakar er um margt virkilega vel heppnuð plata. Hún gengur algerlega upp, sem er meira en hægt er að segja um margar plötur. Lögin eru vel samin, útsett og flutt og hljómurinn er góður. Umslagið er líka flott. Þrátt fyrir allt þetta nær þessi tónlist aldrei að koma manni á óvart. Hún hljómar kunnuglega – of kunnuglega til þess að platan komist í fyrsta flokk. Það breytir því ekki að Andrúm er greinilega mjög öflug sveit og það verður gaman að sjá hvaða stefnu hún tekur á næstu plötum.

TÓNLIST
Andvakar
Andrúm
★★★

Lögin á Andvakar eru vel samin, útsett og flutt, en tónlistin nær samt ekki að koma manni á óvart. Engu að síður mjög efnileg sveit.

Trausti Júlíusson

Skátar í tónleikaferð

Hljómsveitin Skátar ætlar í tónleikaferð um landið í október ásamt Bloodgroup, Dlx Atx og Sykri. Fyrstu tónleikarnir verða í Menntaskólanum á Egilsstöðum hinn 8. október.

Skátar koma einnig fram á tónlistarhátíðinni Swn Festival í Wales í nóvember og spila þar ásamt sveitum á borð við Clinic og Young Marble Giants. Það var útvarpsmaðurinn Huw Stephens hjá BBC Radio 1 og BBC Wales sem bauð Skátum að spila en hann var afar hrifinn af síðustu plötu sveitarinnar, Ghost of the Bollocks to Come. Ný smáskífa frá Skátum, Goth báðum megin, er svo væntanleg 2. október á vínyl og í formi niðurhals á síðunni Grapewire.net. Verður útgáfunni fagnað á Kaffibarnum sama dag.

SKÁTAR Hljómsveitin Skátar er á leiðinni í tónleikaferð um landið ásamt Bloodgroup, Dlx Atx og Sykri.

TÓNLEIKAFERÐ SKÁTA

8. október 2008 - Menntaskólinn, Egilsstaðir m. Bloodgroup
9. október 2008 - Hraunsnef, Borgarfirði m. Bloodgroup & Dlx Atx
10. október 2008 - Edinborgarhúsið, Ísafirði m. Bloodgroup & Dlx Atx
11. október 2008 - Græni hatturinn, Akureyri m. Bloodgroup & Dlx Atx
14. október 2008 - Flensborg, Hafnarfirði m. Bloodgroup & Sykri
15. október 2008 - Paddy's, Keflavík m. Bloodgroup, Dlx Atx & Sykri
18. október 2008 - Iceland Airwaves

Fann skrýtið nafn í draumi

Það er nóg að gerast hjá Árna Plúseinum. Hljómsveit hans, FM Belfast, gefur út fyrstu plötu sína á næstunni en hann hefur samt fundið tíma til að senda frá sér sólóplötu.

HUNGRY AND THE BURGER Árni Rúnar Hljöðversson, eða Árni +1, hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu undir nafninu Hungry and the Burger. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónlistarmaðurinn Árni Rúnar Hlöðversson, eða Hungry and the Burger, hefur sent frá sér plötuna Lettuce and Tomato.

„Mig vantaði í rauninni nafn yfir helling af lögum sem ég var að gera á þessum tíma," segir hann um þetta sólóverkefni. Úr varð nafnið Hungry and the Burger, sem verður að teljast heldur óvenjulegt.

„Mig dreymdi að ég hefði verið að borða á veitingastað sem hét þessu nafni," segir Árni, sem er einnig þekktur sem Árni Plúseinn, liðsmaður FM Belfast.

Platan var samin og tekin upp í Brooklyn þar sem Árni bjó síðasta vetur. Hann játar að dvöl sín þar hafi haft mikil áhrif á hljóminn.

„Ég var ekki með neitt af venjulegu hljóðfærunum mínum og þess vegna hljómar hún svolítið öðruvísi. Það var eiginlega hluti af verkefninu að nota það sem ég hafði," segir hann. „Hljómborðið sem er teiknað framan á plötunni er lítið hljómborð sem ég keypti þarna úti og kostaði tíu dollara. Það er notað í flestum lögunum."

Að auki komu nokkrir gestir í heimsókn til hans með hljóðfærin sín og spiluðu inn á plötuna, þar á meðal trompetleikarinn Eiríkur Orri. Útkoman er draumkennd plata og seiðandi, með litlum sem engum söng.

freyr@frettabladid.is

> Magnús loks í Fram

Handknattleiksdeildir Akureyrar og Fram náðu loks saman í gær um félagsskipti stórskyttunnar Magnúsar Stefánssonar eftir nokkurt þóf. „Ég er þvílíkt ánægður með að þessu sé lokið og get ekki beðið eftir því að byrja að spila með liðinu," segir Magnús í samtali við Fréttablaðið. Gestur Einarsson, varaformaður handknattleiksdeildar Akureyrar, var einnig sáttur með að málinu væri lokið. „Það er gott að lausn fannst á þessu. Við óskum Magga að sjálfsögðu alls hins besta nema í leikjum á móti okkur," segir Gestur á léttum nótum. Gestur staðfesti jafnframt að leit Akureyrarliðsins að nýrri skyttu væri vonandi á enda en erlendur leikmaður verður til skoðunar hjá liðinu um helgina.

sport

sport@frettabladid.is

GUÐNI KJARTANSSON, AÐSTOÐARÞJÁLFARI KVENNALANDSLIÐSINS: ER AÐALLEGA Í HUGMYNDAFRÆÐI

Eiga að verða hundfúlar ef þær komast ekki í liðið

Guðni Kjartansson hefur verið aðstoðarmaður Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar frá því að hann tók við kvennalandsliðinu í ársbyrjun 2007. Guðni er með reyndari þjálfurum Íslands og stjórnaði A-landsliði karla meðal annars í sextán leikjum á sínum tíma.

„Ég er aðallega í hugmyndafræði. Ég er búinn að vera í þessu mjög lengi og geri mér oft grein fyrir ýmsu sem gerist í leikjum," segir Guðni. „Siggi hringir oft í mig og ræðir málin sem er bara eðlilegt. Hann er þannig karakter að hann er alltaf tilbúinn að taka leiðbeiningum eða fá hjálp þegar þess þarf. Mitt hlutverk númer eitt, tvö og þrjú er að aðstoða hann við það. Mér finnst það ánægjulegt," segir Guðni.

Það þótti mörgum kannski skrítið að sjá allt í einu Guðna vera kominn á fullt í kvennafótboltann. „Það sem mér finnst ánægjulegast við hann er hvað stelpurnar eru samtaka í því að ná árangri. Þær eru harðar á því að standa sig," segir Guðna og það er ljóst að andlegi þáttur er liðinu mikilvægur. „Mér finnst stelpurnar einnig vera í betri líkamlegri þjálfun heldur en þær voru hérna áður fyrr."

Guðni vill að stelpurnar séu ósáttar ef þær komast ekki í byrjunarliðið. „Það á að vera metnaður í að spila í landsliði og það á að vera metnaður að vera í byrjunarliði. Ég hef alltaf sagt að ef þú ert ekki hundfúl yfir því að vera ekki valin í byrjunarliðið þá hefurðu ekkert að gera hérna."

Leikurinn við Frakka verður erfiður en Guðni sér samt íslenska liðið eiga góða möguleika. „Frakkar eiga að vera betri en við. Þetta er samt bara einn leikur og er eins og bikarleikur. Við sáum það í bikarúrslitunum um helgina. Margir héldu að Valur væri með betra lið en KR í kvennafótboltanum en KR vann. Þetta er nákvæmlega það sama," segir Guðni en bætir við: „Ég veit að þetta verður hörkuleikur og ég veit að Frakkar eru hundfúlir með að hafa tapað hérna á móti okkur. Þær gera sér alveg grein fyrir því hvað leikurinn er mikilvægur fyrir þær. Þetta er á þeirra heimavelli og þær vilja vinna þar en við viljum líka vinna."

VÆNTANLEGAR Í VERSLANIR HAGKAUPA Í DAG



2299 KR

Þá er biðin loksins á enda. *Carrie, Samantha, Charlotte* og *Miranda* eru aftur mættar til leiks í bíómyndinni Beðmál í borginni sem gerist fjórum árum eftir að sjónvarpsþáttaserían vinsæla endaði.

Þættirnir um Dóru Landkönnuð og vini hennar eru litríkir og fullir af fróðleik fyrir börn á öllum aldri. Hér er að finna fyrstu fjóra þættina um Dóru.

2299 KR

MYNDFORM

Gildir til 29. september eða á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

NÝR LEIKVANGUR Björgólfur Guðmundsson er talinn gera tilkall til Ólympíuleikvangsins í London fyrir West Ham eftir leikana þar í borg árið 2012. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýr heimavöllur West Ham:

ÓL-leikvangur aftur í sigtinu?

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarfélagið West Ham, sem er í eigu Björgólfs Guðmundssonar, mun að sögn Mihirs Bose, greinarhöfundar hjá BBC Sport, ætla að setjast að samningaborðinu við borgarstjórann í London um möguleikann á afnotum á Ólympíuleikvanginum í Stratford eftir Ólympíuleikana árið 2012 í London.

Ólympíuleikvangurinn, sem nú er í byggingu, var í umræðunni hjá West Ham á tíma Eggerts Magnússonar hjá félaginu en þá gengu viðræður ekki upp. West Ham var svo búið að tryggja sér landsvæði nálægt núverandi leikvangi félagsins, Upton Park, sem var búið að eyrnamerkja undir byggingu á nýjum leikvangi. En samkvæmt heimildum BBC Sports er Ólympíuleikvangurinn nú aftur talinn fýsilegri kostur fyrir Austur-Lundúnafélagið en viðræður eru skammt á veg komnar.

Nokkur Lundúnafélög eru talin renna hýru auga til afnota af Ólympíuleikvanginum en talið er líklegast að West Ham og Tottenham verði eitthvað ágengt í þeim málum. - óþ

BEST Fanndís Friðriksdóttir var góð í hitanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

19 ára landslið kvenna:

Sigur á Ísrael í fyrsta leik

FÓTBOLTI Íslenska 19 ára landslið kvenna vann 2-1 sigur á heimastúlkum í Ísrael í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2009 sem fram fer þessa dagana á Vesturbakkanum.

Fyrirliðinn Fanndís Friðriksdóttir skoraði fyrra markið í uppbótartíma í fyrri hálfleik, Ísrael jafnaði á 70. mínútu en það var síðan varamaðurinn Ásta Einarsdóttir sem skoraði sigurmarkið fimm mínútum síðar.

Íslenska liðið mætir Írum í næsta leik á föstudag en sá leikur fer fram í hinni sögufrægu borg Nazareth. - óój

TÍMAMÓT Jón Arnór Stefánsson klæðist KR-treyjunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkurmót karla í körfu:

Jón Arnór með KR í kvöld

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson spilar sinn fyrsta opinbera leik með KR á tímabilinu í kvöld þegar KR tekur á móti ÍR í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins.

Þetta verður fyrsti leikur Jóns Arnórs í KR-búningnum í meira en sex ár en hann kemur inn í KR-liðið ásamt landsliðsmönnunum Helga Má Magnússyni og Fannari Ólafssyni.

Bæði lið hafa unnið báða leiki sína til þessa í Reykjavíkurmótinu en með sigri vinnur KR þennan titil þriðja árið í röð en ÍR-ingar unnu hann síðast árið 2005. Leikurinn fer fram í DHL-höll þeirra KR-inga og hefst klukkan 19.15. - óój

Fram og FH í N1-deild karla:

Fylgja þau eftir góðum sigrum?

HANDBOLTI Tveir leikir fara fram í N1-deild karla í kvöld þegar Fram tekur á móti Víkingi í Safamýrinni og HK-ingar sækja nýliða FH heim.

Fram og FH unnu bæði góða útisigra í fyrstu umferð á sama tíma og HK og Víkingur töpuðu heima.

Þetta verður fyrsti heimaleikur Viggós Sigurðssonar með Framliðið og það er við hæfi að uppeldisliðið hans, Víkingur, komi í heimsókn á þeim tímamótum.

Hið unga FH-lið er til alls líklegt í vetur sem þeir sýndu með fimm marka sigri á Akureyri í fyrsta leik og það verður gaman að sjá hvað þeir gera í fyrsta heimaleik sínum í efstu deild í rúm tvö ár. - óój

Þetta er bara tittlingaskítur

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari staðfestir að klúður við afhendingu svokallaðra kaffimiða til eiginkvenna landsliðsmanna sé svo gott sem eina ástæðan fyrir því að Grétar Rafn Steinsson gagnrýndi KSÍ fyrir slaka umgjörð. Sjálfur vill Grétar Rafn enn ekkert tjá sig um málið eða útskýra gagnrýni sína frekar.

FÓTBOLTI „Þetta er bara tittlingaskítur sem verður lagaður. Þetta er ekki neitt neitt," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari aðspurður hvort hann hafi verið upplýstur um hverju Grétar Rafn Steinsson hafi nákvæmlega verið að kvarta yfir eftir landsleikinn gegn Skotum á Laugardalsvelli.

Þá sagði Grétar Rafn meðal annars að það væru margir hlutir í sambandi við umgjörðina hjá KSÍ sem mættu vera betri. Hann sagði einnig að meiri fagmennsku vantaði í kringum landsliðið.

Félagar Grétars Rafns í landsliðinu komu af fjöllum þegar þeir voru spurðir út í hvert Grétar væri að fara með gagnrýni sinni. Í sama streng tók landsliðsþjálfarinn og bætti við að öll umgjörð í kringum landsliðið væri frábær.

Í kjölfarið kom síðan yfirlýsing frá landsliðsfyrirliðanum, Hermanni Hreiðarssyni, þar sem hann ítrekaði að vel væri búið að landsliðinu og bætti við að gagnrýni Grétars Rafns ætti ekki rétt á sér.

Hann hefur aðeins hlaupið á sig

„Ég held annars að Grétar hafi verið mest pirraður yfir úrslitum leiksins og hann hefur aðeins hlaupið á sig. Menn voru eðlilega hundfúlir eftir leikinn og maður segir oft vanhugsaða hluti þegar maður er spældur," sagði Ólafur sem hefur ekki rætt við Grétar Rafn vegna málsins en hyggst gera það á næstu dögum.

ÓLAFUR LANDSLIÐSÞJÁLFARI Hyggst ræða málið við Grétar Rafn. Segir hann hafa sagt of mikið í svekkelsi eftir tap. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur vildi ekki fara nákvæmlega í saumana á því hvaða smáhlutir þetta hefðu verið sem Grétar var að kvarta yfir en staðfesti þó að eitt þeirra hefði að gera með misskilning sem varð við útdeilingu kaffimiða til eiginkvenna landsliðsmanna. Er þar verið að tala um miða sem veita þeim aðgang í mat og drykk í hálfleik á landsleiknum.

Nánast eini tittlingaskíturinn þegar málið var skoðað

„Það er ein ástæðan ef hægt er að kalla það ástæðu. Það varð einhver misskilningur með þessa miða. Þær fengu ekki kaffimiðana þegar þær fengu miðann á völlinn en þannig er venjulega staðið að því. Ég held reyndar að það hafi allt blessast og þær komist inn að lokum.

Þetta voru allt hlutir sem skiptu engu máli og voru nánast tittlingaskítur. Ég held að þetta hafi nánast verið eini tittlingaskíturinn þegar búið var að kafa ofan í málið," sagði Ólafur en hann segir þetta mál engin áhrif hafa á sig persónulega og hann muni áfram velja Grétar Rafn í landsliðið.

Fréttablaðið hafði í kjölfar viðtalsins við Ólaf samband við Grétar Rafn og bauð honum í annað skipti að útskýra sína hlið mála. Hverju hann hefði nákvæmlega verið að kvarta yfir.

Hann hafði ekki áhuga á því en sagðist ætla að tjá sig um málið síðar. Aðspurður hvort hann myndi gera það fyrir næsta landsleik játti hann því.

MUN ÚTSKÝRA MÁL SITT SÍÐAR Grétar Rafn ætlar að útskýra gagnrýni sína fyrir næsta landsleik. Landsliðsþjálfarinn segir málið í raun snúast um lítið annað en kaffimiða þegar upp er staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Grétar hafi ekki bara verið að kvarta yfir kaffimiðum heldur hafi hann einnig viljað fá bílaleigubíl frá KSÍ meðan hann væri á landinu. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir fleiri hlutum en þessum og bauð Grétari að svara því af eða á hvort þær heimildir væru sannar. Hann afþakkaði það boð einnig.

Grétar Rafn gat þó staðfest að hann gæfi áfram kost á sér í landsliðið. henry@frettabladid.is

ÚRSLIT

Enski deildarbikarinn

Brighton-Man. City 2-2
0-1 Gelson (64.), 1-1 Glenn Murray (89.), 2-1 Joe Anyinsay (95.), 2-2 Stephen Ireland (108.).
*Brighton komst áfram eftir vítaspyrnukeppni 5-3.

Aston Villa-QPR 0-1
0-1 Damion Stewart (58.).

Ipswich-Wigan 1-4
0-1 Lee Cattermole (52.), 1-1 Jonathan Walter (61.), 1-2 Oliver Kapo (64.), 1-3 Paul Scharner (70.), 1-4 Henri Camara (90.).

Newcastle-Tottenham 2-1
0-1 Roman Pavljutsjensko (62.), 0-2 Jamie O'Hara (66.), 1-2 Michael Owen (90.).

Portsmouth-Chelsea 0-4
0-1 Frank Lampard (36.), 0-2 Florent Malouda (45.), 0-3 Frank Lampard (49.), 0-4 Florent Malouda (64.). Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth og lék allan leikinn.

Blackburn-Everton 1-0
1-0 Martin Olsson (10.)

Ítalska úrvalsdeildin

Reggina-AC Milan 1-2
0-1 Marco Borriello (24.), 1-1 Bernando Corradi (59.), 1-2 Alexandre Pato (73.). Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina og lék allan leikinn.

Inter-Lecce 1-0
1-0 Julio Cruz (79.).

Juventus-Catania 1-1
1-0 Amauri (16.), 1-1 Gianvito Plasmati (68.).

Genoa-Roma 3-1
1-0 Giuseppe Sculli (4.), 1-1 Daniele De Rossi (28.), 2-1 Diego Milito (61.), 3-1 D. Milito (88.).

Spænska úrvalsdeildin

Villarreal-Racing Santanter 2-0
1-0 Capdevila (29.), 2-0 Llorente (34.).

Real Madrid-Sporting Gijon 7-1
1-0 Rafael van der Vaart (18.), 2-0 R. van der Vaart (33.), 3-0 Gonzalo Higuaín (37.), 4-0 R. van der Vaart (47.), 5-0 Arjen Robben (51.), 5-1 Kiki Mateo (54.), 6-1 Raúl (59.), 7-1 Raúl (64.).

Barcelona-Real Betis 3-2
1-0 Samuel Eto'o (17.), 2-0 Samuel Eto'o (23.), 2-1 Fabia Monzon (59.), 2-2 Jóse Mari (67.), 3-2 Eiður Smári Guðjohnsen 80.).

MINNTI Á SIG Eiður Smári fagnar hér marki sínu á Nývangi í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohsen:

Skoraði sigurmark Barcelona

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen bjargaði þremur stigum fyrir Barcelona þegar Katalóníurisinn vann Real Betis 3-2 á Nývangi í gærkvöld.

Eiður Smári hóf leikinn á varamannabekknum en var skipt inn á fyrir Seydou Keita á 71. mínútu í stöðunni 2-2 og skoraði svo sigurmarkið á 80. mínútu eftir góðan undirbúning hjá Dani Alves.

Þetta var fyrsta mark Eiðs Smára á tímabilinu í spænsku úrvalsdeildinni. - óþ

Hátíðarhöldunum frestað í Keflavík

Leikmenn Keflavíkur fögnuðu ekki Íslandsmeistaratitlinum í gær þar sem FH vann afar öruggan og sannfærandi sigur á karakterlausu liði Blika, 3-0. Úrslit Íslandsmótsins ráðast því um helgina.

FÓTBOLTI FH hélt lífi í meistaravonum sínum er liðið vann enn einn úrslitaleikinn í gær. Blikar voru fórnarlömb Hafnfirðinga að þessu sinni en sprækir FH-ingar hreinlega yfirspiluðu Blikana og unnu 3-0. Sigurinn var síst of stór og Blikar máttu þakka fyrir að gjalda ekki meira afhroð.

Það kom ekkert sérstaklega á óvart að sjá allar helstu stjörnur Blika, að Marel Baldvinssyni undanskildum, í byrjunarliðinu á nýjan leik í gær. Herbragð Ólafs Kristjánssonar, að hvíla menn svo þeir yrðu ferskari gegn FH, gekk engan veginn upp því hans menn sáu aldrei til sólar í leiknum. Voru arfaslakir, andlausir og karakterleysi liðsins skein í gegn.

Það tók FH-inga aðeins sjö mínútur að ná forystunni í gær. Það gerði Atli Viðar Björnsson er hann tók frákast í teignum og skoraði af stuttu færi.

FH réði algjörlega lögum og lofum á vellinum. Þjarmaði grimmt að óstyrkri Blikavörn sem átti í miklum vandræðum með sóknarmenn FH og þá aðallega Atla Viðar Björnsson sem var síógnandi.

Sóknarleikur Blika var álíka glæsilegur og gítarleikur Árna Johnsen. Einhæfur, flatur og ekki til útflutnings. Magnús Páll var frammi með hinum efnilega Jóhanni Berg sem fann sig aldrei. Magnús hélt áfram að valda vonbrigðum en hann hefur verið arfaslakur í sumar. Á því varð engin breyting í gær. Danirnir Tommy Nielsen og Dennis Siim hreinlega pökkuðu Magnúsi og Jóhanni saman.

FH komst í 2-0 er sex mínútur voru eftir af fyrri hálfleik er Atli Guðnason skilaði sendingu Atla Viðars í netið. Títtnefndur Atli Viðar skoraði svo í uppbótartíma hálfleiksins og í raun kláraði leikinn fyrir FH-inga. Frábær fyrri hálfleikur hjá þeim.

Bitlausir Blikar komust næst því að skora á 57. mínútu er þeir fengu víti en Gunnar Sigurðsson varði slaka spyrnu Jóhanns Berg.

Yfirburðir FH-inga í síðari hálfleiknum voru algjörir og það var átakanlegt að fylgjast með meðvitundarlausum Blikum sem voru í stanslausum eltingarleik og það oftast á hálfum hraða. Karakterleysið algjört og stoltið lítið sem ekkert.

FH-INGAR FAGNA Davíð Þór Viðarsson, Atli Viðar Björnsson, Dennis Siim, Björn Daníel Sverrisson og Ásgeir Gunnar Ásgeirsson fagna hér sigri FH á Breiðabliki í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Varnarleikurinn var skömminni skárri en FH-ingar hefðu hæglega getað bætt við mörkum og Atli Viðar var oft nálægt því að ná þrennunni. Tryggvi Guðmundsson fór einnig mikinn, hljóp líkt og óður væri um allan völl og kláraði bensíntankinn í sínum síðasta leik í sumar. Ótrúleg vinnsla á manninum.

„Þetta var síðasti leikurinn hans og núna hefur hann allan veturinn til að hvíla sig," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, í léttum tón en hann var sáttur með leik sinna manna. „Þetta var sanngjarn sigur. Við byrjuðum þennan leik mjög vel og settum þá undir pressu og fengum svo mark eftir sjö mínútur. Það gaf liðinu sjálfstraust og eftir það spiluðum við vel," sagði Heimir sem er enn á því að Blikar hafi fórnað öðrum leikjum til þess að ná að vinna FH.

„Ég sagði það fyrir leikinn að þeir hefðu bara áhuga á að vinna FH og ég stend fastur á því. Það var gott að við náðum að klára þetta og sýna það að þeir koma ekkert hérna og vinna FH í Krikanum," sagði Heimir.

„Við vorum slakir í fyrri hálfleik og létum FH-ingana komast alltof auðveldlega að kræsingunum," segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

„Við spiluðum á margan hátt barnalega á móti þeim í fyrri hálfleik og féllum hvað eftir annað í þær gildrur sem við vissum að þeir voru að leggja fyrir okkur," segir Ólafur en Breiðablik hefur nú tapað þremur leikjum í röð. „Ég er mjög óánægður með hvernig við höfum spilað þrjá síðustu leiki. Það er engin önnur skýring á því en að það sé eitthvað að hugarfarinu hjá okkur," segir Ólafur

FH-ingar eru því vel á lífi í titilbaráttunni sem ræðst á laugardaginn. Þeir eru á mikilli siglingu þessa dagana og virðast vera að toppa undir lok tímabils en spurning hvort þessi góði sprettur þeirra í deildinni komi of seint.

„Það er búin að vera gríðarleg samstaða og sterk liðsheild hjá okkur í tveimur síðustu leikjum. Það fleytir mönnum langt í fótbolta að vera með sterka liðsheild og við sýndum það í dag," sagði Heimir að lokum.

Keflavík ræður enn sínum örlögum. Liðið sem allir hafa beðið eftir að brotni í sumar. Keflvíkingar hafa verið frábærir í sumar og stóra lokaprófið er fram undan. FH-ingar virka óstöðvandi og því þarf Keflavík líklega að klára sitt verkefni til að landa stóra titlinum í fyrsta skipti í 35 ár.

henry@frettabladid.is / oskar@frettabladid.

FH 3-0 BREIÐABLIK

1-0 Atli Viðar Björnsson (7.),
2-0 Atli Guðnason (39.),
3-0 Atli Viðar Björnsson (45.).

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 683
Jóhannes Valgeirsson (7)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17–5 (6-2)
Varin skot	Gunnar 2 – Vignir 4
Horn	4-4
Aukaspyrnur fengnar	16-18
Rangstöður	4-3

FH 4–3–3 Gunnar Sigurðs. 7 - Guðmundur Sævars. 7, Dennis Siim 8, Tommy Nielsen 7, Freyr Bjarnas. 8, (74., Hjörtur Valgarðs. -), Davíð Þ. Viðars. 7 (79., Matthías Vilhjálms. -), Ásgeir G. Ásgeirs. 7 (62., Björn Sverris. 6), Tryggvi Guðm. 8, Atli Guðnas. 6, Matthías Guðm. 6, ***Atli Viðar Björns. 9**

Breiðablik 4–4–2 Vignir Jóhanness. 4 - Arnór Sv. Aðalsteins. 5, Srdjan Gasic 4, Finnur Orri Margeirs. 4, Kristinn Jónsson 4, Nenad Petrovic 3, Arnar Grétarsson 3, Guðmundur Kristjáns. 3 (77., Guðmann Þórisson -), Nenad Zivanovic 3 (67., Olgeir Sigurgeirs. 4), Jóhann Berg Guðmunds. 3, Magnús Páll Gunnars. 2 (60., Prince Rajcomar 3).

MIKILVÆGUR Atli Viðar Björnsson hefur verið FH-ingum dýrmætur í síðustu leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Atli Viðar Björnsson, FH:

Fjögur mörk í tveimur leikjum

FÓTBOLTI Atli Viðar Björnsson lék vel á móti Blikum í gær, skoraði tvö mörk og lagði upp það þriðja.

„Ég er búinn að skora í síðustu tveimur leikjum og það er búið að ganga vel," sagði Atli Viðar Björnsson, lítillátur í leikslok.

„Við vorum góðir í fyrri hálfleik og spiluðum blússandi sóknarbolta. Við ætluðum að keyra meira á þá og setja meiri þrýsting á þá en svona fór þetta bara," sagði Atli Viðar en hann hefur skorað fjögur dýrmæt mörk í síðustu tveimur leikjum.

„Það er gaman að enda mótið á þessum nótum og vonandi held ég þessu áfram. Vð verðum að vinna Fylki og það væri ekki verra ef að ég myndi skora," sagði Atli Viðar að lokum. - óój

Keflvíkingar komu saman til að horfa á leik FH og Breiðabliks í gær:

Hættu að horfa í hálfleik

FÓTBOLTI Topplið Keflavíkur var í þeirri einkennilegu aðstöðu í gær að liðið hefði getað orðið Íslandsmeistari ef FH hefði misstigið sig gegn Breiðabliki. Leikmenn og aðstandendur Keflavíkurliðsins komu saman til þess að horfa á leikinn í sjónvarpi, en hættu að horfa í hálfleik.

„Við hittumst í félagsheimilinu og kíktum á fyrri hálfleikinn og fórum svo bara á æfingu," segir Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur.

Kristján segir mikilvægt að Keflavíkurliðið klári bara sinn leik og sé ekkert að spá í neitt annað.

„Við ákváðum það strax á æfingu á mánudaginn að við myndum bara einbeita okkur að okkar leik gegn Fram. Menn voru eitthvað að spá hvaða verkefni myndi liggja fyrir okkur um helgina og nú þegar FH er búið að vinna Breiðablik þá vitum við það. En það breytir í sjálfu sér engu um okkar markmið, að vinna í síðustu umferðinni á móti Fram. Það verður raunar bara til þess að það markmið verður skýrara fyrir okkur og það er bara fínt að þessi leikur sé úr veginum," segir Kristján.

Kristján kvaðst hlakka mjög til helgarinnar.

„Allir þeir leikmenn Keflavíkurliðsins sem hafa verið að spila undanfarið eru heilir og tilbúnir í slaginn. Það er bara spennandi laugardagur fram undan, svo einfalt er það," segir Kristján.

Keflvíkingar hafa örlögin í sínum höndum og verða Íslandsmeistarar fari svo að þeir vinni Framara á Sparisjóðsvellinum í Keflavík. FH-ingar verða því að treysta á að Keflvíkingar tapi eða geri jafntefli til þess að eiga von um titilinn. Ef Keflavík gerir jafntefli gegn Fram verður FH að vinna sinn leik gegn Fylki með tveimur mörkum vegna þess að Keflavík er með 24 mörk í plús en FH 23 mörk og Keflvíkingar eru búnir að skora talsvert fleiri mörk.

Hvernig sem fer þá ráðast úrslitin í lokaumferðinni og spennan því gríðarleg. - óþ

ENGIN FAGNAÐARLÆTI Keflvíkingarnir Hörður Sveinsson og Kenneth Gustafsson drifu sig á æfingu í hálfleik á leik FH og Breiðabliks þegar staðan var 3-0 fyrir FH í gærkvöldi. Keflvíkingar verða Íslandsmeistarar sigri þeir Fram á laugardag. VÍKURFRÉTTIR

HVER HIRÐIR TITILINN?

HANDBOLTAVEISLAN HELDUR ÁFRAM OG NÚ HEFST N1 DEILDIN
2. UMFERÐ:

FIMMTUDAGUR 25. SEPTEMBER

kl. 19:30
FRAM - VÍKINGUR
Framhúsið

kl. 19:30
FH - HK
Kaplakriki

LAUGARDAGUR 27. SEPTEMBER

kl. 16:00
HAUKAR - AKUREYRI
Ásvellir

kl. 16:00
STJARNAN - VALUR
Mýrin

N1 DEILD KARLA

dagskrá

> Radha Mitchell

„Lífið er annaðhvort harmleikur eða gamanleikur. Það fer eftir því hvaða túlkun eða skilning maður leggur í það." Mitchell vakti fyrst athygli þegar hún fór með aðalhlutverkið í myndinni Melinda and Melinda sem er leikstýrt af Woddy Allen. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR GLEÐST YFIR ENDURKOMU 30 ROCK

Fyndnar stelpur í uppsveiflu

Hjarta mitt gleðst. Liz Lemon og föruneyti hennar í 30 Rock eru snúin aftur á skjáinn. Fyrir utan að ég er dálítið mikið ástfangin af einum karakternum þar á bæ, nefnilega hinum sí- og skælbrosandi Kenneth sem þarf ekki annað en að birtast á skjánum til að fá mín munnvik til að byrja að dansa, finnst mér þáttaröðin svo til fullkomin. Hún er passleg blanda af gáfum og kjánaskap, svipað og Arrested Development á sínum tíma, gerist í skemmtilegu umhverfi og skartar úrvalsleikurum. Þrátt fyrir ást mína á Kenneth er það samt ekki hann sem á hjarta mitt. Það er Tina Fey.

Ég hef lengi verið hrifin af Tinu, en alvarlega skotin varð ég þegar ég las viðtal við hana í tímariti hér um árið. Viðtalið tók Amy Poehler, stalla hennar úr Saturday Night Live, og það sem átti að vera hefðbundið „ég er að leika í mynd sem er að koma út"-spjall breyttist í eitthvað það súrasta sem ég hef séð á prenti. Þar var talað um hárlitanir, að túlka saur og klámstjörnunöfn.

Einhverjir hafa haldið því fram í gegnum tíðina að kvenkyns grínistar stæðu þeim af hinu kyninu ekki á sporði. Það er náttúrulega helbert kjaftæði og að mínu mati er Tina nóg til að afsanna það, eins og Amy

Poehler sjálf. Framkoma þeirra í nýlegum þætti af Saturday Night Live, sem Sarah Palin og Hillary Clinton ætti líka að gera sitt til að sannfæra efasemdarmenn.

Kvenkyns grínistar hafa verið í verðskuldaðri uppsveiflu. 30 Rock hefur sópað að sér verðlaunum, en þátturinn er hugarfóstur Tinu sjálfrar, sem leikur eitt aðalhlutverkið og framleiðir þættina þar að auki. Á Creative Arts Emmy-hátíðinni, þar sem fólkið á bak við tjöldin er verðlaunað, svo sem leikmyndahönnuðir og tónskáld, auk gestastjarna, fékk önnur kvenkyns stjarna verðskuldaða athygli. Sarah Silverman og lagið hennar um bólfarir með Matt Damon vakti gríðarlega athygli og hlátur um allan heim og ég hlakka til að fylgjast með henni líka. Fyndnar stelpur gleðja hjartað mitt.

EKKI MISSA AF

▶ **20.00 Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.20 The Celebrity Apprentice** STÖÐ 2

▶ **20.30 30 Rock** SKJÁR EINN

▶ **21.00 The Dresden Files** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.30 Trúður (Klovn IV)** SJÓNVAPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.25 Finnur finnur upp (3:3)
17.50 Lísa (9:13) (e)
18.00 Krakkar á ferð og flugi (16:20)
18.25 Kallakaffi (4:12) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Kínverskar krásir (Chinese Food Made Easy) (3:6) Ching-He Huang, skærasta stjarnan í kínverska nútímaeldhúsinu, matreiðir holla og góða rétti.
20.45 Hvað um Brian? (What About Brian?) (22:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
▶**21.30 Trúður** (Klovn IV) (7:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen.
22.00 Tíufréttir
22.25 Sex hlekkir (Six Degrees) (10:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt.
23.10 Svartir englar (1:6) (e)
00.00 Lífsháski (Lost) (85:86) (e)
00.45 Kastljós (e)
01.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Doctor Dolittle 3
10.00 Pokémon 5
12.00 Eulogy
14.00 Doctor Dolittle 3
16.00 Pokémon 5
18.00 Eulogy
20.00 Melinda and Melinda Mynd eftir Woody Allen sem segir sögu Melindu frá tveimur gjörólíkum sjónarhornum eftir því hvort líf hennar tekur sorglega stefnu eða gamansama.
22.00 11.14
00.00 The Sentinel
02.00 Assault On Precinct 13
04.00 11.14
06.00 Little Miss Sunshine

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Ben 10.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (156:300)
10.15 Grey's Anatomy (1:9)
11.10 60 minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Forboðin fegurð (41:114)
13.45 Forboðin fegurð (42:114)
14.45 Ally McBeal (13:23)
15.30 Friends (17:23)
15.55 Sabrina - Unglingsnornin
16.18 A.T.O.M.
16.43 Ofurhundurinn Krypto
17.08 Hlaupin
17.18 Doddi litli og Eyrnastór
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons
19.55 Friends (8:25)
▶**20.20 The Celebrity Apprentice** (3:14) Einn vinsælasti raunveruleikaþáttur allra tíma hefur nú verið færður upp á hærra plan. Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.
21.05 Las Vegas (12:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
21.50 The Kill Point (8:8) Félagar úr hernum ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán. Þegar planið fer úrskeiðis grípa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gíslingu.
22.35 The World Is Not Enough
00.40 Paris, Texas
03.00 Traveler (2:8)
03.40 The Brown Bunny
05.15 The Simpsons
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik FH og Breiðabliks.
08.50 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik í enska deildarbikarnum.
14.55 Spænski boltinn Útsending frá leik Barcelona og Betis í spænska boltanum.
16.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar
17.30 Inside the PGA
17.55 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Malaga og Valencia í spænska boltanum.
▶**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
20.40 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson Áttundi þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
21.25 NFL deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
21.55 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
23.35 F1. Við rásmarkið

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik WBA og Aston Villa.
17.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Newcastle.
19.00 English Premier League
20.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
20.30 PL Classic Matches Blackburn - Chelsea, 03/04. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches Man. City - Man United, 03/04.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
22.50 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
23.45 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Innlit / útlit (e)
09.35 Vörutorg
10.35 Óstöðvandi tónlist
15.45 Vörutorg
16.45 Charmed (e)
17.35 Dr. Phil
18.20 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.05 Less Than Perfect Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. (e)
19.30 Game tíví (3:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Family Guy (7:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
▶**20.30 30 Rock** (3:15) Bandarísk gamansería með Tinu Fey og Alec Baldwin í aðalhlutverkunum. Jack ræður einkaspæjara til að grafa upp allan óþveran sem General Electric gæti fundið um hann. Angie ákveður að fylgja Tracy hvert fótmál í von um að halda honum frá vandræðum og Jenna er ósátt við að vera farin að missa aukakílóin.
21.00 House (4:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Ung kona sem vinnur á útfararstofu sér líkin lifna við og House og lærlingarnir sjö sem eftir eru reyna að komast að því hvað er að henni.
21.50 C.S.I. Miami - NÝTT Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami
22.40 Jay Leno
23.30 Britain's Next Top Model (e)
00.45 How to Look Good Naked (e)
01.35 Vörutorg
02.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.
20.30 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endurtekið kl. 21.30 og 22.30.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.35

James Bond öll fimmtudagskvöld

Bond-mynd kvöldsins að þessu sinni er The World is Not Enough með Pierce Brosnan í aðalhlutverki. Njósnarinn James Bond lætur ekki að sér hæða. Eftir sprengingu í aðalstöðvum leyniþjónustunnar, þar sem olíukóngur lét lífið, fær Bond nýtt hlutverk. Hinn látni lætur eftir sig mikil auðæfi sem renna til dóttur hans. Óttast er um líf hennar og Bond tekur að sér að gæta stúlkunnar. Lífvarðarstarfið er ekki hættulaust og nú reynir á njósnarann sem aldrei fyrr. Ómissandi kvikmynd fyrir alla James Bond-aðdáendur.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

CSI: Miami, NÝTT

Skjár einn kl. 21.50

Í kvöld hefst ný þáttaröð um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami sem notast bæði við nýjustu tækni og gamaldags lögregluaðferðir til að leysa flókin morðmál. Í fyrsta þættinum rannsakar Horatio morð á skilorðsfulltrúa og grunar fljótlega að morðinginn geti verið nátengdur sér.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Sveigur
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins
21.35 Morð eru til alls fyrst
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Útvarpsperlur: Staldrað við styttur
23.10 Tónleikur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (23:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (24:260)
17.00 Seinfeld (20:24)
17.30 Talk Show With Spike Feresten (19:22)
18.00 The Dresden Files (7:13)
19.00 Hollyoaks (23:260)
19.30 Hollyoaks (24:260)
20.00 Seinfeld (20:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
20.30 Talk Show With Spike Feresten (19:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
▶**21.00 The Dresden Files** (7:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.00 Hotel Babylon (7:8) Þættir sem gerast á hóteli fína og frægа fólksins í London. Charlie Edwards er orðinn hótelstjóri og sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það þrennt sem öllu máli skiptir. Þjónustu, þagmælsku og þjórfé.
22.55 Ghost Whisperer (45:62)
23.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

iNN

20.00 Hrafnaþing Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, eru í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
21.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, fjallar um málefni neytenda.
21.30 Óli á Hrauni Umsjónarmaður er Ólafur Hannesson er formaður jafnréttindafélags. Hann tekur fyrir málefni sem brenna á þjóðinni.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Drømmen om dybet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Pucca **14.35** Den amerikanske drage **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Den store dag **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Super Size Me **21.40** Min afrikanske forbindelse - Ghana

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ¸Allo, ¸Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Fabrikken **13.35** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Uhu **16.30** Pingu **16.35** Peo **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Dyrisk **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.40** Hvorfor det? **21.05** Kveldsnytt **21.20** Ekstremværsveip

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Doobidoo **11.05** Plus **12.25** Fråga doktorn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Kärleksagenterna **15.00** Sagor från Zoo **15.10** Tim och Tej **15.15** En unge till **15.25** Lisas sagoshow **15.40** Farbror Freddy får en knäpp **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Andra Avenyn **19.00** Höök **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Sixties

MORGUNMATURINN

„Léttan latte á Kaffitári, ristað brauð með bláberjasultu og osti eða þá Kellogg's Special K."

Ása Ottesen stílisti og tískubloggari.

Stöð 2 í hart gegn Dagvaktarþjófum

Tveimur tímum eftir að Stöð 2 frumsýndi fyrsta þátt Dagvaktarinnar höfðu um sex þúsund notendur halað þættinum niður ólöglega á torrent-síðunni The Viking Bay. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, er allt annað en ánægður með þetta. „Við fengum lögbann á sínum tíma á Torrent.is og það stendur enn," segir hann. „Við munum halda áfram að sækja rétt okkar. Við erum mjög alvarlega að skoða það að lögsækja þá beint sem dreifðu þessu á netið upphaflega. Það voru tveir aðilar og við erum með allar upplýsingar um þá."

Fyrsti Dagvaktarþátturinn er líka kominn á Youtube í fjórum pörtum. Um 2.000 manns höfðu í gær horft á hvern hluta. „Það er auðveldara að fyrirbyggja þann leka," segir Pálmi. „Við sendum bara Youtube beiðni um að skrúfa fyrir þetta og þeir bregðast ætíð skjótt við enda vilja þeir ekki hafa réttindavarið efni inni hjá sér."

Pálmi segir þessa ólöglegu dreifingu hið leiðinlegasta mál. „Næturvaktin seldist í 20.000 eintökum á DVD og nú eru 6-8 þúsund manns búnir að hala fyrsta þætti Dagvaktarinnar niður ólöglega. Það sjá allir að þetta er gríðarlegt tjón fyrir okkur." - drg

PÁLMI GUÐMUNDSSON Sjónvarpstjóri Stöðvar 2.

DAGVAKTIN Vinsæl meðal netverja.

SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR: MIKILL FENGUR AÐ FÁ KONUNGINN Á RÁS 2

Bubbi orðinn útvarpsmaður

„Konungar eru aldrei ódýrir," segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri útvarps hjá RÚV, spurð hvort ekki sé dýrt að fá Bubba til að ganga til liðs við Rás 2. Hún bætir við: „En hann er örugglega hverrar krónu virði."

Sjálfur Bubbi Morthens er að hefja sinn útvarpsferil en fljótlega fer á dagskrá Rásar 2 þátturinn Færibandið þar sem Bubbi mun taka á ýmsum viðkvæmum málum, fá til sín gesti og spjalla við hlustendur – síminn opinn og Bubbi spjallar við þjóðina! Eftir því sem Fréttablaðið og Sigrún komast næst er þetta frumraun Bubba á sviði útvarpsmennsku. Ekki náðist í Bubba því hann var upptekinn í gær við tökur á sjónvarpsþætti en mun þar vera um að ræða nýjan spjallþátt Ragnhildar Steinunnar.

Meðal þeirra viðfangsefna sem Bubbi mun ræða í þætti sínum, sem verður á dagskrá milli klukkan 20.00 og 22.00 á mánudagskvöldum, eru einelti, rasismi, fíkniefnavandinn og tölvumisnotkun. Bubbi mun ekki síst beina sjónum sínum að ýmsum vandamálum sem steðja að ungu fólki enda mjög vanur að vinna með því. Hann mun kalla til sín reynslubolta í tengslum við umræðuefnið hverju sinni og opna fyrir símann. Sigrún segir það ef til vill hafa skort á Rás 2, það að fólk hafi tækifæri til að tjá sig. Bubbi verður annars einn í stúdíóinu. „Ég treysti honum fyllilega til þess. Hann fær reyndar tæknimann sér til fulltingis. Þetta verður mjög glæsilegt," segir Sigrún.

Dagskrárstjórinn þekkir Bubba frá fornu fari en það var einmitt færibandið sem sameinaði þau þegar hún fór með Bubba suður með sjó og gerði innslag fyrir þáttinn Þjóðlíf ... „Við gerðum þar Ísbjarnarblús. Myndband, eitt hið fyrsta sinnar tegundar," segir Sigrún. Ekki er alveg ákveðið hvenær fyrsti þátturinn fer í loftið, einhver atriði eru ófrágengin en sem fyrst segir Sigrún. „Við áttum mjög góðan fund um daginn og ég held að sé álitamál hvort okkar hlakkar meira til. Hann hefur oft nefnt að hann vilji í útvarp en við höfum ekki trúað Bubba fyrr en nú að við áttuðum okkur á því að honum er alvara. Þetta er mikill fengur. Hann hefur svo miklu að miðla. Við erum mjög áhugasöm og spennt hér á útvarpinu."

jakob@frettabladid.is

BUBBI MORTHENS Hinn nýi útvarpsþáttur hans heitir Færibandið en þar tekur hann á ýmsum viðkvæmum málum, opnar fyrir símann og ræðir við hlustendur.

SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR Konungar eru alltaf dýrir en dagskrárstjórinn ætlar að Bubbi sé hverrar krónu virði.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gísli Marteinn Baldursson, virðulegur borgarfulltrúi, á það til að vera seinheppinn. Þannig er óvíst að Björgólfur Thor kunni honum miklar þakkir fyrir að rifja upp feril sinn sem skemmtistaðamógúll en Gísli nefnir Björgólf sem dæmi um duglegan mann sem hefur rekið skemmtistað og skapað líf í borginni: „Einn af eftirlætissonum þjóðarinnar Björgólfur Thor rak Tunglið með glæsibrag á sínum tíma..." skrifar Gísli í hvatningarstíl á blogg sitt. En þeir sem muna þessa tíma, á árunum upp úr 1990 telja sig nokkuð klára á því að rekstur Björgólfs og Skúla Mogensen, sem síðar átti eftir að gera garðinn frægan hjá Oz, hafi verið brösugur í meira lagi og endað í nauðasamningum við starfsfólk sem sumt hvert fékk ekki nema 20 prósent launa sinna.

Almenn ánægja ríkir með hið ágæta sjónvarpskvöld sem boðið var uppá á sunnudag eins og áhorfstölur sýna. Mörgum kom á óvart að Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri hjá RÚV, skyldi brjóta odd af oflæti sínu og hafa samband við Pálma Guðmundsson, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2, til að leysa það að Dagvaktin og Svartir englar voru á sama tíma á dagskrá. Þórhallur er ekki þekktur fyrir að vilja gefa eftir í nokkru máli. En Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sjónvarpsáhorfendur megi þakka Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra farsæla lendingu en hún mun hafa nefnt það við Pál Magnússon útvarpsstjóra að henni þætti þessi staða fáránleg. - jbg



LÁRÉTT
2. sælgæti, **6.** rún, **8.** sægur, **9.** gagn, **11.** slá, **12.** óhreint vatn, **14.** svall, **16.** mun, **17.** gaul, **18.** tál, **20.** hljóta, **21.** ríki.

LÓÐRÉTT
1. áfengisblanda, **3.** kringum, **4.** undirbúningsþróf, **5.** af, **7.** heimilistæki, **10.** tæki, **13.** háttur, **15.** flink, **16.** frostskemmd, **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** burð, **6.** úr, **8.** mor, **9.** nýt, **11.** rá, **12.** skólp, **14.** slark, **16.** ku, **17.** gól, **18.** agn, **20.** fá, **21.** land.

LÓÐRÉTT: **1.** þúns, **3.** um, **4.** forprófi, **5.** frá, **7.** rýksuga, **10.** tól, **13.** lag, **15.** klár, **16.** kal, **19.** nn.

Ræstingamálin á HREINT
Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana er bæði betri og ódýrari
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

„...fyrst á visir.is"
visir.is
...ég sá það á visir.is

Bryndís skrifar um árin eftir fimmtugt

„Í sól og skugga eru ævisögubrot með mannlífsmyndum af skemmtilegu fólki, bæði heima og erlendis," segir Bryndís Schram um væntanlega bók sína sem Forlagið mun gefa út um miðjan nóvember. Ævisaga Bryndísar, sem var gefin út 1988, var skrifuð af Ólínu Þorvarðardóttur og fjallaði um ævi Bryndísar fram að fimmtugu.

„Eftir að hafa verið leikkona, kennari og unnið í sjónvarpi hafði ég mikla þörf fyrir að halda áfram að tjá mig og fór að skrifa. Ég byrjaði á þessari bók þegar ég fluttist til Washington DC ásamt manninum mínum snemma árið 1998. Ég lauk henni svo í febrúar á þessu ári, en hún spannar miklu lengra tímabil," segir Bryndís sem kláraði að skrifa bókina í öðrum heimkynnum sínum, á Spáni.

„Það var gott að geta flogið í burt frá landinu sínu til Andalúsíu, þar sem andi Garcia Lorca svífur yfir vötnum, því það er stundum svolítið þröngt um mann hérna og mikið áreiti. Ég nýt þess að vera ein og skrifa og ég gat ekki lokið við bókina nema fá að vera alein með sjálfri mér," segir Bryndís sem fékk hugmyndina að nafni bókarinnar í Andalúsíu.

„Sol y zombra eru einkunnarorð Andalúsíu og þýðir sól og skuggi, en í lífinu skiptast á skin og skúrir og maður stendur ýmist í sólinni eða skugganum," segir Bryndís að lokum. -ag

Í SÓL OG SKUGGA Bók Bryndísar verður gefin út um miðjan nóvember og er lýsing á mannlífinu beggja vegna Atlantshafsins eins og það kom henni fyrir sjónir.

speedo

Nýkomnar vörur frá SPEEDO

Herraskýlur frá
frá 1.490 kr.
verð áður ~~3.990kr.~~

Stelpusundföt stærðir 116-176
frá 1.990 kr.
verð áður ~~3.990kr.~~

Dömusundföt
frá 2.990 kr.
verð áður ~~5.990kr.~~

Watershorts
frá 1.990 kr.
verð áður ~~4.990kr.~~

Faxafeni 10
11-18 Alla virka daga
11-18 Laugardaga
S: 534 4450

OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

Rakel T

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Svefnpokapláss kr. 1.500 nóttin

BAKÞANKAR
Ólafs Sindra Ólafssonar

Sparnaðarráð

Sumar stéttir blómstra á krepputímum. Sparnaðarráðgjafar eru ein þeirra. Smjör drýpur af hverju strái í húsakynnum þeirra þessa dagana þar sem prólarnir flykkjast að, ólmir í að fá að borga fyrir að meðtaka fagnaðarerindið um að eyða ekki um efni fram. Ég er aumingjagóður maður og þykir skemmtilegt að hjálpa lítilmagnanum. Þess vegna hef ég ákveðið að birta hér örfá vel valin hollráð úr væntanlegri bók minni, Sjálfshjálparbók handa blankri þjóð:

1. Þarftu að láta taka myndir af fjölskyldunni fyrir jólin? Það er óþarfi að borga stórfé fyrir myndatöku og prentun. Vertu vakandi fyrir fjöldasamkomum eða stórviðburðum og dragðu svo fjölskylduna á staðinn. Það er nokkurn veginn öruggt að þar verða staddir atvinnuljósmyndarar og hægur leikur er að troða sér framarlega og tryggja að fjölskyldan festist á mynd. Dagblöðin sjá svo um prentun og fjölföldun og það eina sem þú þarft að gera er að klippa myndirnar út og líma í ókeypis jólakortin sem þú varðst þér úti um með ráðum síðasta kafla [sjá bók].

2. Flækingskettir þurfa ekki að vera vandamál. Jafnvel á ketti af allra smæstu tegund finnst nægilegur matur í fínustu sunnudagssteik fyrir meðalfjölskyldu. Í kaupbæti fylgir ágætis feldur, sem kemur sér vel þegar þú fylgir ráðum 7. kafla [sjá bók] og lokar fyrir heita vatnið. Í þokkabót ertu að leggja þitt af mörkum til að stuðla að hreinni og fegurri borg.

3. Lífið snýst um fleira en að tóra. Jafnvel mestu sparnaðarforkólfar þurfa að gera sér dagamun endrum og eins. Sniðugt er að taka að sér fatlaðan einstakling í liðveislu. Þú ert ekki einvörðungu að fá ferðir á kaffihús og ýmsa viðburði fríar, heldur færðu borgað fyrir viðvikið að auki! Tilfinningin sem fylgir því að gera góðverk er svo algjör bónus og hana ásamt félagsskapnum er hægt að gera út á í ritstörfum (sjá kafla 13 - Bloggað til fjár).

EINS og sjá má úir og grúir af ómetanlegum sparnaðarráðum í þessari ómissandi bók minni. Ekki láta gírugu sparnaðarráðgjafana hafa af þér fé í staðinn fyrir kommon sens ráð sem allir geta sagt sér sjálfir. Pantaðu frekar Sjálfshjálparbók handa blankri þjóð. Ef þú forpantar strax í dag læt ég fylgja með bæklinginn Hvernig skal nýta sér örvæntingu fólks á krepputímum – algjörlega frítt!

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 25. september, 269. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.20	13.19	19.17
Akureyri	7.05	13.07	19.01

Heimild: Almanak Háskólans